



Sjálfsmat Breiðagerðisskóla

Skýrsla

Nóvember 2008

Guðbjörg Þórisdóttir
Guðlaug Ólafsdóttir
Guðrún H. Ingimundardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Stefna Breiðagerðisskóla	6
1.1 Markmið og tilgangur matsins.....	8
1.2 Sjálfsmatsaðferð skólans	8
1.3 Matsspurningar	10
Skólastarf	12
2.1 Nám og kennsla	12
2.1.1 Nám og kennsla	12
2.1.1.1 Markmið	12
2.1.1.2 Hvernig eru markmiðin uppfyllt	12
2.1.1.3 Mat	13
2.1.1.4 Aðgerðir til umbóta	14
2.1.2 Skimanir og árangur í samræmdum prófum	14
2.1.2.1 Markmið	15
2.1.2.2 Hvernig eru markmiðin uppfyllt	15
2.1.2.3 Mat	15
2.1.2.4 Aðgerðir til umbóta	19
2.1.3 Markmið og áætlanir	19
2.1.3.1 Markmið	20
2.1.3.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	20
2.1.3.3 Mat	21
2.1.3.4 Aðgerðir til umbóta	21
2.1.4 Skólanámskrá	22
2.1.4.1 Markmið	22
2.1.4.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	23
2.1.4.3 Mat	23
2.1.4.4 Aðgerðir til umbóta	24
2.1.5 Skipulag skólastarfs	24
2.1.5.1 Markmið	25
2.1.5.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	25
2.1.5.3 Mat	27

2.1.5.4 Aðgerðir til umbóta	27
2.2 Nemendur og líðan	28
2.2.1 Nemendur og líðan	28
2.2.1.1 Markmið	29
2.2.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	29
2.2.1.3 Mat	32
2.2.1.4 Aðgerðir til umbóta	35
2.3 Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun	36
2.3.1 Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun	36
2.3.1.1 Markmið	37
2.3.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	37
2.3.1.3 Mat	39
2.3.1.4 Aðgerðir til úrbóta	41
2.3.2 Samskipti við nemendur og foreldra	41
2.3.2.1 Markmið	42
2.3.2.2 Hvernig eru markmiðin uppfyllt	42
2.3.2.3 Mat	43
2.3.2.4 Aðgerðir til umbóta	46
3 Verklag	48
3.1 Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttir kennsluhættir	48
3.1.2 Markmið	49
3.1.3 Hvernig eru markmið uppfyllt	49
3.1.4 Mat	55
3.1.5 Aðgerðir til umbóta	57
3.2 Námsmat	58
3.2.2 Markmið	59
3.2.3 Hvernig eru markmið uppfyllt	59
3.2.4 Mat	60
3.2.5 Aðgerðir til úrbóta	61
3.3 Sérkennsla	61
3.3.1 Markmið	62
3.3.2 Hvernig eru markmið uppfyllt.	63
3.3.3 Mat	70
3.3.4 Aðgerðir til umbóta	72

3.4 Skólaþróun og mat	73
3.4.1 Markmið	74
3.4.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	74
3.4.3 Mat	75
3.4.4 Aðgerðir til umbóta	76
3.5 Heimasíða	77
3.5.1 Markmið	77
3.5.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	77
3.5.3 Mat	78
3.5.4 Aðgerðir til umbóta	78
3.6 Sérstaða skólans	78
3.6.1 Markmið	78
3.6.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	79
3.6.3 Mat	79
3.6.4 Aðgerðir til umbóta	79
4 Mannauður	80
4.1 Mannauður	80
4.1.1 Markmið	80
4.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	80
4.1.3 Mat	81
4.1.4 Aðgerðir til umbóta	81
4.2 Samstarf.....	82
4.2.1 Markmið	82
4.2.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	82
4.2.3 Mat	82
4.2.4 Aðgerðir til umbóta	83
4.3 Starfsmenn og líðan.....	84
4.3.1 Markmið	84
4.3.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	84
4.3.3 Mat	84
4.4 Símenntun	85
4.4.1 Markmið	85
4.4.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	85
4.4.3 Mat	88

4.4.4 Aðgerðir til umbóta	89
4.5 Starfsandi.....	89
4.5.1 Markmið	89
4.5.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	89
4.5.3 Mat	90
4.5.4 Aðgerðir til umbóta	90
4.6 Stjórnun og skipulag	91
4.6.1 Markmið	91
4.6.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	91
4.6.3 Mat	91
4.6.4 Aðgerðir til umbóta	94
5. Fjármál.....	96
5.1 Fjármál.....	96
5.1.1 Markmið	96
5.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt	96
5.1.3 Mat	96
5.1.4 Aðgerðir til umbóta	96
6 Umræða og greining á stöðu skólans.....	97
6.1 Sterkir og veikir þættir í skólastarfinu	97
7 Umbótaáætlun	101

INNGANGUR

Breiðagerðisskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-7. bekk í Bústaðahverfi í Reykjavík. Það eru 337 nemendur í skólanum skólaárið 2008- 2009. Starfsmenn eru 49 þar af 33 kennarar. Skólastjóri er Guðbjörg Þórisdóttir og aðstoðarskólustjóri Guðrún H. Ingimundardóttir. Breiðagerðisskóli var stofnaður 1956. Hann er í fallegu grónu hverfi í göngufæri við Elliðaárdal. Í skólanum er góður hátíðarsalur, sundlaug, íþróttasalur og stór skólalóð. List- og verkgreinakennsla skipar hún stóran sess í starfi skólans. Lögð er áhersla á að hafa verk nemenda sýnileg. Nemendur eru þjálfaðir í að taka þátt í almennum söng, leiktúlkun og ýmiss konar skapandi starfi. Rík hefð er í skólanum fyrir þátttöku foreldra í ýmiss konar skemmtanahaldi svo sem jólaskemmtunum, þorablóti og árgangaskemmtunum. Skólinn býr að mikilli reynslu og sérþekkingu af vinnu með nemendum sem þurfa sérstakan stuðning í námi og leik, sem nýtist við útfærslu á stefnu Reykjavíkurborgar. Í skólanum er starfsmönnum af erlendum uppruna boðið upp á íslenskukennslu.

1 STEFNA BREIÐAGERÐISSKÓLA

Skólanámskrá Breiðagerðisskóla er í stöðugri endurskoðun og er stefna skólans hluti af því ferli. Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2006) segir að í skólanámskrá eigi stefna skólans að birtast og þar er að finna þau gildi sem skólanámskráin grundvallast á. Samfélagið er í örri breytingu og skólinn breytist með breyttu samfélagi. Breiðagerðisskóli leitar leiða til að útfæra stefnu Reykjavíkurborgar og kemur það fram í stefnu skólans. Í stefnu Reykjavíkurborgar segir að starfshættir í grunnskólum borgarinnar skulu vera opnir og sveigjanlegir og nemendur skuli vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra með stuðningi upplýsinga- og samskiptatækni. Fjölbreytt vinnubrögð, frumkvæði og þekkingarleit eiga að einkenna starfið. Í málefnum barna af erlendum uppruna kemur fram að það sé sameiginlegt leiðarljós að reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum á fyrstu tveimur skólastigunum byggir á fimm meginstoðum:

- Einstaklingsmiðuðu námi og samvinnu nemenda.
- Skóla án aðgreiningar.
- Jákvæðri sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga.
- Nánnum tengslum skóla og grenndarsamfélags.
- Sjálfstæði skóla - jafnræði í umgjörð.

Í Breiðagerðisskóla er lítið á hvern árgang sem eina heild. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika á að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna samkenndu þar sem það á við. Þannig nýtist styrkur og hæfni starfsfólks nemendum. Nemendum árgangsins er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfar nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Þannig læra nemendur að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hæfari til að lifa og starfa í lýðræðis þjóðfélagi. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans

Í Breiðagerðisskóla byggist kennslufræðilegur grunnur á einstaklingsmiðuðu námi. Með einstaklingsmiðuðu námi er gengið út frá að einstaklingar séu mismunandi og hæfileikar þeirra liggja á mismunandi sviðum. Skólinn þarf því að skipuleggja nám barnanna út frá því. Heppilegasta leiðin til að koma á mótis við ólíkar þarfir nemenda okkar teljum við fjölbreyttar kennsluáðferðir þar sem einstaklingarnir geta fengið að njóta sín, nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefnin eftir fjölbreyttum leiðum og læra hver af öðrum. Lögð er áhersla á skapandi vinnu og aukið vægi list- og verkgreina í náminu. Breiðagerðisskóli nálgast einstaklingsmiðað nám á þann hátt að allir nemendur fara í gegnum ákveðna grunnþætti í námsefninu. Nemendur geta tileinkað sér námsefnið á mismunandi hraða og eftir mismunandi leiðum. Það mótast af getu og áhuga nemenda. Fjölbreyttar kennsluáðferðir koma til móts við nemendur. Nemendur tileinka sér námsefnið eftir mismunandi leiðum þannig að sterkar hliðar nemenda nýtist. Lögð er áhersla á að nemendur læri hver af öðrum í gegnum viðfangsefnin og sjálftæði nemenda í vinnubrögðum eflist. Kennsluáðferðir sem sérstaklega verður lögð áhersla á er söguáðferð, samvinnunám, hringekjuform og valsvæði. Umhverfið er nýtt til kennslu og því er lögð áhersla á útikennslu á yngsta stigi, vettvangsferðir allra nemenda og verkefni tengd Elliðarárdal fyrir alla árganga á vorin. Breiðagerðisskóli leggur áherslu á að eiga gott samstarf við heimili nemenda og á gagnkvæma upplýsingamiðlun. Skólasamfélagið samanstendur af starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum. Allt þetta fólk mótast andrúmsloftið sem ríkir í skólanum. Í Breiðagerðisskóla leggjum við áherslu á vellíðan allra. Við höfum því komið okkur saman um að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi í öllu okkar starfi:

- Við virðum skoðanir annarra.
- Við sýnum hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi.
- Við metum einstaklinginn og berum virðingu fyrir ólíkum einstaklingum.

- Við leysum ágreiningsmál friðsamlega.
- Við komum heiðarlega fram.
- Við tölum saman þegar okkur greinir á.

Í Breiðagerðisskóla er lögð áhersla á að vinna með nemendum að góðum og jákvæðum samskiptum. Þegar upp koma ágreiningsmál er nemendum kennt að leysa þau friðsamlega og á jákvæðan hátt, taka tillit til annarra og skilja að engir tveir einstaklingar eru eins.

Til að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsælega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum. Litið verði á ágreining sem upp kann að koma í skólasamfélaginu sem uppsprettu samræðna og virðing fyrir skoðunum annarra höfð að leiðarljósi. Við lausn ágreinings koma oftast en ekki upp nýjar hliðar á málum og er mikilvægt að við lítum á ágreininginn sem slíkan. Ýmsar leiðir eru færar til að þjálfa nemendur en farsælast teljum við að starfið í skólanum bjóði upp á það mikla samvinnu nemenda að þau þjálfist í þessum þætti í gegnum raunveruleg viðfangsefni. Því til viðbótar og sem nauðsynlegur hluti af því ferli er stuðst við sérstakt námsefni sem stuðlar að samskiptafærni nemenda. Það námsefni er notað í lífsleiknitímum. Í Breiðagerðisskóla líðum við ekki einelti. Við vinnum eftir eineltisáætlun Olweusar og er það í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar. Við í Breiðagerðisskóla leggjum áherslu á að allir sem í skólanum starfa, jafnt börn sem fullorðnir fái notið sín í leik og starfi.

1.1 Markmið og tilgangur matsins

Meginmarkmið sjálfsmats skólans er að skoða ákveðna þætti skólastarfsins skipulega.

Sjálfsmat er leið til að vinna að umbótum á skólastarfinu á markvissan hátt. Breiðagerðisskóli metur innra starf skólans á grundvelli 35.og 36. gr Grunnskólalaga nr.91/2008 og

Aðalnámskrá grunnskóla 2006 og stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkur 2008.

Sjálfsmatið byggir virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Skólinn birtir opinberlega upplýsingar um innra mat.

1.2 Sjálfsmatsaðferð skólans

Við sjálfsmatið í Breiðagerðisskóla er stuðst við, Grunnskólalög (91/2008) Aðalnámskrá

Grunnskóla (2006), skólanámskrá Breiðagerðisskóla, stefnu skólans, stefnu

Reykjavíkurborgar í menntamálum frá 2008, matstæki um einstaklingsmiðað nám,

niðurstöður kannana og prófa frá 2006-2008. Sjálfsmatsaðferð skólans eru bæði formleg og

óformleg. Þær formlegu felast í að skoða og skilgreina öll gögn sem lúta að skólastarfinu og

bera niðurstöður saman við stefnu skólans, lög og reglugerðir. Þær óformlegu felast í

umræðum um afmörkuð verkefni sem rædd eru á kennarafundum, stigsfundum og árgangafundum, foreldraráðsfundum og starfsmannafundum og vegin þar og metin. Skólasamfélagið samanstendur af nemendum, starfsfólki og foreldrum og koma allir þessir aðilar að sjálfsmatinu.

Kannanir hafa verið lagðar fyrir starfsfólk reglulega og hafa niðurstöður verið kynntar starfsfólki. Í kjölfarið hafa verið ræddar leiðir til að bæta það sem ekki hefur komið nógu vel út og má því segja að matið sé samstarfsmiðað. Skólinn og Menntasvið Reykjavíkur leggja reglulega fyrir kannanir um viðhorf foreldra til ýmissa þátta skólastarfsins. Þær niðurstöður hafa verið bornar saman milli ára og milli skóla í borginni.

Kannanir um líðan nemenda í skólanum hafa verið lagðar fyrir nemendur bæði af skólanum og Menntasviði. Niðurstöður þeirra hafa verið bornar saman milli ára, við stefnu skólans um líðan nemenda og niðurstöður úr borginni. Kennurum hafa verið kynntar niðurstöður og farið yfir þá þætti þar sem skólinn hefur ekki komið nógu vel út. Ræddar voru leiðir til úrbóta og þar hefur sjálfsmatið leitt til umbóta og er því umbótamiðað.

Niðurstöður úr lestrar-og stærðfræðigreiningum ásamt niðurstöðum samræmdra prófa hafa verið skoðaðar og ræddar á kennarafundum og í smærri hópum. Í kjölfar þess var ákveðið að leggjast á eitt við að bæta árangur í lestri og er sú vinna hafin. Þar hefur greining á niðurstöðum kannanna leitt til betri árangurs í námi og er því árangursmiðað. Eftirfarandi gögn eru notuð sem viðmið við matið:

- Lög og reglugerðir
- Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2006-2008
- Sérkennslustefna Reykjavíkurborgar 2003
- Stefna skólans
- Matstæki um einstaklingsmiðað nám
- Mat á skólanámskrá skólans – Foreldraráð Breiðagerðisskóla 2007
- Samningur um þróunarverkefni um breytingar á viðmiðunarstundaskrá

Þau gögn og kannanir sem liggja til grundvallar greiningu á stöðu skólans eru:

- Nemendakönnun Kanni í 4. og 7.bekk í febrúar 2006
- Nemendakönnun skólans í 4.og 7. bekk á vorönn 2008
- Líðan nemenda í grunnskólum Reykjavíkur-miðstig apríl 2006
- Hagir og líðan barna í Reykjavík 2007
- Niðurstöður eineltiskannanna 2005, 2007

- Foreldrakönnun Kanni 4.og 7.bekk í febrúar2006
- Foreldrakönnun skólans ávorönn 2008
- Viðhorf forráðamann nemenda í Grunnskólum Reykjavíkur september 2006
- Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum 2008
- Vinnustaðgreinin Gallup mars - apríl 2007. Niðurstöður settar á þrjá kvarða aðgerðarbil 1-3,69, starfshæft bil 3,70-4,19 og styrkleikabili 4,20-5
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008
- Niðurstöður lesskimunar í 2.bekk vor 2006, 2007 og 2008
- Niðurstöður úr Talnalykli 2006 og 2007
- Niðurstöður úr samræmdum prófum í 4.og 7.bekk 2006 og 2007

Gerð hefur verið sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2008-2009 og verða eftirfarandi kannanir og próf lögð fyrir. Niðurstöður þeirra verða notaðar við áframhaldandi sjálfsmat skólans.

- Lesskilningspróf í 3.-7 bekk í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði lagt fyrir haust 2008 og í desember 2008.
- Samræmd könnunarpróf 4. og 7. bekk í október 2008
- Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6. og 7. bekk í október 2008 og apríl 2009
- Lesskimun lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk vor 2009
- Lestrarpróf lögð fyrir alla nemendur skólans vor 2009 og haust 2009
- Talnalykill lagður fyrir nemendur í 3. bekk haust 2008
- Mat á skólanámskrá skólans –þjónustumiðstöð Háaleitis og Laugardals og skólaráð Breiðagerðisskóla vor 2009
- Mat á þróunarverkefnum vor 2009
- Viðhorfskönnun meðal kennara til stefnu skólans vor 2009
- Könnun á þeim leiðum sem kennara fara til að stefna skólans nái fram að ganga vor 2009
- Matstæki um einstaklingmiðað nám notað til að skoða stöðu skólans í einstaklingsmiðuðu námi vor 2009

1.3 Matsspurningar

Þar sem skólasamfélagið samanstendur af nemendum, foreldrum og starfsfólki viljum við hafa það að leiðarljósi að matsspurningarnar nái til allra þessara aðila.

1. **Eru foreldrar vel upplýstir um skólastarfið, eru þeir ánægðir með nám barna sinna ?**

2. Líður nemendum vel í skólanum og telja þeir námið við sitt hæfi ?
3. Líður starfsfólki vel í Breiðagerðisskóla, er það ánægt með stefnu skólans og upplýsingastreymi til sín?
4. Er skólanum vel stjórnað að mati starfsmanna og foreldra og eru fagleg vinnubrögð viðhöfð?

2 SKÓLASTARF

Í þessum kafla verður fjallað um skólastarfið í Breiðagerðisskóla. Fjallað verður um nám og líðan nemenda í skólanum, skipulag skólastarfsins, skólanámskrána, samskipti við foreldra og nemendur. Einnig kemur hér fram hvernig námsmati er háttað í skólanum.

2.1 Nám og kennsla

2.1.1 Nám og kennsla

Í Breiðagerðisskóla byggist kennslufræðilegur grunnur á einstaklingsmiðuðu námi. Með einstaklingsmiðuðu námi er gengið út frá að einstaklingar séu mismunandi og hæfileikar þeirra liggi á mismunandi sviðum. Skólinn þarf því að skipuleggja nám barnanna út frá því. Í Aðalnámskrá grunnskóla, Almennum hluta (2006) stendur að eitt grundvallarviðmið í skólastarfi sé jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Tækifærin skulu vera sambærileg og jafngild. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda er því að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins. Í stefnu Reykjavíkurborgar stendur að skólar borgarinnar skuli vinna að einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar.

2.1.1.1 Markmið

Meginmarkmið í skólastarfinu er :

- að koma á móts við hvern og einn nemenda þannig að allir nemendur skólans takist á við verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska
- að nemendur taki framförum í námi og starfi og líði vel í skólanum
- að nemendur læri að takast á við ágreiningsmál og leysa þau á friðsaman hátt
- að nemendur geti tekið þátt í samvinnu
- að nemendur fái tækifæri til að takast á við skapandi viðfangsefni
- að nemendur fái tækifæri til að vinna saman að lausn viðfangsefna
- að námsamt skólans sé lýsandi og veiti nemendum og foreldrum góðar upplýsingar um stöðu í námi ásamt því að örva og hvetja nemandann

2.1.1.2 Hvernig eru markmiðin uppfyllt

Heppilegasta leiðin til að koma á móts við ólíkar þarfir nemenda okkar teljum við fjölbreyttar kennsluáðferðir þar sem einstaklingarnir geta fengið að njóta sín, nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefnin eftir fjölbreyttum leiðum og læra hver af öðrum. Lögð er áhersla á

skapandi vinnu og rík áhersla lögð á í list- og verkgreinar í náminu. Breiðagerðisskóli nálgast einstaklingsmiðað nám á þann hátt að allir nemendur fara í gegnum ákveðna grunnþætti í námsefninu. Nemendur geta tileinkað sér námsefnið á mismunandi hraða og eftir mismunandi leiðum. Það mótast af getu og áhuga nemenda. Fjölbreyttar kennsluáðferðir koma til móts við nemendur, þannig að sterkar hliðar nemenda nýtist. Lögð er áhersla á að nemendur læri hver af öðrum í gegnum viðfangsefnin og sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum eflist.

Kennsluáðferðir sem sérstaklega verður lögð áhersla á er söguaðferð, samvinnunám, hringekjuform og valsvæði. Umhverfið er nýtt til kennslu og því er lögð áhersla á útikennslu á yngsta stigi, vettvangsferðir allra nemenda og verkefni tengd Elliðarárdal fyrir alla árganga á vorin.

2.1.1.3 Mat

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar á viðhorfi foreldra í september 2006 kemur fram að 67,2% foreldra telja að námslegar kröfur til barnsins séu hæfilegar, 4,5% telja kröfurnar of miklar og 28,45% telja kröfurnar of litlar

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar á viðhorfi foreldra til skólastarfs í grunnskólum í ágúst 2008 kemur fram 78,7% foreldra telja að námslegar kröfur til barnsins séu hæfilegar, 13,1% telja kröfur of litlar og 8,2% telja að kröfur séu of miklar. Samanborið við almenna skóla í Reykjavík árið 2008 finnst fleiri foreldrum í Breiðagerðisskóla að námslegar kröfur séu hæfilegar og er það breyting frá fyrri könnun þar sem við erum aðeins yfir meðaltali í Reykjavík.

Fleiri foreldrar telja námslegar kröfu hæfilegar árið 2008 en árið 2006. Að sama skapi eru færri sem telja kröfur of litlar.

Í Kanna könnun skólans á viðhorfi foreldra í 4.og 7.bekk í janúar 2006 kemur fram að 91,9 % foreldra eru sammála eða frekar sammála um að skólinn hvetji barnið til að skila góðum námsárangri. 8,1% foreldra eru frekar ósammála eða ósammála.

Í viðhorfskönnun skólans til foreldra í 4. og 7. bekkí febrúar 2008 kemur fram að 77,8% foreldra eru sammála eða frekar sammála um að skólinn hvetji barnið til að skila góðum námsárangri. 15,9% foreldra eru hvorki sammála né ósammála og 6,3% eru frekar ósammála eða ósammála. Valmöguleikar í könnuninni 2008 eru fleiri og er því erfiðara að bera niðurstöður saman. Þó má sjá að fleiri telja skólann hvetja barn sitt til góðs námsárangurs árið 2006 um leið eru færri ósammála árið 2008. Vert er að skoða svör í þessum foreldrakönnunum, því þarna gætir aðeins ósamræmis. Í könnuninni 2006 finnst yfir 90 % foreldra skólinn hvetja börn sín til árangurs í námi um leið og tæplega 70% foreldra telja

námskröfur hæfilegar í skólanum. Meira samræmis gætir í svörum í könnuninni 2008 en þar eru tæplega 80% foreldra sem finnst kröfurnar hæfilegar og að skólinn hvetji barnið til að skila góðum námsárangri.

Námið og kennslan í skólanum eru metin formlega og órfomlega. Nám nemenda er metið jafnt og þétt fyrir námstímann og nemendur fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um stöðu sína og framvindu námsins. Auk þess sem sérstakir fundir með foreldrum, nemendum og kennara eru um námsframvindu einstaks nemenda. Kennslan og kennsluhættir eru ræddir og metnir á samstarfsundum kennara. Rætt erum gengi afmarkaðra þátta skólastarfsins og teknar ákvaðanir um aðgerðir. Sem dæmi um slíkt eru að skólaárið 2008-2009 eru í gangi tvo þróunarverkefni sem ná til allra kennara um lestur, lesskilning og orðaforða.

2.1.1.4 Aðgerðir til umbóta

Skólaárið 2008-2009 er unnið að tveimur þróunarverkefnum um lestur, lesskilning og orðaforða. Á síðasta skólaári var námskeið í skólanum fyrir alla kennara um námsmat. Haustið 2008 voru tekin saman þau atriði sem kennarar komu sér saman um að þyrfti að breyta í námsmati skólans og er þegar farið að vinna eftir því. Þar er meðal annars að finna sjálfsmat nemenda sem á að gera nemendur meðvitaðri um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Fyrirhuguð er frekari vinna á vorönn 2009 við gerð matskvarða en markmiðið með þeim er að gera nemendur meðvitaðri um markmið námsins og stöðu sína í námi. Áfram er unnið að þróun útikennslu í skólanum og að þróun fjölbreyttra kennsluhátta svo sem hringekjur á yngsta stigi.

Verið er að vinna upp heildstæða áætlun í lífsleikni fyrir allan skólann þetta skólaárið sem kemur til framkvæmda skólaárið 2008-2009.

2.1.2 Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Þær skimanir og próf sem stuðst er við í skólanum og lagt er fyrir alla nemendur í eftirfarandi árgöngum eru :

- Lesskimun í 1. og 2.bekk
- Talnalykill í 3.bekk
- Samræmd próf í 4.og 7.bekk
- Skimunarpróf talkennara í 1.bekk
- Tove Krogh sem kannar mál- og talnaskilning í 1. bekk
- Boehm prófið sem kannar hugtakaskilning í 1.bekk

- Framfarastuðull samræmdra prófa sem gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því að árgangurinn þreytti samræmd próf fyrir á námsferlinum.

2.1.2.1 Markmið

Meginmarkmið skólans er :

- að nemendur nái eins góðum árangri á samræmdum prófum og þeir hafa forsendur til
- að finna með skimunarprófunum þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð og frekari greiningu
- að skipuleggja frekara nám út frá sterkum hliðum nemenda út frá niðurstöðum skimunarprófa
- að fylgjast með framvindu náms í árgöngunum

2.1.2.2 Hvernig eru markmiðin uppfyllt

Prófin eru lögð fyrir á hverju ári. Í kjölfarið er unnið markvisst með niðurstöður skimunarprófanna og niðurstöður samræmdra prófa. Niðurstöðurnar eru kynntar kennurum og fjallað um þær á fundum, bæði það sem vel gegnur og um leiðir til úrbóta. Kennarar viðkomandi árganga nota niðurstöður til að skipuleggja frekara nám. Fyrir þá nemendur sem þurfa sértæka aðstoð er gerð einstaklingsnámskrá sem byggir að hluta á niðurstöðum þessara skimana og prófa. Þegar farið er yfir Tove-Krogh, Böhem og málþroskapróf talkennara eru teymisfundir þar sem kennarar árgangsins ásamt sálfræðingi skólans, hjúkrunarfræðingi, talkennara og deildarstjóra sérkennslu fara yfir niðurstöðurnar. Á þessum fundum er skipulögð aðstoð fyrir þá nemendur sem þurfa séstakan stuðning og nánari greiningu. Gerð er greinagerð um frammistöðu allra nemenda í árganginum.

2.1.2.3 Mat

Niðurstöður úr Læsi

Vorið 2006 var Læsi lagt fyrir 43 nemendur í 2. bekk. Alls gátu 28 af 43 nemendum lesið sér til gagns eða 65% nemenda. Sjö nemendur ná árangri á bilinu 50-64%, þessum nemendum þarf að fylgjast mjög vel með en þeir eru væntanlega að ná tókum á lestrinum. Átta nemendur ná 50% árangri eða þar fyrir neðan. Þessi hópur þarfnast einstaklingsáætlunar og stuðning í lestri. Meðaltalsárangur þetta ár var 74%. Þá var meðaltalsárangur í Reykjavík 70%.

Vorið 2007 var Læsi lagt fyrir 34 nemendur í 2. bekk. Alls geta 22 af 34 nemendum lesið sér til gagns eða 65% nemenda. Fjórir nemendur ná árangri á bilinu 50-64%, þessum nemendum þarf að fylgjast mjög vel með en þeir eru væntanlega að ná tókum á lestrinum. Sjö nemendur ná 50% árangri eða þar fyrir neðan. Þessi hópur þarfnast einstaklingsáætlunar og stuðnings í lestri. Þetta ár er skólinn með jafngóðan árangur og meðaltalsárangur og skólar í borginni. Í þessari könnun kom fram að viðhorf nemenda í Breiðdagerðisskóla til lesturs eru marktækt jákvæðari en viðhorf nemenda almennt í grunnskólum borgarinnar. Nemendur hafa jákvæðara viðhorf til að láta lesa fyrir sig, gera lestrarverkefni og lesa teiknimyndasögur en jafnaldrar þeirra í Reykjavík. Meðaltalsárangur þetta ár var 71% eins og í Reykjavík.

Vorið 2008 var Læsi lagt fyrir 48 nemendur í 2. bekk. Alls geta 32 af 48 nemendum lesið sér til gagns eða tæp 67% nemenda. Þetta er ívið hærra hlutfall en árið 2007 en þá gátu 65% nemenda lesið sér til gagns. Samanborðið við Reykjavík er þetta aðeins lægra hlutfall en árangur í Reykjavík árið 2008 var 72%. Átta nemendur ná árangri á bilinu 50-64%, þessum nemendum þarf að fylgjast vel með en þeir eru væntanlega við það að ná tókum á lestrinum. Átta nemendur ná 50% árangri eða þar fyrir neðan. Þessi hópur þarf einstaklingsáætlun og stuðning í lestri. Meðalárangur nemenda þetta ár var 71% en 72% í Reykjavík.

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar er árangur Breiðagerðisskóla svipaður milli ára en árangur vorið 2008 er ögn betri en þá gátu 67% nemenda lesið sér til gagns. Árin 2006 og 2007 voru það 65% nemenda sem gátu lesið sér til gagns. Miðað við árangur í Reykjavík var Breiðagerðisskóli með hærri meðaltalsárangur í Læsi en almennt í Reykjavík á árunum 2003-2006. Árið 2007 er meðaltalsárangur skólans jafn annarra skóla í borginni og 2008 erum við lægri þrátt fyrir að fleiri lesi sér til gagns af nemendahópnum.

Niðurstöður úr Talnalykli.

Haustið 2006 var Talnalykill lagður fyrir 50 nemendur í 3. bekk. Talnalykill er ætlað að finna nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi eða sérkennslu að halda í stærðfræði. Prófinu er skipt upp í þrjú þrep. Allir nemendur fóru í gegnum fyrsta þrep. Yfir á annað þrep fóru 22 nemendur og af þeim fóru átta nemendur yfir á þriðja þrep. Nemendur í Breiðagerðisskóla komu út meðmarktækt slakari árangur en nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar á þrepi eitt. Samanborið við árangur þessara nemenda á samræmdum prófum í stærðfræði haustið 2007 hefur góður árangur náðst því á samræmdum prófum voru nemendur með heildareinkunn 7,3 á meðan heildareinkunn í Reykjavík var 6,7.

Haustið 2007 var Talnalykill lagður fyrir 32 nemendur í 3. bekk. Allir nemendur fóru í gegnum fyrsta þrep. Yfir á annað þrep fóru átta nemendur og af þeim fóru tveir nemendur yfir á þriðja þrep. Nemendur í Breiðagerðisskóla komu út með nánast sama árangur á þrepi eitt og skólarnir í Reykjavík.

Niðurstöður úr samræmdu prófum

Samræmd próf - 2006

4. bekkur stærðfræði

	Reikningur og aðgerðir	Rúmfræði og mælingar	Tölur og talnaskilningur	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	7,4	7,4	7,1	7,3
Landsmeðaltal	6,7	6,7	6,6	6,7

Meðaleinkunn Reykjavíkur 6,7

Meðaleinkunn Breiðagerðisskóla 7,3

7. bekkur stærðfræði

	Reikningur og aðgerðir	Rúmfræði og mælingar	Tölur og talnaskilningur	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	7,8	7,8	8,1	7,9
Landsmeðaltal	7,4	7,0	7,7	7,3

Meðaleinkunn Reykjavíkur 7,4

Meðaleinkunn Breiðagerðisskóla 7,9

4. bekkur íslenska

	Stafsetning	Lesskilningur/hlustun	Málfræði/málnotkun	Ritun	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	6,8	7,7	6,1	5,9	7,0
Landsmeðaltal	6,2	7,4	5,8	5,5	6,7

Meðaleinkunn í Reykjavíkur 6,8

Meðaleinkunn í Breiðagerðisskóla 7,0

7. bekkur íslenska

	Stafsetning	Lesskilningur/hlustun	Málfræði/málnotkun	Ritun	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	8,0	7,0	6,7	6,5	7,0
Landsmeðaltal	7,8	6,8	6,8	6,4	7,0

Meðaleinkunn í Reykjavíkur 7,0

Meðaleinkunn í Breiðagerðisskóla 7,0

Samræmd próf - 2007

4. bekkur stærðfræði

	Reikningur og aðgerðir	Rúmfræði og mælingar	Tölfræði	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	7,6	7,0	6,3	7,2
Landsmeðaltal	7,2	6,3	6,2	6,8

Meðaleinkunn Reykjavíkur 6,8

Meðaleinkunn Breiðagerðisskóla 7,2

7. bekkur stærðfræði

	Reikningur og aðgerðir	Rúmfræði og mælingar	Tölur og talnaskilningur	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	8,5	7,4	7,4	8,0
Landsmeðaltal	7,4	6,1	6,9	7,0

Meðaleinkunn Reykjavíkur 7,1

Meðaleinkunn Breiðagerðisskóla 8,0

4. bekkur íslenska

	Stafsetning	Lesskilningur/hlustun	Málfræði/málnotkun	Ritun	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	6,8	7,2	6,6	6,6	6,9
Landsmeðaltal	5,5	6,6	6,0	6,1	6,2

Meðaleinkunn í Reykjavíkur 6,2

Meðaleinkunn í Breiðagerðisskóla 6,9

7. bekkur íslenska

	Stafsetning	Lesskilningur/hlustun	Málfræði/málnotkun	Ritun	Heildareinkunn
Breiðagerðisskóli	7,5	7,4	7,4	7,6	7,6
Landsmeðaltal	7,0	7,1	7,0	6,9	7,0

Meðaleinkunn í Reykjavíkur 7,1

Meðaleinkunn í Breiðagerðisskóla 7,6

Framfarastuðullinn sýnir að um venjulegar framfarir nemenda er að ræða.

Síðastliðin þrjú ár hefur Breiðagerðisskóli verið með hærri meðaleinkunn en landsmeðaltal og meðaltal í Reykjavík. Þetta er árangur sem skólinn hefur áhuga á að halda í. Við viljum þakka þennan árangur aukinni áherslu í skólanum á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og aðlaga námsefni að þörfum þeirra og aukinni sérhæfingu kennara sérstaklega í íslensku og stærðfræði.

2.1.2.4 Aðgerðir til umbóta

Haustið 2007 var unnin umbótaáætlun fyrir skólastarfið næstu ár. Stjórnendur tóku saman helstu niðurstöður úr könnunum og skimunarprófum sem snúa að námi og kennslu. Niðurstöðurnar voru kynntar kennurum og kennarar unnu saman í hópum að tillögum til úrbóta á þeim þáttum sem þóttu mest aðkallandi. Það sem var unnið í kjölfarið á þessum fundum var eftirfarandi:

1. Skólinn hafði verið hærri en skólar í Reykjavík í Læsi en það var að breytast. Kennarar vildu taka á þessum þætti og ákveðið var að fara af stað með lestrarátak á yngra stigi og meðal annars settir upp áberandi fánar fyrir hverja lesna bók. Á miðstigi var einnig lestrarátak í kringum stóru upplestrarkeppnina. Í kjölfarið var svo sótt um styrk frá Menntamálaráðuneytinu til að fá meiri fræðslu um lestur og lestrarkennslu við skólann. Veturinn 2008-2009 taka allir kennarar þátt í þróunarverkefnum um læsi, orð af orði í þriðja til sjöunda bekk og byrjendalæsi í fysta og öðrum bekk. Markmiðið var að efla lestur og leskilning í skólanum.

2. Stutt kynning á kennsluáferðum sem reynst hafa vel í stærðfræði fyrir fjölbreyttan hóp nemenda.

3. Námskeið um námsmat var í skólanum á vorönn. Þar unnu kennarar matskvarða m.a. í ritun en skólinn hafði í mörg ár komið illa út úr ritunarþætti á samræmdum prófum. Þar voru einnig unnir matskvarðar í stærðfræði á miðstigi. Markmiðið með notkun matskvarða var að gera nemendur meðvitaðri um þá námsþætti sem verið er að vinna með og um leið sjálfstæðari og ábyrgari fyrir námi sínu.

2.1.3 Markmið og áætlanir

Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2006) leggur áherslu á að skýr markmið séu grundvallarþáttur skólastarfs. Markmiðin eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og forsenda áætlanagerðar um nám og kennslu. Þau stýra kennslunni og námsmatinu og eru grundvöllur mats á gæðum skólastarfs. Skólanámskrá Breiðagerðisskóla er unnin út frá þessum markmiðum og er í stöðugri endurskoðun.

2.1.3.1 Markmið

Markmiðin með áætlanagerð skólans eru:

- að veita foreldrum/forráðamönnum sem gleggstar upplýsingar um skólann og skólastarfið
- að veita foreldrum/forráðamönnum upplýsingar um námsmarkmið, leiðir að námsmarkmiðum og námsmat
- að veita starfsfólki skólans tækifæri til að áhrif á stefnumótun og áætlanagerð
- að vera umræðugrundvöllur fyrir frekari þróun skólastarfsins
- að veita yfirvöldum menntamála upplýsingar um framkvæmd skólastarfsins.

2.1.3.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Námsmarkmið í Breiðagerðisskóla eru sett fram í skólanámskrá. Skólanámskráin skiptist í tvo aðalhluta, Boðbera og árganganámskrár. Í Boðbera er stefna skólans og áætlanir ásamt starfsháttum kynntir og rökstuddir. Þar er einnig að finna almennar upplýsingar um skólastarfið. Í árganganámskrám koma námsmarkmiðin fram ásamt áætlun um það helsta sem nemendur árganganna koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árganganna er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2006), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Í árganganámskránni eru kynnt meginmarkmið í hverri námsgrein, efnisþættir sem fjallað verður um, leiðir að markmiðum en þar koma fram þær kennsluáðferðir sem notaðar eru, námsgögn sem notuð eru við námið, námsmat og heimanám. Í árganganámskránum koma fram markmiðin um félagslíf nemenda í samvinnu við foreldra, megináherslur í starfi árgangsins og upplýsingar um nestis og matarmál nemenda. Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir þá nemendur sem ekki geta fylgt markmiðum árgangsins í námi og félagslegum samskiptum.

Skólanámskrá skólans er að finna á heimasíðu skólans. Árganganámskránnar er líka að finna á heimasíðu skólans. Þær eru kynntar á kynningafundum um vetrarstarfið á haustin og auk þess eru námsmarkmið rædd við nemendur og foreldra í foreldraviðtölum í október og febrúar ár hvert. Auk þess hefur stefna skólans og helstu áherslur í vetrarstarfinu verið kynntar á kynningarfundum á haustin. Í flestum árgöngum er að finna heimanámsáætlanir í Mentor. Auk þess senda kennarar foreldrum tölvupóst með fréttum af skólastarfinu.

2.1.3.3 Mat

Í Kanna foreldrakönnun Breiðagerðisskóla í janúar 2006 kemur fram að 89,2% foreldra eru sammála eða frekar sammála um að skólinn hafi kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti. 10,8% eru ósammála.

Í foreldrakönnun Breiðagerðisskóla í febrúar 2008 kemur fram að 68,3% foreldra eru sammála eða frekar sammála að skólinn hafi kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti. 20,6% eru hvorki sammála né ósammála og 11,1% er frekar ósammála eða ósammála.

Spurningin er ekki eins orðuð á milli árána og valmöguleikar fleiri 2008 og er því erfitt að sjá hvort um er að ræða breytingar. Haustið 2007 var stefna skólans kynnt á öllum kynningum vetrarstarfsins og unnið var að því að gera stefnuna skýrari í árganganámskrám. En betur má ef duga skal.

Í vinnustaðgreiningu Gallup mars-apríl 2007 er starfsfólk spurt hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) það er með markmið og stefnu skólans í skólamálu. Svarið er á starfhæfu bili 3,83 af 5 mögulegum. Grunnskólar í Reykjavík eru með 3,77 og er skólinn því aðeins hærri. Í sömu könnun er spurt hversu skýr eða óskýr markmið skólinn hefur sett sér fyrir þetta skólaár. Svarið er á starfhæfu bili 3,79 af 5 mögulegum. Grunnskólar í Reykjavík eru með 3,76. Í þessari könnun er spurt hversu vel eða illa skólanum hefur tekist að fylgja stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálu. Svarið er á starfhæfu bili 3,89 af 5 mögulegum. Grunnskólar í Reykjavík eru með 3,86. Árangur Breiðagerðisskóla er mjög svipaður og annara skóla í borginni.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 kemur fram þegar spurt er hvort starfsfólk þekki markmið og stefnu vinnustaðar síns þá voru 93,8% sammála og 6,3% ósammála. Skólinn er þarna á styrkleikabili 4,34 og skólar í Reykjavík eru á styrkleikabili 4,30. Í sömu könnun var spurt hvort starfsfólk sé ánægt með markmið og stefnu vinnustaðar síns. Þá eru 87,5% sammála, 6,3% hvorki né og 6,3% ósammála. Þarna er skólinn á starfhæfu bili með 4,13 en skólar í borginni eru líka á starfhæfu bili með 4,14. Skólinn kemur mjög svipað út og aðrir skólar í borginni.

Allflest starfsfólk Breiðagerðisskóla þekkir stefnu skólans en það eru ekki jafnmargir ánægðir með stefnuna. Hugsanlegt er að starfsfólki fyrir utan kennara hafi ekki verið kynnt stefnan og markmiðin nægilega vel. Kennarar hafa tekið þátt í stefnumótun skólans.

2.1.3.4 Aðgerðir til umbóta

Greinilegt er að kynna þarf stefnu skólans og starfsáætlanir meira fyrir foreldrum

/forráðamönnum. Ný heimasíða hefur verið tekin í notkun núna í október. Þar gefst möguleiki

að vekja athygli foreldra/forráðamanna á stefnu og markmiðum skólastarfs í skólanum. Ennfremur að ræða ákveðna þætti stefnunnar, svo sem árgangablöndun og sameiginlega ábyrgð kennara á öllum börnum árgangsins í foreldraviðtölum í febrúar.

Umræður í skólaráði um heppilegar leiðir til að gera þátttöku foreldrar almennari í stefnumótun skólans en verið hefur.

Í vetur verða lögð áhersla á með fundum að kynna og ræða stefnu og markmið skólans með öllu starfsfólki og sérstök áhersla lögð á að kynna hana betur fyrir almennu starfsfólki. Í starfsmanna hópnum eru nokkrir erlendir starfsmenn og þarf að huga sérstaklega að þeim. Kennarafundur að vori þar sem stefna skólans og markmið verða rædd og metin ljósi könnunar sem lögð verður fyrir í apríl.

2.1.4 Skólanámskrá

Í grunnskólalögum nr.91/2008 grein 29 kemur fram að í hverjum grunnskóla skuli gefin út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Sömu grein kemur fram að gerð skuli grein fyrir skóladagatali.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla (2006) en þar kemur fram að hún skuli endurskoðuð árlega. Í aðalnámskrá (2006) kemur einnig fram að sömu kröfur eru gerðar til skólanámskrár og aðalnámskrár en það er sú megináhersla að námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og skóla.

2.1.4.1 Markmið

Meginmarkmið með skólanámskrárvinnunni í Breiðagerðisskóla er að skólanámskráin sé í stöðugri þróun og sé þannig virkur þáttur í skólastarfinu.

Markmiðin eru:

- að skólanámskráin sé endurskoðuð á hverju hausti
- að allir árgangar kafi dýpra í ákveðna þættir árganganámskránna þannig að hún sé í stöðugri þróun
- að unnið sé að áætlunargerð í þeim þáttum skipulag skólastarfsins sem ekki eru tilbúin til birtingar
- að unnið sé að endurskoðun og mati á þeim áætlunum sem þegar er búið að birta
- að skólanámskráin birtist á heimasíðu skólans og þeir foreldrar sem ekki hafa aðgang að tölvum fái skólanámskrána prentaða

- að foreldrum sé kynnt sérstaklega með tölvupósti þegar endurskoðuð skólanámskrá er komin á netið
- að ákveðnir þættir skólastarfsins sem sérstaklega er verið að horfa á séu kynntir foreldrum á haustfundum
- að foreldrar fái skóladagatal næsta skólaárs að vori

2.1.4.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að skólanámskráin sé unnin, gefin út og kynnt. Skólanámskrá Breiðagerðisskóla skiptist í Boðbera en þar er að finna áætlanir, stefnu skólans, skipulag skólastarfsins og hagnýtar upplýsingar og árganganámskrár þar sem markmið og leiðir náms og kennslu er að finna. Boðberi var endurskoðaður á síðasliðnu ári og unnar áætlanir um móttöku barna af erlendum uppruna, stefna skólans endurskoðuð, skipulag náms og kennslu og sagt frá þeirri hugmyndafræði sem skólastarfið byggir á. Auk þess voru viðurlög við skólareglur skólans settar fram í tengslum við verklagsreglur Menntasviðs.

Skóladagatal er unnið í samvinnu kennara og skólastjórnenda. Fulltrúar foreldra í foreldraráði skólans fá skóladagatalið til umsagnar áður en það er sent til Menntasviðs Reykjavíkurborgar til samþykktar. Skóladagatalið er að finna á heimasíðu skólans.

Árganganámskrárnar eru unnar á hverju hausti. Eftir ábendingar frá foreldraráði skólans vorið 2007 var ráðist í gagngerar breytingar á innihaldi og framsetningu árganganámskránna haustið 2007.

Aðaláherslan var lögð á að fjalla um leiðir sem farnar eru til að ná markmiðum í samræmi við stefnu skólans. Einnig var unnin kafli um starfið í hverjum árgangi og kemur þar fram að grunnurinn í stefnu skólans er sameiginleg ábyrgð kennara árgangsins á nemendum, hvernig árgangnum er skipt í hópa og sameiginleg verkefni árgangsins. Við endurskoðun árganganámskránna haustið 2008 var unnið með kaflann um námsmat og hann aðlagður að markmiðum skólans með námsmati.

Skólanámskráin þ.e. Boðberi og árganganámskrárnar eru birtar á heimasíðu skólans og þeir foreldrar sem ekki hafa aðgang að tölvum geta fengið hana útprentaða. Skólanámskráin var afhent foreldraráði til umsagnar skólaárið 2007-2008 en ekki hefur borist umsögn frá þeim. Kennslu ráðgjafi á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis fékk námskrána einnig til umfjöllunar en ekki hefur borist nein umsögn frá þeim.

2.1.4.3 Mat

Í könnunum sem skólinn hefur lagt fyrir nemendum og foreldra var engin spurning sem sneri beint að því hvort fólk hafi kynnt sér skólanámskrá skólans. Sama á við um foreldrakannanir Menntasvið Reykjavíkurborgar, en þar eru engar spurningar þar sem fólk er spurt hvort það hafi kynnt sér skólanámskrá skólanna. Engin umsögn hefur komið frá foreldraráði fyrir skólaárið 2007-2008 né frá kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöð hverfisins. Þetta verður að

teljast óásættanlegt af hálfu foreldraráðs og að hálfu menntayfirvalda miðað við þá vinnu sem starfsfólk skóla leggur í skólanámskránnar. Foreldraráð Breiðagerðisskóla fjallaði vorið 2007 um skólanámskrána og þar koma fram ýmsar ábendingar sem notðar hafa verið við endurskoðun. Í umsögn foreldraráðsins kemur fram að það þurfi að endurskoða framsetningu kennslufræðilegrar stefnu og hvernig framkvæmd kennslunnar á að vera með tilliti til hugmyndafræði. Þetta var endurskoðað og hefur verið birt í Boðbera skólaárið 2007-2008. Þar kemur einnig fram að það vanti hvernig kennsla langveikra barna fer fram og að það vanti lífsleikniáætlun fyrir skólann. Forvarnaráætlun hefur verið unnin en heildstæð lífsleikniáætlun er í vinnslu og hefur því ekki verið birt. Foreldraráðið bendir á að ekki sé tilgreindur ábyrgðarmaður á móttöku nýrra nemenda. Móttaka nýrra nemenda er í höndum skólastjórnenda og umsjónakennara. Auk þess vanti móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna. Búið er að vinna upp móttökuáætlun fyrir skólann, hefur hún verið birt og er farið að vinna eftir henni. Foreldraráðið bendir einnig á að ekki sé greint frá hvaða þjónustu nemendur sem skara fram úr í námi fái. Með markmiðum með einstaklingsmiðuðu námi er talið að allir nemendur fái viðfangsefni við hæfi. Þær leiðir sem skólinn hefur farið hefur rúmast innan þessarar skilgreiningar en auk þess hafa nokkrir nemendur á miðstigi unnið námsefni í stærðfræði í samstarfi við Réttarholtsskóla. Um þetta hefur ekki verið fjallað í skólanámskrá. Foreldraráðið bendir á að það vanti samræmi í framsetningu í árganganámskrám skólans og að nauðsynlegt sé að setja stefnu skólans skýrar fram og að hún endurspeglist í árganganámskrám og kennsluáðferðum. Haustið 2007 var þetta lagfært og unnið að úrbótum á árganganámskrám eins og áður hefur verið lýst.

2.1.4.4 Aðgerðir til umbóta

Enn vantar að birta áætlanir um lífsleikni, jafnrétti og umhverfisstefnu skólans. Þessar áætlanir eru í vinnslu. Þrjú starfsmenn skólans er á jafnréttisnámskeiði á vegum Menntasviðs reykjavíkur og HÍ skólaárið 2008-2009 og verður unnin jafnréttisstefna og lífsleikniáætlun á vorönn. Áformað er að hefja formlega vinnu við umhverfisáætlunina haustið 2009. Þegar er hafin undirbúningur að vinnunni og farið er að vinna í anda bættrar umhverfisstefnu. Áætlun um hvernig skólinn hyggst mæta þörfum langveikra barna verður unnin á vordögum 2009 og verður birt í skólanámskrá haustið 2009.

2.1.5 Skipulag skólastarfs

Í þriðju grein grunnskólalaga nr.91/2008 kemur fram að öllum börnum á aldrinum 6 - 16 ára er skylt að sækja grunnskóla. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2006) kemur fram að skipulag

kennslu innan árganga og milli árganga er í höndum einstakra skóla. Þar kemur einnig fram að námsgreinar séu áberandi í skipulagi kennslu í grunnskólum. Á yngri stigum eru skilin milli námsgreina óljóasri en skýrast eftir því sem ofar dregur. Breiðagerðisskóli tekur þátt í þróunarverkefni um breytingar á viðmiðunarstundaskrá sem felur í sér að markmið Aðalnámskrár er lögð til grundvallar námsskipulagi en ekki mínútuskráning.

2.1.5.1 Markmið

Meginmarkmiðið með ytra skipulagi skólstarfs í Breiðagerðisskóla er að það styðji við grunninn í stefnu skólans þar sem litið er á árganginn sem eina heild og kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Markmiðin eru:

- að umsjónakennarar í hverjum árgangi hafi samliggjandi 14-18 kennslustundir í stundatöflu sinni, þannig að stundataflan stuðli að sveigjanleika í hópaskiptingu og samkennslu árgangsins
- að umsjónakennarar og nokkrir list- og verkgreinakennar hafi stundutöflu sem liggi saman þannig að samkennsla árganga í 2.- 4. bekk einu sinni í viku nái fram að ganga.
- að vinnulotur nemenda séu hæfilega langar
- að í frímínútum nemenda sé góð gæsla á skólalóð, vellir séu skipulagðir þannig að árgangar skiptist á að nota þá og að nemendur hafi útileikföng til afnota
- að áhersla sé lögð á list og verkgreinar og þær brjóti upp vinnudag nemenda
- að áhersla sé á íþróttir, sund og útikennslu
- að boðið sé upp á hollan mat í mötuneyti skólans í hádeginu
- að þemadagar fyrir allan skólann séu þrisvar sinnum á skólaárinu
- að skólaárið sé brotið upp með vettvangsferðum og stuttum ferðalögum
- að skipulagðir séu útivistardagar nokkrum sinnum á ári
- að gert sé ráð fyrir teymisvinnu kennara innan árgangs og milli árganga í vinnuskipulagi

2.1.5.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Í Breiðagerðisskóla er lítið á hvern árgang sem eina heild. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika á að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna samkennslu þar sem það á við. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn að skipulagi skólans. Kennarar skipta árganginum í

námshópa og koma allir að kennslu árgangsins. Mismunandi er eftir aldri nemanda hversu mikið kennarar skipta með sér námsgreinum. Á miðstigi skipta kennarar námsgreinum á milli sín þannig að sterkar hliðar kennaranna nýtist nemendum. Til þess að þemavinna sé virkur þáttur í skólastarfinu vinnur hver árgangur saman eða með öðrum árgöngum að sameiginlegum þemaverkefnum og eru nemendur þá í öðrum vinnuhópum. Skólinn tekur þátt í þróunarverkefni, um breytingar á viðmiðunarstundaskrá en þar kemur fram að árgangurinn er grunneining og teymi kennara skipuleggur nám nemenda í ólíkum hópum eftir viðfangsefnum hverju sinni. Skóladeginum er skipt upp í lotur sem eru 40-80 mínútur hver. Skóladagurinn hefst klukkan 8:15 en nemendur geta mætt í skólann kl. 8 og farið inn í stofur. Skóladegi hjá fyrst bekk lýkur kl. 14:30 og hjá öðrum til sjötta bekk lýkur klukkan 14:10. Sjöundi bekkur er einu sinni í viku til 14:50 einn dag til 14:30 en hina dagana eru þeir til 14:10daga. Við stundaskrárgerð er ákveðið að umsjónarkennarar í hverjum árgangi hafi 14-18 tíma samliggjandi í stundaskránni til að auðvelda kennurum að skipta árganginum upp í mismunandi hópa á sama tíma. Þetta fyrirkomulag auðveldar kennurum að koma til móts við þarfir hvers og eins á sveigjanlegan og fjölbreyttan hátt. Hópar geta verið misfjölmennir eftir viðfangsefnum.

List- og verkgreinum er skipt upp í lotur og hefur skólinn lagt aukna áherslu á þessar greinar í stundaskránni. Sveigjanleiki í stundaskránni hefur gefið skólanum möguleika á að brjóta upp stundaskrána og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi og einnig verkefni sem tveir eða fleiri árgangar vinna saman. Verkefni eins og útikennsla, val og árvisst þemaverkefni um Elliðaárdalinn er auðvelt að fella inn í stundaskrána. Allir árgangar taka þátt í Elliðaárverkefninu og útikennsla er á yngsta stigi og fimmta bekk. Frímínútur eru tvisvar til þrisvar á dag og fara þá börnin út. Í löngu frímínútum kl. 9:35 eru allir nemendur skólans úti í einu en hinar tvær frímínúturnar fara eftir árgöngum og matarhléi nemenda.

Hádegishlé er 50 mínútur hjá öllum nemendum skólans. Þar af eru 25 mínútur í mat.

Nemendur geta keypt heitan mat í hádeginu. Allir nemendur skólans matast í salnum. Þeir nemendur sem ekki kaupa heitan mat geta keypt mjólk.

Skólaferðalög eru farin á haustin eða vorin. Nemendur fara í ferðalög með kennurum sínum á hverju skólaári. Ferðirnar eru oftast farnar á vorin og eru þá gjarnan tengdar því námi sem börnin hafa verið að stunda. Nemendur í 7. bekk fara í tvær ferðir, á haustin hefur verið farið á Úlfjótssvatn í tvo daga og síðan hefur verið farið í þriggja daga ferð á vorin.

Útileikir eru einn liður skólastarfsins. Lögð er áhersla á að kenna nemendum ýmsa útileiki. Nokkrum sinnum á vetri er almenn bóknámskennsla lögð niður. Þá fara nemendur og allt starfsfólk úti á skólalóð í ýmsa leiki. Boltar og ýmis önnur útigull eru í hverri kennslustofu.

Samkenndsla árganga í 2.- 4.bekk, árgangarnir vinna saman að skapandi verkefnum einu sinni í viku. Miðstigið vinnur saman að völdum viðfangsefnum nokkrum sinnum á skólaárinu. Þemaverkefni þvert á alla árganga er þrisvar yfir skólaárið tvo til þrjá daga í senn.

2.1.5.3 Mat

Í Kanna viðhorfskönnun foreldra í 4. og 7. bekk í janúar 2006 kom fram 90,2% foreldra eru sammála eða frekar sammála að börnunum sínum séu sköpuð góð skilyrði til að ná árangri í námi og starfi. 9,8% eru ósammála.

Í könnun skólans á viðhorfi foreldra í 4. og 7. bekk í febrúar 2008 eru 76,2 % foreldra eru sammála eða frekar sammála um að börnum þeirra séu sköpuð góð skilyrði til árangurs í námi og starfi 20,6% segja hvorki né og 3,2% eru ósammála. Þarna eru svarmöguleikar aðrir en í könnuninni 2006 en lægra hlutfall foreldra er óánægt með skilyrðin í skólanum.

Í könnun skólans á viðhorfi foreldra barna til skólastarfsins í 4.og 7.bekk í febrúar 2008 kom fram að 87,1% foreldra voru sammála eða frekar sammála að þeir væru ánægðir með skipulag skólastarfsins. 6,45% voru hvorki sammála né ósammála og frekar ósammála voru 6,45%. Í Kanna viðhorfskönnun skólans 2006 var ekki spurt um þetta atriði þannig að ekki er um samanburð að ræða á milli ára.

Þegar skoðuð eru markmiðið í þróunarverkefni, sem skólinn tekur þátt í, um breytingar á viðmiðunarstundaskrá, kemur fram að þar er árgangurinn grunneining og teymi kennara skipuleggur nám nemenda í ólíkum hópum eftir viðfangsefnum hverju sinni. Markmið skólans og framkvæmd falla að markmiðum þessa þróunarverkefnis. Nærri 90% foreldra í skólanum eru ánægð með skipulagið og er skólinn mjög sáttur við þá niðurstöðu.

Til að skoða þennan þátt skólastarfsins notum við skipulagstoðina í matstæki um einstaklingsmiðað nám frá Menntasviði Reykjavíkur 2005. Þar kemur eftirfarandi fram að samvinnaer þvert á árganga (5.stig) , sum rými utan kennslustofa einnig notuð fyrir vinnusvæð i(3.stig). Nám skipulagt í þemu þvert á greinar í þemavikum, nemendur hafa val í sumum greinum (3.stig). Tveir eða þrír kennarar ábyrgir fyrir nemendum innan árgangs (3.stig). Formleg samvinna sumra kennaraog starfmannna við undirbúning-innan árgangs eða þvert á árganga(3.stig). Skóladagurinn skiptist alltaf niður í 3 - 4 vinnulotur (5.stig).

2.1.5.4 Aðgerðir til umbóta

Skólaárið 2007-2008 var ákveðið að auka samvinnu milli árganga. Skólaárið 2008-2009 var stundataflan skipulögð með það í huga að nemendur í 2.- 4.bekk gætu unnið saman í hringekju tvo tíma á viku. Haldið verður áfram að þróa þessa vinnu. Ákveðið var að

nemendur í 5.-7.bekk ynnu saman nokkrum sinnum á vetri að afmörkuðum viðfangsefnum. Þróa þarf það samstarf nánar og festa það niður á stundatöflu þannig að fyrirkomulagið verði svipað og hjá 2.- 4. bekk.

Teymisvinna kennara er mikilvægur hluti skólastarfsins og þarf að gefa þeirri vinnu aukið svigrúm í skipulaginu. Því verður meiri áhersla skólaárið 2008-2009 á árgangafundi, stigsfundi og fundi kringum afmörkuð viðfangsefni fremur en stóra fundi þar sem allir eru í einu.

2.2 Nemendur og líðan

2.2.1 Nemendur og líðan

Í 33.gr. grunnskólalaga nr.91/2008 er talað um að nemendum sé gefinn kostur á að taka þátt í tómsunda- og félagsstarfi. Tómsunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma.

Í 10.grein laga um grunnskóla nr.91/2008 segir: Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólustjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólustjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, Almennum hluta (2006) segir að skólar skuli leggja áherslu á jákvæð samskipti og fjölbreytt félagsstarf í samræmi við áhuga nemenda, aldur og þroska. Mikla áherslu skal leggja á heilbrigða og holla lífshætti.

Í Starfsáætlun Menntasviðs 2008 segir að markvisst skuli unnið að jákvæðri sjálfsmynd – góðri andlegri og líkamlegri líðan. Markvisst er unnið að því að byggja upp jákvæða og sterka sjálfsmynd og vinna gegn staðalmyndum. Skólastarfið grundvallast á lýðræðislegum gildum og nemendur fá þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og skoðanaskiptum. Nemendur taka virkan þátt í að móta daglegt skólastarf og hafa áhrif á námsleiðir sínar. Einelti og ofbeldi er ekki liðið. Hollusta, hreyfing og heilbrigði skipa veigamikinn sess í skóla þar sem öllum líður vel.

Í stefnu Breiðagerðisskóla kemur fram að við leggjum áherslu á vellíðan allra. Við höfum því komið okkur saman um að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi í öllu okkar starfi:

- Við virðum skoðanir annarra.
- Við sýnum hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi.
- Við metum einstaklinginn og berum virðingu fyrir ólíkum einstaklingum.
- Við leysum ágreiningsmál friðsamlega.
- Við komum heiðarlega fram.
- Við tölum saman þegar okkur greinir á.

Í Breiðagerðisskóla er lögð áhersla á að vinna með nemendum að góðum og jákvæðum samskiptum. Þegar upp koma ágreiningsmál er nemendum kennt að leysa þau friðsamlega og á jákvæðan hátt, taka tillit til annarra og skilja að engir tveir einstaklingar eru eins.

Til að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsællega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum. Litið verði á ágreining sem upp kann að koma í skólasamfélaginu sem uppsprettu samræðna og virðing fyrir skoðunum annarra höfð að leiðarljósi. Við lausn ágreinings koma oftast en ekki upp nýjar hliðar á málum og er mikilvægt að við lítum á ágreininginn sem slíkan. Í

Breiðagerðisskóla líðum við ekki einelti. Við vinnum eftir eineltisáætlun Olweusar og er það í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar.

Við í Breiðagerðisskóla leggjum áherslu á að allir sem í skólanum starfa, jafnt börn sem fullorðnir fái notið sín í leik og starfi.

2.2.1.1 Markmið

Meginmarkmiðið í skólanum er að efla félagsþroska, félagsfærni og vellíðan nemenda.

Markmið skólans eru:

- að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman
- að þjálfarar nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum
- að þjálfarar nemendur í að taka þátt í almennum söng, leiktúlkun og ýmiss konar skapandi starfi.
- að hver og einn læri að umgangast aðra af virðingu og tillitssemi
- að hver og einn öðlist sjálfsöryggi og geti notið sín með öðrum.
- að leggja áherslu á jákvæð samskipti og friðsamlega lausn ágreiningsmála
- að draga úr tækifærum til eineltis og skapa þannig andrúmsloft að einelti borgi sig ekki skv. aðgerðaáætlun Olweusar
- að nemendafélag skólans sé virkt
- að skólareglur og viðurlög séu skýr og öllum ljós

2.2.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Félagsstarf skólans er tvenns konar. Annars vegar er það félagsstarf sem fram fer á skólatíma og hins vegar það félagsstarf sem tengist skólanum en er fyrir utan hinn venjulega skólatíma.

Við Breiðagerðisskóla starfar nemendafélag. Hlutverk þess er að ræða ýmis hagsmunamál nemenda og koma skoðunum nemenda á framfæri við stjórnendur og skólayfirvöld. Nemendafélagið hefur forgöngu um að vinna góðum málum framgang.

Leiðir að markmiðum fyrir nemendur í 1.-4. bekk:

- Frímínútur. Lögð er áhersla á að nemendur fái útileikföng til skipulagðra leikja svo frímínútur auki vellíðan allra
- Kór
- Samsöngur
- Dagur íslenskrar tungu í umsjón kennara og nemenda í 7.bekk
- Börn á frístundaheimili njóta samstarfs við Íþróttaskóla Víkings
- Morgunstund foreldra á aðventu með nemendum og kennara.
- Kirkjuheimsókn. Á aðventu heimsækja nemendur Bústaðakirkju og taka þátt í helgistund. Nemendur sjá um upplestur, syngja og leika á hljóðfæri
- Jólaskemmtun í samstarfi við foreldra. Árgöngum er blandað saman og er markmiðið með því að eldri og yngri nemendur fái tækifæri til að koma fram hvert fyrir annað
- Jólaföndurdagur fyrir alla nemendur skólans
- Útivistardagar að hausti og vori
- Öskudagur sem menningar- og skemmtidagur í skólanum þar sem eldri nemendur skólans sjá um skemmtidagskrá
- Fjölskylduhátíð á haustin á vegum Foreldrafélagsins
- Vettvangsferðir í tengslum við samfélagsfræðikennslu
- Markviss útikennsla allt skólaárið og í tengslum við Elliðaárverkefnið að vori.
- Árgangaskemmtun verði tvisvar á skólaári að frumkvæði kennara eða bekkjarfulltrúa. Mælt er með að árgangaskemmtanir séu haldnar á fyrri hluta haust- og vorannar. Árgangaskemmtanir eru samvinnuverkefni kennara og foreldra þar sem lögð er áhersla á samveru forelda og barna innan skólans.
- Útivistarferðir að vori og/eða hausti
- 1. bekkur heimsækir leikskólana í hverfinu og tekur á móti elstu krökkunum úr leikskólunum í heimsókn ,
- 2.-4.bekkur vinnur saman að skapandi verkefnum einu sinni í viku
- Furðufatadagar nokkrum sinnum á hvorri önn.
- Vinabandadagar nokkrum sinnum á skólaárinu
- Markviss lífsleiknikennsla

Leiðir að markmiðum fyrir nemendur í 5.-7. bekk:

- Frímínútur. Lögð er áhersla á að nemendur fái útileikföng til skipulagðra leikja svo frímínútur auki vellíðan allra

- Samsöngur
- Tónlistarverkefni – þar sem 6. bekkur flytur frumsamda tónlist ef kostur er á
- Dagur íslenskrar tungu í umsjón kennara og nemenda í 7.bekk
- Kirkjuheimsókn. Á aðventu heimsækja nemendur Bústaðakirkju og taka þátt í helgistund. Nemendur sjá um upplestur, syngja og leika á hljóðfæri.
- Jólaskemmtun í samstarfi við foreldra. Árgöngum er blandað saman og er markmiðið með því að eldri og yngri nemendur fái tækifæri til að koma fram hvert fyrir annað
- Jólafondurdagur fyrir alla nemendur skólans
- Tómsundatilboð á vegum ÍTR
- Útivistardagar að hausti og vori
- Öskudagur sem menningardagur í skólanum þar sem eldri nemendur sjá um skemmtidagskrá
- Fjölskylduhátíð á hausti vegum Foreldrafélagsins
- Árgangaskemmtun verði tvisvar á skólaári að frumkvæði kennara eða bekkjarfulltrúa. Gert er ráð fyrir einni sameiginlegri árgangaskemmtun (diskótek) hjá 6. og 7. bekk.
- Félagsvist er kennd og eitt sameiginlegt spilakvöld með foreldrum og nemendum í 5. eða 6. bekk
- Þorrablót fyrir nemendur í 7.bekk. Nemendur koma með foreldrum/forráðamönnum og sitja til borðs með þeim
- Heimsókn í skólabúðir
- Vettvangsferðir í tengslum við samfélagsfræði- og náttúrufræðikennslu
- Markviss útikennsla í tengslum við Elliðaárverkefnið
- Kveðjustund fyrir nemendur, foreldra og kennara 7. bekkja
- Útivistarferðir að vori og/eða hausti.
- Þáttaka í nemendaráði
- Nemendur í 7. bekk aðstoða við tölvukennslu eldri borgara í hverfinu
- Vinabandadagur nokkrum sinnum á skólaárinu
- Markviss lífsleiknikennsla

Breiðagerðisskóli er þátttakandi í Olweusarverkefninu gegn einelti.

Helstu þættir sem unnið er að með skipulögðum hætti eru eftirfarandi:

- Lagðar eru fyrir kannanir á einelti og niðurstöður kynntar

- Allir starfsmenn skólans hafa tekið þátt í fræðslu um Olweusaráætlunina. Nýir starfsmenn fá fræðslu um aðferðafræði Olweusar. Umræðuhópar til að viðhalda þekkingunni á aðferðafræði Olweusar eru haldnir
- Eineltisteymi er starfandi við skólann
- Nemendur fá fræðslu um einelti, eðli eineltis, birtingarform þess og afleiðingar fyrir gerendur og þolendur. Í þessu sambandi verður nemendum m.a. sýnd myndbönd
- Lögð er áhersla á gott eftirlit innan skólans og lögð áhersla á að viðhalda vitundarvakningu meðal starfsfólks, nemenda og foreldra
- Starfsmenn skrá atburði í Mentor
- Hver árgangur býr til bekkjarreglur sem vinna gegn einelti
- Haldnir eru bekkjarfundir um samskipti og skólabrag
- Haldnir eru kynningar- og umræðufundir fyrir foreldra í tengslum við eineltiskannanir
- Tekið er á þeim eineltismálum sem upp koma með skipulögðum hætti með samtölum við gerendur, þolendur og foreldra, eineltisáætlunin virkjuð

Skólareglur voru endurbættar haustið 2007 og viðurlög unnin í samræmi við verklagsreglur Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Skólareglurnar voru afhentar og kynntar öllum nemendum og foreldrum í foreldraviðtölum haustið 2007.

2.2.1.3 Mat

Í Kanna viðhorfskönnun nemenda í 4. bekk í febrúar 2006 kemur fram 72,7 % nemenda finnst alltaf eða venjulega gaman í skólanum, 21,2% stundum og 6,1% næstum aldrei. Í sömu könnun kemur fram að 80,3% nemenda líður alltaf eða venjulega vel í skólanum, 15,2% stundum og 4,5% næstum aldrei. Einnig kemur fram að 86,3% nemenda finnst mjög eða frekar lítið einelti í skólanum en 13,6 % segja frekar mikið. Í sömu könnun kemur fram að 71.8% nemenda segjast eiga marga eða frekar marga vini í skólanum. 23% nemenda svara að þau eigi frekar fáa vini en 4,7% eiga enga vini. Þar eru nemendur spurðir hvort það séu reglur í bekknum um umgegni og hegðun þar kemur fram að 97% nemenda telur þær alveg skýrar og oftast skýrar en 3% telja þær frekar óljósar eða að það séu engar reglur. Þegar spurt er um reglur í skólanum þá eru 98,4 % sem segja að reglurnar séu alveg skýrar eða oftast skýrar 1,6% segja að það séu engar reglur í skólanum. Ennfremur er spurt hvort nemendur fari eftir settum reglum þá segja 60% næstum alltaf eða venjulega, 35,8% stundum og 1,5% næstum aldrei.

Í Kanna viðhorfskönnun nemenda í 7. bekk árið 2006 kemur fram að 75,5% nemenda segja að þeim líði alltaf eða venjulega vel í skólanum, 17% líður stundum vel í skólanum og 7,5% næstum aldrei. Í sömu könnun segja 94,4 % nemenda að einelti í skólanum sé mjög lítið eða frekar lítið í skólanum og 5,7% segja einelti frekar mikið. Í sömu könnun kemur fram að 83 % nemenda segjast eiga marga vini. 11,3% eiga fáa vini en 5,7% eiga aðallega einn vin. Enginn nemandi segist eiga engan vin í skólanum. Þar eru nemendur spurðir hvort það séu umgegnis- og samskiptareglur í bekknum þar kemur fram að 82,4% nemenda telja þær alveg skýrar og oftast skýrar en 11,8 % telja þær frekar óljósar og 5,9% að það sé ekki farið eftir reglum. Þegar spurt er um hvort það séu reglur í skólanum þá eru 61,5% sem segja að reglurnar séu skýrar, 30,8% segja að það séu engar sérstakar reglur í skólanum eða frekar óljósar 7,7% sem segja að það séu reglur í skólanum en ekki farið eftir þeim. Ennfremur er spurt hvort nemendur fari eftir settum reglum þá segja 57,7 % næstum alltaf eða venjulega, 34,6% sem segja stundum og 7,7% næstum aldrei.

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkur á viðhorfi forráðamanna nemenda í september 2006 kemur fram að 76,1% finnst agi í skólanum hæfilegur en 23,9% finnst aginn of lítill. Í samanburði við borgina finnst fleiri foreldrum agi hæfilegur en í almennum skólum í borginni en þar er það 69,7%.

Í könnuninni Hagir og líðan barna í Reykjavík - Breiðagerðisskóli árið 2007 um líðan í skóla kemur fram að 2% barna líður illa í frímínútunum (Reykjavík 4%), það eru 8% nemenda sem líða illa í kennslustundum (Reykjavík 5%) og við spurningunni langar þig að hætta í skólanum svara 14% nemenda því játandi (Reykjavík 13%).

Í könnun á viðhorfi foreldra til skólastarfs í grunnskólum í ágúst 2008 kemur fram að 78,3% foreldra telur aga í skólanum hæfilegan ,21,7% of lítill. Í samanburði við borgina finnst fleiri foreldrum í Breiðagerðisskóla agi hæfilegur en í öðrum skólum var það 70,3%.

Í nemendakönnun Breiðagerðisskóla fyrir 4. bekk í maí 2008 kemur fram að 76% nemenda finnst næstum alltaf eða venjulega gaman í skólanum, 17% stundum og 7% aldrei. Í sömu könnun svara 72% nemenda að þeim líði næstum alltaf eða venjulega vel í skólanum, 26% stundum og 3% næstum aldrei. Um einelti svara 89% nemenda að einelti sé mjög lítið eða frekar lítið, 9% frekar mikið og 2% mjög mikið. Í sömu könnun kemur fram að 86% nemenda fá oftast að vera með krökkunum 12% stundum 2% fá sjaldan að vera með krökkunum en enginn svarar aldrei. Þar er spurt um skólareglur í skólanum og segja 89% að þær séu skýrar, 11% að það séu engar sérstakar reglur. Þegar spurt er hvort nemendur fari eftir settum reglum svara 22% næstum alltaf, 43% venjulega, 31% stundum og 4% aldrei.

Í könnun Breiðagerðisskóla fyrir 7. bekk í maí 2008 kemur fram að 82% nemenda finnst næstum alltaf eða venjulega gaman í skólanum, 16% segja stundum og 2% næstum aldrei. Í sömu könnun segja 93% nemenda mér líður næstum alltaf eða venjulega vel í skólanum og 3% stundum. Um einelti í skólanum svara 89% nemenda að það sé mjög lítið eða frekar lítið, 9% svara frekar mikið og 2% mjög mikið. Í sömu könnun svara 93% nemenda að þeir fái að vera með krökkunum næstum á hverjum degi, 5% svara stundum og 2% sjaldan og enginn að þeir fái aldrei að vera með. Þar er spurt um skólareglur, segja 59% þær skýrar, 7% segja að það séu engar sérstakar reglur, 25% segja að þær séu frekar óljósar, 9% að það sé ekki farið eftir þeim. Þarna er líka spurt hvort nemendur fari eftir settum skólareglum enginn segir alltaf, 45% segja venjulega, 45% stundum og 9% næstum aldrei.

Í Olweusarkönnun í 4. – 7. bekk árið 2005 kemur fram að 5,2% nemenda höfðu orðið fyrir einelti og hafði dregið úr einelti miðað við könnun árið 2003 en þá höfðu 5,9% nemenda orðið fyrir einelti og 8,3% árið 2002. Árið 2007 höfðu 9% nemenda orðið fyrir einelti.

Greinilegt er að einelti í skólanum hefur aukist og kemur fram í niðurstöðunum að það hefur aukist hjá stúlkum. Þetta er óásættanleg niðurstaða og verður að skoða nánar.

Í foreldrakönnun Kanna í janúar 2006 fyrir foreldra nemenda í 4. og 7. bekk kom fram að 46,3% foreldra voru sammála eða frekar sammála um að einelti tíðkaðist í skólanum, 53,7% voru frekar ósammála eða ekki sammála. Í sömu könnun kom fram að 92,7% foreldra voru sammála eða frekar sammála að börnunum sínum líði vel í skólanum, 5,3% voru frekar ósammála og 2,1% ekki sammála.

Í foreldrakönnun skólans fyrir foreldra nemenda í 4. og 7. bekk í febrúar 2008 kom fram að 44,4% foreldra eru sammála eða frekar sammála að einelti tíðkist í skólanum, 36,5% eru hvorki sammála né ósammála, 19,1% eru frekar ósammála eða ósammála. Í sömu könnun svara 85,7% foreldra að þeir séu sammála eða frekar sammála að börnunum sínum líði vel í skólanum, 4,8% eru hvorki sammála né ósammála og 9,5% eru frekar ósammála eða ósammála.

Skólinn telur ekki ásættanlegt að aðeins 72-80% nemenda skuli líða vel eða finnast gaman í skólanum. Einnig kemur fram í könnuninni um hagi og líðan barna í Reykjavík að hærra hlutfall barna í Breiðagerðisskóla líður illa í kennslustundum. Þetta finnst okkur óásættanlegt. 7. bekkur 2008 sker sig en yfir 90% nemenda líður vel í skólanum, en haustið 2007 var markvisst unnið í að gera námið og skóladaginn áhugaverðari og skemmtilegri.

Í viðhorfi foreldra til eineltis í skólanum gætir innbyrðis ósamræmis. Mikill fjöldi foreldra segist vera sammála um að einelti tíðkist í skólanum en um leið eru yfir 85% foreldra sammála um að börnunum líði vel. Einnig gætir ósamræmis í álit barnanna og foreldranna.

Greinilegt er að athuga þarf hvort skólareglur skólans séu nógu vel kynntar. Haustið 2007 fengu allir foreldrar og nemendur skólareglur í hendurnar í viðtölum og höfðu viðurlög verið tekin til endurskoðunar. Þegar niðurstöður eru skoðaðar 2008 hefur sú vinna ekki skilað sér nægilega í 7.bekk.

Einn af styrkleikum skólann liggur í að enginn nemandi í 4. og 7. bekk árið 2008 eru afskiptur af félagahópnum. Við viljum þakka það stefnu skólans um árganginn sem eina heild og því að nemendur eru vanir að vinna í mismunandi hópum að viðfangsefnum sínum. Einnig kemur fram að færri nemendum líður illa í frímínútum í Breiðagerðisskóla en almennt í Reykjavík. Viljum við þakka það góðri mönnum í frímínútugæslu, því að enginn er afskiptur í félagahópnum og vitundarvakningu vegna Olweusarverkefnisins.

2.2.1.4 Aðgerðir til umbóta

Eins og áður segir telur skólinn það óásættanlegt að svo stórum hópi barna líði ekki vel í skólanum.

Þær úrbætur sem þegar hefur verið gripið til eru m.a. að starfshlutfall námsráðgjafa hefur verið breytt úr 50% í 80% . Námsráðgjafi leggur áherslu í sínu starfi á að vinna með kennurum að lífsleikniáætlun ásamt því að vinna með börnum sem líður ekki nógu vel í skólanum. Einnig vinnur námsráðgjafi í samvinnu við kennara með hópa þar sem erfiðleikar eru í félagslegum samskiptum.

Vorið 2008 var haldin kynningarfundur fyrir starfsfólk skólans og því kynntar niðurstöður eineltiskönnunar Olweusar frá 2007. Starfsfólk var sammála um að niðurstöðurnar væru ekki ásættanlegar. Var starfsfólki skipað í hópa, þar sem niðurstöðurnar voru ræddar og unnar tillögur til úrbóta. Verður áhersla lögð á bekkjarfundi og umræður um einelti og rétt allra til að líða vel í skólanum. Á þessum fundum kom líka fram hugmynd að því að elstu nemendur skólans verði skólavinir í frímínútum og eru yngri nemendum til stuðnings í frímínútum, skipuleggi leiki og séu til staðar. Í hverjum frímínútum eru 3-5 nemendur skólavinir í einu. Þetta er komið til framkvæmda. Auk þess tók allur skólinn þátt í vinabandaverkefni þar sem mynduð voru pör á mismunandi aldri og úr þessum pörum voru myndaðir stærri hópar sem unnu að sameiginlegum verkefnum eða léku sér saman. Vinabandaverkefni verður haldið áfram skólaárið 2008-2009.

Deildarstjóri sérkennslu ásamt námsráðgjafa hefur frá haustinu 2007 verið með ART-félagsfærni námskeið fyrir nemendur sem þurfa sérstaka þjálfun í félagslegum samskiptum. Haustið 2007 þegar þessar niðurstöður lágu fyrir var gerð áætlun á báðum stigum að bregðast við þessum leiða í börnunum. Þá var útikennsla tekin upp á yngsta stigi, uppbrot var einu

sinni í mánuði á miðstigi þar sem börn og fullorðnir mættu í þematengdum litum eða fötum. Lögð var áhersla á þemaverkefni þvert á aldur.

Í 2.-4.bekk er einu sinni í viku stöðvavinna tvo tíma í senn þar sem nemendur vinna að skapandi verkefnum þvert á aldur.

Unnið er markvisst í skólanum að allir nemendur fái viðfangsefni sem hæfi getu þeirra og þroska þannig að þau öðlist jákvæða sjálfsmynd.

Haustið 2007 var unnin endurbót á skólareglunum og sett skýr viðurlög sem unnin voru út frá verklagsreglum Menntasviðs. Auk þess voru foreldrum og nemendum afhentar skólareglurnar í foreldraviðtali haustið 2007. Greinilegt er að það þarf að ræða meira við nemendur um reglurnar. Einnig kemur fram að of hátt hlutfall fer ekki eftir skólareglum og þarf að halda fund um samræmingu og eftirfylgni. Sú hugmynd hefur komið upp að ræða við nemendur í lífsleiknitímum hvernig þeir telji heppilegast að framfylgja reglunum því mikilvægt er fyrir öryggi og vellíðan nemenda að skólareglur séu skýrar og virtar. Þetta verður tekið fyrir á vorönn 2009.

Eins og kemur fram hér að framan gætir mikils ósamræmis í viðhorfi foreldra og nemenda til umfangs eineltis í skólanum. Á undanförunum árum hafa verið haldnir fundir til að kynna niðurstöður úr eineltiskönnunum skólans. Mæting á þessa fundi var mjög lítil. Greinilegt er að skólinn verður að leita annarra leiða til að kynna niðurstöður þessara kannananna ásamt eineltisáætlun skólans. Fram hefur komið sú hugmynd að nemendur kynni þessi mál fyrir foreldrum sínum.

2.3 Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir markmiðum og leiðum skólans í foreldrasamstarfi. Fyrst er tekið fyrir foreldrasamstarf almennt og upplýsingamiðlun til foreldra um heildaskipulag skólastarfsins. Síðan verður gerð grein fyrir samskiptum skólans við nemendur og foreldra er varðar nám og líðan einstaka barns.

2.3.1 Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Í stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008 segir að foreldrar eigi að taka virkan þátt í námi barna sinna og eiga greiðan aðgang að upplýsingum um allt sem snýr að skólagöngu þeirra. Í grunnskólalögum nr.91/ 2008 í 8.gr kemur fram að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalöng. Foreldrar skulu eiga tvo fulltrúa í ráðinu. Í 18.gr sömu laga kemur fram að foreldrar eiga rétt á

upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna. Í sömu grein kemur fram að eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða heyrnalausir foreldrar skuli skólinn leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Í 8. grein stendur að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði skulu vera að minnsta kosti tveir foreldrar. Í 9. gr. segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag.

Í Aðalanámskrá grunnskóla (2006) kemur m.a. fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Þar kemur einnig fram að nemendur, starfsfólk og foreldrar/forráðamenn myndi skólasamfélagið á hverjum stað.

2.3.1.1 Markmið

Rannsóknir benda til þess að þegar foreldrar taka þátt í skólastarfi er frammistaða barna þeirra betri, sjálfstraust meira og viðhorf jákvæðara. Fjarvistir og brottfall úr skólum er minna, kennarar ánægðari, foreldrar skilningsríkari og andrúmsloftið betra. Markmið með foreldrasamstarfi í Breiðagerðisskóla er:

- að upplýsingastreymi til foreldra um skólastarfið verði skilvirkt
- að vinna að félagslegu uppeldi nemenda í samvinnu við foreldra
- að vinna að virkri þátttöku allra foreldra í skólastarfinu
- að vinna að almennri velferð nemenda í samvinnu við heimilin
- að fjalla um skólanámskrá og árlegar starfsáætlanir skólans í samvinnu við fulltrúa foreldra í skólaráði skólans
- að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennari velferð nemenda í samvinnu við fulltrúa foreldra í skólaráði skólans
- að vinna að framgöngu foreldrafélags skólans

2.3.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Breiðagerðisskóli notar fjölbreyttar leiðir til að upplýsa foreldra um starfið í skólanum. Kynningar á vetrarstarfi fara fram á haustin. Markmiðið með þessum fundum er að kynna foreldrum starfið í skólanum og efla þannig tengsl heimilis og skóla. Á þessum fundum skapast líka umræðugrundvöllur um málefni árgangsins og árgangafulltrúar eru valdir úr hópi foreldra.

Námskeið fyrir foreldra 1. bekkjar er haldið á haustin. Markmiðið með námskeiðinu er að:

- foreldrar kynnist helstu áherslum og viðfangsefnum í skólanum, námskröfum, skólareglum og hvernig foreldrar geta stutt við nám barna sinna.
- foreldrar þekki stoðkerfi skólans, sérkennslu og ráðgjafabjónustu.
- foreldrar kynnist innbyrðis og kynnist betur umsjónarkennurum barna sinna.
- kennarar kynnist betur foreldrum nemenda sinna.

Upplýsingamiðlun til erlendra og heyrnaskertra foreldra. Fundir með foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku eru 3-4 yfir skólaárið á fyrsta ári nemendans. Þá er fengin túlkur til að upplýsingarnar komist örugglega til skila. Erlendu foreldrarnir fá upplýsingabækling um skóla í Reykjavík á sínu tungumáli. Þegar nemandinn hefur verið eitt ár í skólanum eru foreldrafundir skólans fyrir þessa nemendur haldnir með túlk þar sem þurfa þykir. Sama á við um börn sem eiga heyrnalaus foreldra. Þá er fengin táknmálstúlkur á foreldrafundi og helstu viðburði í skólanum. Bréf um upplýsingar um skólastarfið svo sem ferðalög, foreldrafundi, skemmtanir og fleira, eru send til erlendra foreldra á móðurmálinu. Þessi bréf er að finna á heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Kynntar eru ýmsar slóðir á veraldarvefnum sem eru með upplýsingar fyrir foreldra, Mentor upplýsingakerfið og heimasíða skólans er kynnt fyrir þeim.

Heimasíða skólans gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun skólans til foreldra/forráðamanna og gefur foreldrum í auknum mæli innsýn inn í líf og starf barnanna í skólanum. Heimasíðan hefur komið í staðinn fyrir fréttabréfið sem áður var gefið út nokkrum sinnum á ári. Á heimasíðunni er greint frá viðburðum úr skólalífinu, fréttir sem tengjast skólastarfinu, þar er árganganámskránnar að finna, ásamt Boðbera, skólanámskrá Breiðagerðisskóla. Þar er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir nemendur og foreldra.

Tölvupóstur frá kennurum og skólastjórnendum til að upplýsa foreldra/forráðamenn um viðburði í skólalífinu. Markvisst er unnið að því að minnka pappír og senda upplýsingar sem mest rafrænt og er það hluti af umhverfisstefnu skólans sem er í mótun.

Fréttabréf hefur verið gefið út í skólanum frá 2003. Markmiðið með útgáfu fréttabréfsins er að koma á framfæri nýjungum í skólastarfinu, greina frá viðburðum sem þykja tíðindum sæta, einnig greina frá því sem er á döfinni. Hætt verður að prenta fréttabréfið en í staðinn verður það gefið út í rafrænu formi a.m.k. tvisvar á ári. Þessi breyting er hluti af

umhverfisstefnu skólans sem er í mótun. Þeir foreldrar og forráðamenn sem ekki hafa aðgang að tölvu fá fréttabréfið sent heim.

Við skólann starfar **foreldrafélag** sem hefur það meginmarkmið að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélagið stendur fyrir hausthátíð skólans sem er fastur liður í starfinu. Auk þess hefur foreldrafélagið séð um hjólreiðadag í tengslum við hverfislögreglu og hafið sölu á peysum með nafni og merki skólans.

Foreldrafélagið hefur staðið fyrir rausnarlegum gjöfum til skólans. Árgangafulltrúar eru kosnir á hverju hausti og starfa þeir að efla félagsstarfið í árganginum í samvinnu við umsjónakennara Rík hefð er í skólanum fyrir þátttöku foreldra í ýmiss konar skemmtanahaldi svo sem jólaskemmtunum, þorrablótí og árgangaskemmtunum. Haldnar eru tvær árgangaskemmtanir á skólaárinu í samvinnu við umsjónakennara árgangsins auk þess standa árgangafulltrúar fyrir ýmsum félagslegum viðburðum fyrir alla nemendur árgagnsins fyrir utan skóla svo sem leikhúsferðir og fleira. Löng hefð er í skólanum fyrir viðamiklum jólaskemmtunum þar sem allir nemendur skólans koma fram. Fjölskyldur nemenda taka þátt í þessum skemmtunum og koma með veitingar. Þorrablót er haldið í samvinnu við foreldra nemenda í sjöunda bekk. Þar mæta nemendur með foreldrum sínum og borða þorramat. Foreldrar sjá um veislustjórn en nemendur hafa séð um að flytja minni karla og kvenna og fleiri skemmtiatriði með aðstoð umsjónakennara. Nemendur í sjöunda bekk hafa undir stjórn foreldra sinna staðið fyrir fjáröflun vegna vorferðalags árgangsins. Menningardagur er í skólanum á öskudag og mæta nemendur og starfsfólk skólans í furðufötum og er ýmsilegt til skemmtunar þann dag. Foreldrafélagið í samvinnu við önnur félaög í hverfinu tekur þátt í skemmtun í Víkinni í eftirmiðdaginn eftir að menningardegi skólans lýkur.

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 verður stofnað **skólaráð** við Breiðagerðisskóla. Áður var starfandi kennararáð og foreldraráð en bæði þessi ráð hafa verið lögð niður og sameinuð í skólaráð. Skólaráðið er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Eftir er að skipa nemendafulltrúa í skólaráðið en það er í höndum skólans. Fulltrúa foreldra sér foreldrafélagið um að tilnefna og verður það gert á næstu dögum. Foreldraráð Breiðagerðisskóla fjallaði um skólnámskrár og starfsáætlanir skólans og flyst það yfir til skólaráðs. Foreldraráð síðastliðið ár var mjög virkt í að fylgjast með öryggismálum á skólalóð og stóð fyrir undirskriftasöfnun til úrbóta.

2.3.1.3 Mat

Í foreldrakönnun skólans í febrúar 2008 kemur fram að 87,3% foreldra eru sammála og frekar sammála um að þeir séu ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum skólaárið 2007-2008. 4,8% eru

hvorki sammála né ósammála og 7,9% eru ósammála. Í foreldrakönnun Kanna frá 2006 var ekki spurt um þetta atriði og getum við því ekki séð hvort um breytingar er að ræða.

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar um viðhorf forráðamanna nemenda í september 2006 kemur fram að 83,1% foreldra fá upplýsingar frá skóla í tölvupósti og er þetta ívið lægra en almennt í borginni. Í sömu könnun kemur fram að 73,8% foreldra er mjög ánægðir eða frekar ánægðir með upplýsingagjöf skólans. Það er nánast sama niðurstaða og hjá öðrum skólum í borginni. Í þessari könnun eru foreldrar spurðir um hvort foreldrar séu ánægðir eða óánægðir með skólann sem barn þeirra er í. 71,8 % eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir. 14,1% eru hvorki né og 14,1% eru óánægðir. Ef borið er saman við skóla í Reykjavík kemur Breiðagerðiskóli verr út en skólar almennt.

Í könnun Menntasviðs á viðhorfi foreldra til skólstarfs í grunnskólum 2008 kemur fram að 98,3 % foreldra í Breiðagerðisskóla fá upplýsingar frá skóla í tölvupósti og hefur þessi þáttur verulega batnað og hefur skólinn örlítið forskot á aðra skóla í borginni. Í sömu könnun er 86,7% foreldra mjög ánægðir eða frekar ánægðir með upplýsingagjöf skólans. Þarna hefur skólinn líka örlítið forskot á aðra skóla í borginni. Þessir þættir skólstarfsins hafa eflst verulega síðan í síðustu könnun. Í þessari könnun eru foreldrar spurðir um hvort foreldrar séu ánægðir eða óánægðir með skólann sem barn þeirra er í. 71,2% eru mjög eða frekar ánægðir, 21,2% eru hvorki né og 7,6% eru óánægðir. Borið saman við könnunina 2006 eru færri foreldrar óánægðir með skólann. Ef borið er saman við skóla í Reykjavík kemur fram að Breiðagerðisskóli er næstum með sama hlutfall og aðrir skólar í borginni.

Þegar rýnt er í þessar tölur eru færri óánægðir nánast jafnmargir ánægðir en hópurinn sem skilar hvorki né er full stór. Þörf er á að skoða þennan þátt betur.

Í Kanna foreldrakönnun Breiðagerðisskóla í janúar 2006 kom fram að 87% foreldra segja skólann taka tillit til óska þeirra og athugasemda, en ósammála eru 13%.

Í foreldrakönnun skólans í febrúar 2008 kemur fram að 66,7% foreldra segja skólann taka tillit til óska þeirra og athugasemda. Hvorki sammála né ósammála eru 25,4% og ósammála eru 7,9%. Spuniningin er ekki eins orðuð, valkostir eru fleiri árið 2008 og gerir það okkur erfiðara að sjá hvort um breytingar er að ræða.

Til að skoða þennan þátt skólstarfsins notum við foreldrastoðina í matstæki um einstaklingsmiðað nám frá Menntasviði Reykjavíkur 2005. Þar kemur fram að foreldrar fá í hendur námsáætlanir heils bekkjar (3.stig) þó fær lítill hluti foreldra einstaklingsáætlun sem er rædd á sameiginglegum fundum kennara og foreldra. Upplýsingar til foreldra í fréttabréfu, á fundum, í viðtölum, á heimasíðu með tölvupósti og símtölum (3.stig). Foreldrar taka þátt í atburðum, koma reglulega í viðtöl (3.stig). Foreldrar taka þátt í mati á framförum barns síns

(5.stig) varðandi líðan en að mestu leyti á 3. stig við þar sem foreldra hlusta á mat kennara/nemenda í viðtali.

Fram hefur komið í viðtölum að foreldrar eru óöruggir í að aðstoða börn sín í stærðfræði þar sem nýjum aðferðum er beitt við námið.

2.3.1.4 Aðgerðir til úrbóta

Á undanförunum árum hafa verið haldnir fundir á haustin til að kynna vetrarstarfið. Leitað hefur verið ýmissa leiða til að ná til sem flestra. Fundirnir hafa verið snemma að morgni, seinnipart dags og eftir kl.fimm. Mæting á þessa fundi getur ekki talist viðunandi þar sem varla um helmingur foreldra barnanna mætir. Greinilegt er að skólinn verður að leita annarra leiða til að kynna vetrarstarfið. Fram hefur komið sú hugmynd að nemendur og kennarar kynni saman vetrarstarfið. Einnig hefur sú hugmynd komið fram að breyta fyrirkomulagi fundanna þannig að fundirnir verði óformlegri og foreldrar komi að skipulagi og boðun fundanna. Þannig sjáum við að samstarf skólans og foreldra verði skilvirkara og betri kynni takist milli foreldra í sama árgangi.

Niðurstöður þessara kannana verða kynntar kennurum og leitað leiða til að bæta úr ánægju foreldra með skólann. Sérstaklega er mikilvægt að ná til þess hóps sem svarar hvorki né. Skólinn þarf að gera oftast stuttar kannanir um viðhorf foreldra til afmarkaðra þátta skólastarfsins svo auðveldar sé að gera áætlanir til úrbóta.

Eins og áður segir hefur komið fram í viðtölum að foreldrar eru óöruggir í að aðstoða börn sín í stærðfræði þar sem nýjum aðferðum er beitt við námið. Því hefur verið ákveðið að bjóða foreldrum á miðstigi upp á kvöldnámskeið fyrir foreldra sem kennarar skólans sjá um.

Skólinn mun halda áfram að vinna markvisst með foreldrafélagi skólans að öflugu félagslífi nemenda skólans.

Skólaráð skólans mun taka til starfa í nóvember en foreldrafélag skólans er búið að tilnefna fulltrúa í skólaráð. Skólinn hefur einnig tilnefnt nemendur í skólaráðið.

2.3.2 Samskipti við nemendur og foreldra

Í lögum um grunnskóla nr.91/2008 í 18.gr. stendur að foreldrar skuli hafa samráð við skólann um skólagöngu barns síns, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Í 19. gr þessara sömu laga er talað um að foreldrar beri ábyrgð á námi barna sinna og þeim beri að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara. Í 27.gr

kemur m.a. fram að nemendur og foreldrar eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki.

Í stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008 segir að foreldrar eigi að taka virkan þátt í námi barna sinna og eiga greiðan aðgang að upplýsingum um allt sem snýr að skólagöngu þeirra. Lögð er áhersla á fulla þagnarskyldu starfsfólks um persónuupplýsingar nemenda og fjölskyldna þeirra. Í stefnu Breiðagerðisskóla kemur fram að skólasamfélagið samanstandi af starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum. Allt þetta fólk mótar andrúmsloftið sem ríkir í skólanum. Í Breiðagerðisskóla leggjum við áherslu á vellíðan allra. Við höfum því komið okkur saman um að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi í öllu okkar starfi:

- Við virðum skoðanir annarra.
- Við sýnum hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi.
- Við metum einstaklinginn og berum virðingu fyrir ólíkum einstaklingum.
- Við leysum ágreiningsmál friðsamlega.
- Við komum heiðarlega fram.
- Við tölum saman þegar okkur greinir á.

2.3.2.1 Markmið

Breiðagerðisskóli hefur sett sér eftirfarandi markmið:

- að allir foreldrar eigi greiðan aðgang að upplýsingum um framvindu náms og líðan barna sinna í skólanum
- að fá vitneskju um barnið frá sjónarhóli foreldranna
- að allir foreldrar finnist þeir geta leitað til skólans
- að nemendum finnist þeir geta leitað til kennara og annars starfsfólks
- að samskipti nemenda, foreldra og starfsfólks skólans einkennist af gagnkvæmu trausti og virðingu
- að nemendur fái tækifæri til að ræða um líðan sína og nám í skólanum við foreldra og kennara.

2.3.2.2 Hvernig eru markmiðin uppfyllt

Mjög mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með námi barna sinna og líðan í skólanum. Allir foreldrar hafa því aðgang að Mentor sem geymir upplýsingar um nám og gengi nemenda í skólanum. Markmiðið með skráningu í Mentor er að gefa foreldrum greiða leið að

upplýsingum um námsframvindu og ástundun nemenda í skólanum. Tölvupóstur er notaður til að upplýsa foreldra einstaklingslega um börn sín í skólanum. Einstaklingsfundir með foreldrum, nemenda og kennara eru tvisvar á vetri. Markmiðið með þessum fundum er að upplýsa foreldra og nemendur um námslega og félagslega stöðu nemandans og gefa honum og foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að ræða um skólann við kennarann. Fyrir fyrsta foreldrafund að hausti fá nemendur könnun um líðan sína og nám í skólanum með sér heim og svara með foreldrum sínum. Nemendur taka könnunina með sér í skólann þar sem foreldrar, nemandi og umsjónakennari ræða það sem fram kemur hjá nemandanum. Á seinni foreldrafundinum er námslega staða nemandans í brennidepli þó líðan og ástundun sé alltaf rædd. Auk þessara föstu funda eru einstaklingsfundir að frumkvæði kennara eða foreldra. Á þessum fundum eru umsjónakennarar og foreldrar. Auk þeirra geta verið á þessum fundum deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólastjórnandi og skólasálfræðingur eftir því sem þurfa þykir. Þar er staða nemandans í námi, ástundun hans og líðan rædd. Umsjónakennarar hafa auk þess mikið símasamband við foreldra. Þegar um foreldra erlendra barna eða heyrnalaus foreldra er að ræða er fenginn túlkur á fundina. Skólinn leggur áherslu á að foreldrar hafi greiðan aðgang að kennurum og eru því ekki fastir símaviðtalstímar heldur geta foreldrar lagt fyrir skilaboð hjá skrifstofustjóra og kennari hringir um leið og færi gefst.

2.3.2.3 Mat

Í Kanna viðhorfskönnun nemenda frá 2006 í 4. bekk kemur fram að 80 %. Í sömu könnun fyrir 7. bekk telja 71,7% nemenda sig geta talað næstum alltaf eða venjulega við umsjónakennarann ef eitthvað kemur fyrir. Í sömu könnun segja 73.1% nemenda að samskipti nemenda og kennara séu næstum alltaf eða venjulega góð.

Í könnun skólans í maí 2008 segja 85% nemenda í 4. bekk að þeir geti næstum alltaf eða venjulega talað við umsjónakennarann ef eitthvað kemur fyrir. Í sömu könnun í 7. bekk eru það 82% nemenda sem geta talað næstum alltaf eða venjulega við umsjónakennarann ef eitthvað kemur fyrir.

Þarna hafa orðið greinilegar framfarir því töluvert fleiri nemendur telja sig geta leitað til kennarans 2008 heldur en var árið 2006. Það viljum við þakka aukinni áherslu og umræðum í skólanum um líðan og markvissari lífsleiknikennslu.

Í Kanna foreldrakönnun í jánúar 2006 í 4. og 7. bekk kemur fram að 91,2 % foreldra eru sammála eða frekar sammála að það séu góð samskipti hjá nemendum í skólanum. Í sömu könnun kemur fram á 100% foreldra eru sammála eða frekar sammála að þeir séu velkomnir í skólann.

Í könnun skólans í febrúar 2008 á viðhorfi foreldra barna í 4.og 7.bekk til skólans kemur fram að 7,94% foreldra fylgjast með skilaboðum í Mentor á hverjum degi. 28,57% fylgjast með skilaboðum í Mentor nokkrum sinnum í viku. 17,46% nokkrum sinnum í mánuði og 38,10% fylgjast mjög sjaldan með skilaboðum og 7,94 % segjast aldrei fylgjast með skilaboðum í Mentor. Í sömu könnun kemur fram eru foreldrar spurðir hvort þeir hafi fundið fyrir breytingum á foreldrasamstarfi síðustu 2-3 ár. 28% foreldrar segja að foreldrasamstarfið hafi batnað mikið eða frekar batnað, 69% segja það óbreytt og 3% segja að það hafi frekar versnað. Í sömu könnun eru foreldrar spurðir hvort þeim finnst þeir velkomnir í skólann svara 79,3 % að þeir séu sammála eða frekar sammála,12,7% foreldra eru hvorki sammála eða ósammála og 8% foreldra segjast vera frekar ósammála eða ósammála.

Greinilegt er að þarna hefur orðið afturför. Færri foreldrum finnst þeir vera velkomnir í skólann árið 2008 en árið 2006. Hvaða skýringar eru á því sjáum við ekki í fljótu bragði og þarf að skoða það nánar.

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar um viðhorf forráðamanna nemenda í september 2006 er spurt um hvort foreldrar séu ánægðir eða óánægðir með viðmót umsjónakennara í samskiptum við foreldra og segjast 89,9% vera mjög ánægðir eða frekar ánægðir, 7,2% eru hvorki né og 2,9% frekar óánægðir, enginn er mjög óánægður. Í sömu könnun er foreldrar spurðir um ánægju eða óánægju með viðmót umsjónakennara í samskiptum við barnið. 92,5% foreldra eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir, 3% eru hvorki né og 3% eru frekar óánægðir og 1,5% mjög óánægður. Þarna er útkoma skólans nánast sú sama og í almennum skólum í borginni. Í þessari sömu könnun er spurt um ánægju eða óánægju með upplýsingastreymi frá umsjónakennara til foreldra um barnið. 73,9% eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir, 18,8% hvorki né 5,8% frekar óánægður og 1,4 % mjög óánægður. Þarna kemur skólinn ívið betur út en skólar almennt í borginni.

Í sömu könnun er spurt um hvort foreldrar séu ánægðir eða óánægðir með hvernig gengur að ná sambandi við umsjónarkennar ef þarf. 90,6% foreldra eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir 7,8% hvorki né, 1.6% frekar ánægðir enginn er mjög óánægður. Þarna er skólinn á svipuðum stað og skólar almennt í borginni en þó örlítið hærri.

Þegar foreldrar eru spurðir hvort umsjónakennari hafi haft samband við þá að fyrra bragði utan hefðbundinna foreldrafunda svara 62,8% játandi en 38,2 % neitandi. Þetta er mun herra hlutfalla foreldra sem svara játandi í Breiðdagerðisskóla en í almennum skólum í borginni, en þar er hlutfallið 53,9%. Í sömu könnun eru foreldrar spurðir hvort þeim hefði einhvern tímann þótt ástæða til að umsjónakennari hefði samband svara 30,8% játandi en 69,2% neitandi.

Samanburður við almenna skóla í borginni er Breiðdagerðisskóla verulega í hag þar sem 42,9%

svara játandi á almennum skólum. Samræmi er á milli þessa svars og að skólinn kemur betur út þegar spurt er hvort umsjónakennari hafi samband að fyrra bragði.

Í sömu könnun eru foreldrar spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir eru með síðasta formlega foreldraviðtal sem þeir fóru í. 83,3% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir, 13,6% hvorki né og 3% óánægðir. Samanborið við aðra skóla í borginni kemur Breiðdagerðisskóli eins út.

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar á viðhorfi foreldra til skólastarfs í grunnskólum í ágúst 2008 kemur fram þegar spurt er hvort foreldrar séu ánægðir eða óánægðir með viðmót umsjónakennara í samskiptum við foreldra að 87,3% foreldra segjast vera mjög ánægðir eða frekar ánægðir, 7,9% hvorki né og 4,8 frekar óánægðri eða mjög óánægðir. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og árið 2006 en þó hefur hlutfall ánægðra aðeins lækkað. Þetta er sama hlutfall og í skólum borgarinnar. Í sömu könnun eru foreldrar spurðir um ánægju eða óánægju með viðmót umsjónakennara í samskiptum við barnið. Þar kemur fram að 82,5% foreldra eru mjög ánægð eða frekar ánægð, 7,5% eru hvorki né og 9,5% eru frekar óánægð eða mjög óánægð. Það er lægra hlutfall foreldra sem eru ánægð með viðmót umsjónakennarans við barnið núna en árið 2006. Samanborið við borgina kemur Breiðdagerðisskóli örlítið verr út. Einnig er stærri hópur foreldra óánægður með samskiptin en var í könnuninni 2006.

Ástæður þessa eru ekki ljósar og þurfum við að skoða þennan þátt nánar.

Í sömu könnun er spurt um ánægju eða óánægju með upplýsingastreymi frá umsjónakennara til foreldra um barnið. 79,4% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir, 12,7% hvorki né og 7,9% foreldra eru óánægðir. Samanborið við árið 2006 hefur hlutfall ánægðra hækkað en samanborið við skóla í borginni erum við örlítið hærri. Í sömu könnun er spurt um hvort foreldrar séu ánægðir eða óánægðir með hvernig gengur að ná sambandi við umsjónarkennar ef þarf. Þar eru 90,9% foreldra mjög ánægðir eða frekar ánægðir, 7,3% hvorki né og 1,8% mjög óánægðir. Þetta er svipuð og í könnuninni frá 2006 og samanborið við borgina kemur skólinn eins út og borgin. Þegar foreldrar eru spurðir hvort umsjónakennari hafi haft samband við þá að fyrra bragði utan hefðbundinna foreldrafunda svara 61,3% foreldra játandi en 38,7% neitandi. Þetta er svipuð útkoma og í könnuninni 2006 en samanborið við Reykjavík er þetta mun betri útkoma. 54,3% svara þessari spurningu játandi í skólum borgarinnar. Í sömu könnun eru foreldrar spurðir hvort þeim hefði einhvern tímann þótt ástæða til að umsjónakennari hefði samband svara 29,2% játandi og 70,8% neitandi. Samanborið við könnunina 2006 er ekki marktækan mun að ræða. Samanborið við skóla í borginni kemur Breiðdagerðisskóli vel út. Í skólum í borginni svara 38,7% játandi.

Í sömu könnun eru foreldrar spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir eru með síðasta formlega foreldraviðtal sem þeir fóru í. 80,3% mjög eða frekar ánægðir, 8,2 % hvorki né og 11,5% óánægðir. Samanborið við aðra skóla í borginni erum við örlítið lægri.

Í vinnustaðagreiningu Gallup fyrir grunnskóla Reykjavíkur mars/apríl 2007 er starfsfólk spurt hvort það leggi mikið á sig til koma til móts við nemendur og foreldra þeirra. Skólinn kemur út á styrkleikabili með 4,60 og skólar í borginni eru líka á styrkleikabili með 4,52. Einnig er starfsfólk spurt þegar á heildina er litið hversu góð eða slæm eru samskipti við foreldra. Skólinn kemur út á styrkleikabili með 4,40 en skólar í borginni eru líka á styrkleikabili með 4,32.

Í viðhorfskönnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008 er ekki spurt um þetta atriði svo ekki er hægt að bera saman hvort um breytingar milli ára er að ræða.

Þegar niðurstöður þessara kannana eru skoðaðar kemur í ljós að skólinn er að standa sig vel í samskiptum og miðlun upplýsinga til foreldra. Þó eru þrjú atriði sem skólinn þarf að skoða nánar. Færri foreldrum finnst þeir vera velkomnir í skólann nú miðað við árið 2006. Færri foreldrar eru ánægðir með samskipti umsjónakennara við barnið sitt nú en árið 2006 og færri foreldrar eru ánægðir með síðasta formlega foreldraviðtal. Einnig kemur fram að starfsfólk í skólanum leggur sig mikið fram við að koma til móts við nemendur og foreldra og telja samskiptin á heildina litið vera góð.

2.3.2.4 Aðgerðir til umbóta

Skólinn þarf að halda áfram á sömu braut að vinna að upplýsingamiðlun til foreldra um nám barna sinna. Þó að færri foreldrum séu ánægðir með síðustu foreldraviðtöl þá er meira en 80% foreldra ánægðir með þau. Þörf er á umræðum um þennan þátt á kennarafundi og á fundum með fulltrúum foreldra til að finna leiðir til frekari úrbóta. Foreldraviðtölin eru tilvalin vettvangur til að bæta samskiptin þar sem allir foreldrar mæta með börn sín í þessi viðtöl. Með markvissari skipulagningu foreldraviðtala og virkari þátttöku foreldra og nemenda í undirbúningi þeirra er hægt að ná fram enn jákvæðara viðhorfi og betur upplýstari foreldrum. Árið 2006 fannst öllum foreldrum þeir vera velkomnir í skólann. Þetta var afmælisár skólans og mikil samvinna var við foreldra um afmælishátíð skólans. Á starfsmannafundi og fundum með fulltrúum foreldra verður leitað leiða til að foreldrar finni að þeir séu velkomnir í skólann. Hugmynd er að foreldrum væri boðið að koma og taka þátt í afmörkuðum verkefnum t.d. á þemadögum.

Yfir 80% foreldra er ánægðir með samskipti umsjónakennarans við barn sitt í könnun 2008, en það er ívið færri en árið 2006. Rætt verður á samstarfsfundum mikilvægi umsjónakennarans og jákvæð samskipti heimilis og skóla.

3 VERKLAG

3.1 Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttir kennsluhættir

Þegar talað er um einstaklingsmiðað nám er átt við að skólinn mæti þörfum nemenda þar sem nemendur eru staddir án þess þó að minnka kröfurnar. Hugmyndir um einstaklingsmiðað nám eru runnar frá nokkrum fræðimönnum s.s. Jerome Bruner, John Dewey, Jean Piaget og Vygotsky. Allir þessir fræðimenn leggja áherslu á að nemandinn sé í brennidepli og að nám sé byggt á fyrri þekkingu nemandans. Þessar kenningar ganga undir nafninu hugsmíðahyggja og er einstaklingsmiðað nám tengt þeim. Þar sem námið byggist á fyrri reynslu nemandans getur útfærsla námsins ekki verið sú sama hjá hverjum og einum þar sem reynsla og bakgrunnur nemenda er ólíkur. Bandaríski heimspekingurinn John Dewey (1938) talar um skólann sem lifandi samfélag, þar sem barnið er virkur þátttakandi. Dewey lítur á að öll sönn menntun eigi sér stað með tilstyrk reynslu. Hann skiptir reynslunni í menntandi reynslu og neikvæða reynslu og það er hlutverk hins fullorðna að greina þarna á milli. Hann talar líka um að skólinn þurfi að taka stöðugt til greina það umhverfi sem hann er í. Mikilvægt er að viðfangsefnin séu hæfilega erfið, hvorki of einföld né of flókin. Það er hlutverk kennarans að velja viðfangsefni af hæfilegri þyngd fyrir nemendur. Áhugi nemanda er mikilvægur í þessu ferli og nauðsynlegt að byggja á honum. Dewey talar um mikilvægi þess að nemendur læri í gegnum raunveruleg viðfangsefni sem eru menntandi og leiði til aukins þroska. Hann varar við öfgafullum andstæðum og þeirri tilhneigingu að setja skoðanir sínar fram sem annaðhvort eða og viðurkenna enga möguleika þarna á milli. Þetta eru allt sjónarmið sem eiga enn við í dag. Fjölbreyttar kennsluáferðir eru nauðsynlegar og líklega besta leiðin til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Dewey talar um að aðaluppspretta félagslegs taumhalds búi í þeirri vinnu sem sameiginleg verkefni skapa þar sem hver og einn á þess kost að leggja sitt af mörkum og þar sem allir finna til ábyrgðar. Hlutverk kennarans í skipulaginu er að skipuleggja námið þannig að það krefjist þátttöku allra. Ann Tomlinson segir að það sé mikilvægt í einstaklingsmiðuðu námi að námið og kennslan skipti nemandann máli, að námið tengist þeim heimi sem þau þekkja. Einnig að námið bjóði upp á raunveruleg viðfangsefni og komi nemendum að gagni strax í einhverju sem skiptir nemandann máli. Í inngangi að kaflanum íslenska sem annað tungumál í Aðalnámskrá (2006) segir að markmiðið með kennslu í íslensku í sem öðru tungumáli sé að gera nemendur hæfa til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðga þannig íslenskt samfélag. Íslenskan er lykilinn að íslensku skólatafi, íslensku samfélagi, virku tvítyngi og tveimur menningarheimum

3.1.2 Markmið

Meginmarkmið með einstaklingsmiðuðu námi er :

- að mæta þörfum nemenda þar sem nemendur eru staddir án þess þó að minnka kröfurnar
- að námið byggji á reynslu og þekkingu nemenda
- að gefa nemendum einnig tækifæri til að vinna saman að viðfangsefnum sínum
- að nemendur fari í gegnum ákveðna grunnþætti sem gerð er grein fyrir í árganganámskrá
- að nemendur tileinki sér námsefnið eftir mismunandi leiðum og á mismunandi hraða
- að sterkar hliðar nemenda nýtist
- að nemendur eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að nemendur af erlendum uppruna fái kennslu við hæfi

3.1.3 Hvernig eru markmið uppfyllt

Breiðagerðisskóli nálgast einstaklingsmiðað nám á þann hátt að allir nemendur fara í gegnum ákveðna grunnþætti í námsefninu. Nemendur geta tileinkað sér námsefnið á mismunandi hraða og eftir mismunandi leiðum. Það mótast af getu og áhuga nemenda. Fjölbreyttar kennsluaðferðir koma til móts við nemendur. Nemendur tileinka sér námsefnið eftir mismunandi leiðum þannig að sterkar hliðar nemenda nýtist. Lögð er áhersla á að nemendur læri hver af öðrum í gegnum viðfangsefni og sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum eflist. Kennaranum er ætlað að aðlaga kennslu sína að nemendahópnum og þarf því að beita mismunandi kennsluaðferðum og vera með mismunandi viðfangsefni fyrir nemendur sína. Nemendur sem ekki geta fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá sem er lögð að þroska og getu hvers og eins. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu sérkennara skólans og kennara árgangsins. Hún er kynnt foreldrum og nemendum. Í einhverjum tilfellum er einstaklingsáætlunin unnin í samvinnu við foreldra. Í nútímaþjóðfélagi reynir á samskiptahæfni, samvinnu og umburðarlyndi. Til þess að vera fær um að aðlagast breyttum aðstæðum þurfa nemendur að öðlast færni í samskiptum. Auk þess að veita námslegan stuðning hefur verið lögð áhersla á sérstaka félagsfærniþjálfun í skólastarfinu fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með samskipti.

Gott vald á íslensku máli er forsenda þess að nemendur með annað móðurmál en íslensku geti stundað nám til jafns við nemendur sem hafa íslensku að móðurmáli. Nauðsynleg forsenda

náms í íslensku er að nemandinn hafi vald á móðurmáli sínu. Því er mikilvægt að hvetja foreldra/forráðamenn til viðhalda móðurmálinu á heimilunum. Í skólanum þarf nemandinn líka að fá tækifæri til að iðka móðurmál sitt. Það er gert á eftirfarandi hátt:

- Nemendur hafa aðgang að netinu til samskipta við vini, ættingja, skólafélaga og kennara erlendis
- Nemendur hafi aðgang að kennslu- og fræðsluefni á móðurmáli sínu
- Nemendur fá tækifæri til að vinna ýmis verkefni í skólastarfinu á móðurmáli sínu
- Nemendur fái aðgang eins og mögulegt er að barnabókum á móðurmáli sínu

Nemendur með annað móðurmál en íslensku stunda nám í sínum árgangi. Þau fá nokkrar kennslustundir á viku í íslensku fyrir utan árganginn. Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur og heldur utan um þá kennslu. Í þessum tímum er lögð áhersla í fyrstu á íslenska hljóðkerfið, uppbyggingu orðaforða og myndun einfaldra setninga. Einnig er farið yfir menningartengd atriði sem mikilvæg er fyrir nemendur að þekkja svo sem siði og venjur í kringum hátíðir. Tvítýngdir nemendur í skólanum fást við sama námsefni og aðrir nemendur nema það er aðlagð að málfærni þeirra. Þegar um er að ræða nemendur sem hafa litla sem enga kunnáttu í íslensku er mikilvægt að styðjast við myndir og sýnikennslu. Íslenskan er kennd í gegnum námsgreinar og er því mikilvægt að útskýra lykilhugtök og orðaforða í hverri námsgrein fyrir sig. Lögð er áhersla á skýr markmið og að draga aðalatriði úr texta án málalenginga.

Eins og fram kemur í stefnu skólans byggir kennslufræðilegur grunnur á einstaklingsmiðuðu námi. Heppilegasta leiðin til að tryggja einstaklingsmiðað nám teljum við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem einstaklingarnir geta fengið að njóta sín, nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni eftir fjölbreyttum leiðum og læra hver af öðrum. Hér verður gerð grein fyrir helstu kennsluaðferðum sem notaðar eru í skólanum. Í þessari samantekt var stuðst við bækur Ingvars Sigurgeirssonar „Litróf kennsluaðferðanna“ og „Að mörgu er að hyggja“ vef Ingvars um sama efni, bókina „Allir geta eitthvað engin getur allt“ eftir Guðrúnu Pétursdóttur og greinar í Netlu vefriti KHÍ.

Bein kennsla og einstaklingsvinna er þegar kennarinn leggur inn ákveðin viðfangsefni og nemendur vinna einstaklingslega eða fleiri saman að lausn viðfangsefna. Kennarinn stýrir vinnunni og aðstoðar nemendur við lausn verkefna. Þessi kennsluaðferð er góð þegar verið er að þjálf ákveðna færni og nemendur eru að læra ný viðfangsefni sem þurfa útskýringa við.

Söguaðferð er kennsluaðferð sem byggist jöfnum höndum á umræðum, virku leitarnámi og skapandi viðfangsefnum. Kjarni aðferðarinnar er tiltekin saga með söguviði, persónum og

atburðarás. Nemendur eru virkir við að móta söguna og setja sig í spor persónanna og leita svara við mikilvægum spurningum um vandamál sem persónurnar standa frammi fyrir. Sagan skiptist í kafla og í hverjum kafla glíma nemendur við ákveðnar lykilsurningar. Þessi kennsluáðferð krefst mikillar samvinnu og samræðna af nemendum og er því vel til þess fallin að efla nemendur því innan hennar geta allir fundið verkefni við hæfi. Áðferðin eflir einnig skilning og næmi fyrir skoðunum annarra og styrkir félagstengsl innan hópsins.

Samvinnunám er kennsluáðferð sem byggir á því að nemendum er skipt í hópa og þeir leysa ákveðin verkefni í samvinnu. Hópurinn eru samábyrgur fyrir því að allir meðlimir hópsins tileinki sér námsefnið. Með þessari kennsluáðferð er fjölbreytileiki nemendahópsins nýttur. Hver meðlimur hópsins fær ákveðið hlutverk sem er vel útfært. Með því að nýta sér fjölbreytileika nemenda fá nemendur tækifæri til að efla félagsfærni sína og hafa samskipti við einstaklinga með ólíka námshæfni, af ólíku kyni og af ólíkum uppruna. Nemendur ná því að vinna saman sem einstaklingar, sem hluti af hóp og sem samstarfsfólk við að ná sameiginlegum markmiðum.

Valsvæði og hringekjur, þá er kennslustofunni er skipt upp í svæði og á hverju svæði eru ákveðin verkefni sem nemendur eiga að leysa. Í sumum tilfellum er nemendum skipt niður á svæðin og fara á svæðin eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi. Í öðrum tilfellum ráða nemendur sjálfir í hvaða röð þeir vinna verkefni á svæðunum.

Hópvinna er sameiginlegt nafn yfir kennsluáðferðir þar sem hóp er falið í sameiningu að leysa ákveðin verkefni. Eitt af markmiðum hópvinnu er að þjálfar nemendur í samvinnu.

Þemanám er umfangsmikið viðfangsefni sem gengur þvert á námsgreinar. Viðfangsefnið sjálft stýrir því hvaða þekkingar er aflað eða að námið er skipulagt með hliðsjón af ákveðnum námsgreinum.

Hópvinna og þemanám er nokkrum sinnum á vetri skipulagt þvert á aldur. Yngsta stigið annars vegar og miðstigið hins vegar vinna þá saman að ákveðnum verkefnum. Markmiðið með því er að nemendur kynnist yngri og eldri nemendum og vinni saman að áhugaverðum viðfangsefnum.

Útikennsla er kennsluáðferð sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum árum. Þarna er umhverfi nemenda notað og skólastarfið fært út fyrir skólastofuna. Nemendur vinna verkefni sem tengja náttúruna og námsgreinar saman og vinna að lausn viðfangsefna á annan hátt en innan dyra. Þarna kynnast nemendur um leið sínu nánasta umhverfi, njóta útiveru og nota öll skilningarvit sín við námið. Útikennsla er bundin í stundaskrá hjá 1. – 5. bekk.

Í Aðalnámsskrá Grunnskóla (2007), Náttúrufræði og umhverfismennt segir að:

„Litið er svo á að útikennsla, það að flytja kennslu að einhverju leyti út fyrir vegg skólans, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera hollt bæði líkama og sál. Útikennsla er sérstaklega nauðsynleg í náttúrufræðinámi þar sem úti í samfélagi, umhverfi og náttúru er sá raunveruleiki sem börnin eru að læra um og þurfa að þekkja, skilja og skynja. Það er því mikilvægt að skólar samþætti útikennslu í skólanámskrá sína með það m.a. að markmiði að kynna nemendum nánast umhverfi sitt og efla vitund og virðingu fyrir því.”

Þemadagar / Elliðaárdalur

Þemadagar eru hluti af skólastarfinu. Í þemavinnu er lögð áhersla á samvinnu og þar er unnið er þvert á námsgreinar. Þar gefst nemendum kostur á að kynnast nemendum í öðrum árgöngum. Verkefnaval þemadaga eykur fjölbreytni í skólastarfinu. Sem dæmi um verkefni sem tekin hafa verið fyrir á þemadögum má nefna landafundi, kristnitöku, slysavarnir, trúarbrögð og siðvenjur fjarlæggra þjóða.

Kennarar Breiðagerðisskóla hafa iðulega farið með nemendum sína í Elliðaárdalinn og nýtt kosti dalsins til fræðslu og útivistar. Frá vorinu 2003 hefur verið unnið á þemadögum eftir markvissri áætlun að verkefnum sem tengjast Elliðaárdalnum.

Þessir þemadagar eru fastir liðir í skólastarfinu og er hluti af útikennslu í skólanum. Þeir hafa m.a. það markmið að kynna nemendum nánasta umhverfi sitt og efla vitund og virðingu fyrir því. Í lok verkefnisins fer fram mat á vinnu nemenda. Skólinn hefur notið aðstoðar starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur við leiðsögn og fræðslu í dalnum.

Verkefni aldurshópanna eru sem hér segir:

1. bekkur, heimsókn í Árbæjarsafnið
2. bekkur, fuglar og umhverfisfræðsla
3. bekkur, gróðurfar, tré og trjárækt
4. bekkur, árnar og fiskar
5. bekkur, dulin veröld, skordýrin
6. bekkur, jarðfræði og mannvirki í dalnum
7. bekkur, saga dalsins, mannlíf, örnefni, bæir, og þjóðsagnir. Nemendur 7. bekkja hafa unnið stuttmyndir um efnið. Stuttmyndirnar hafa verið sýndar við skólaslit með foreldrum og starfsfólki skólans.

Þegar nemendur hafa lokið sjö ára skólagöngu sinni í Breiðagerðisskóla hafa þeir öðlast nokkra þekkingu á jurta- og dýralífi í dalnum, jarðsögu, örnefnum og þeim mannvirkjum sem þar er að finna. Með það veganesti í farteskinu ættu þeir að njóta útivistar í þessari perlu Reykjavíkur betur en annars hefði verið.

Vettvangsferðir eru námsferðir sem tengjast viðfangsefnum sem nemendur hafa verið að læra um. Dæmi um vettvangsferðir í skólanum eru: ferð á Þjóðminjasafnið og Landnámssetrið, ferðir á listasöfn, ferð á Sögusafnið, heimsókn í Rafheima, heimsókn á Borgarbókasafnið í Kringlunni í tengslum við vinnu nemenda á bókasafni skólans, ferðir á vinnustaði s.s. eins og Mjólkursamsöluna, Slökkviliðið og Lögreglustöðina. Ferðir í húsdýragarðinn og vinnumorgun þar er einn af föstum liðum í skólastarfinu. Auk þess koma fræðimenn og listamenn í heimsókn í skólann og kynna nemendum starf sitt í tengslum við nám þeirra.

Skólaferðalög eru farin á haustin eða vorin. Nemendur fara í ferðalög með kennurum sínum á hverju skólaári.

Markmið ferðanna eru:

- að nemendur kynnist nánasta umhverfi sínu
- að nemendur kynnist náttúru landsins, atvinnuháttum og menningu
- að nemendur læri að umgangast landið og njóta útivistar
- að nemendur njóti samveru undir leiðsögn kennara

Ferðirnar eru oftast farnar á vorin og eru þá gjarnan tengdar því námi sem börnin hafa verið að stunda s.s. ferð í Reykholt í tengslum við Snorra Sturluson, ferð á Þingvelli í tengslum við sögu og landafræði. Nemendur í 7. bekk hafa farið í tvær ferðir, á haustin hefur verið farið á Úlfliótsvatn í tvo daga og síðan hefur verið farið í þrjú daga ferð á vorin.

Samsöngur er hluti af námi barna í skólanum. Nemendur koma saman með kennurum sínum í listaskála skólans og syngja undir stjórn tónmenntakennara skólans.

Markmiðin með samsöngnum eru að:

- efla enn og viðhalda sönghefð í skólanum
- eiga jákvæðar samverustundir
- læra fleiri söngva utanbókar
- styrkja ljóðapáttinn í bókmenntum
- benda á að mismunandi söngvar tilheyra hinum ýmsu árstíðum

Skólabókasafninu er ætlað að styðja dyggilega við allt skólastarfið og eitt af meginmarkmiðum þess er að hvetja nemendur til lesturs sér til gagns og ánægju og kynna fyrir nemendum þá möguleika sem skólasafnið býður upp á til yndislesturs og upplýsingaöflunar. Í kennslustundum á safninu er nemendum m.a. kennt að nota útlánskerfi safnsins og nemendur kynnast þar undirstöðuatriðum Dewey-flokkunarkerfisins. Grunnatriði í heimildaöflun eru kennd.

Markmið safnsins eru m.a.:

- að nemendur læri að nota safnið við nám og til skemmtunar

- að safnkosturinn hafi fræðslu og uppeldislegt gildi og sé aðgengilegur öllum nemendum og starfsfólki skólans
- að hjálpa nemendum að verða sjálfbjarga við að afla heimilda við skólatengd verkefni og finna þau gögn sem safninu tilheyrir
- að örva áhuga nemenda á bókum og lestri
- að þjálfa hlustun og eftirtekt með sögustundum
- að allir nemendur fái bókasafnsfræðslu.

Dagblöð í skólastarfi er fastur liður í skólastarfinu. Breiðagerðisskóli hefur á síðustu árum tekið þátt í samstarfsverkefni um notkun dagblaða í kennslu. Nemendur í 7. bekk fá send dagblöð í skólann í eina viku og vinna nemendur og kennarar ýmis verkefni upp úr dagblöðunum. Náms efni hefur verið unnið um notkun dagblaða í kennslu fyrir 3. og 7. bekk. Með þátttöku í dagblaðaverkefninu er reynt að vekja áhuga nemenda á málefnum líðandi stundar og gera nemendur að virkum neytendum fjölmiðla. Nemendur fá tíma í skólanum til að lesa blöðin og fá aðstoð við að skoða efni blaðanna á gagnrýninn hátt.

Útileikir eru einn liður skólastarfsins. Lögð er áhersla á að kenna nemendum ýmsa útileiki. Nokkrum sinnum á vetri er almenn bóknámskennsla lögð niður í tvær kennslustundir. Þá eru nemendur og allt starfsfólk úti á skólalóð og fara í ýmsa leiki. Útileikjadagarnir hafa jákvæð áhrif á samskipti nemenda í frímínútum. Boltar og ýmis önnur útigull eru í hverri kennslustofu.

Stóra upplestrarkeppnin er haldin árlega meðal nemenda í 7. bekk. Hún hefst formlega á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur í mars.

Markmið keppinnar er að vekja athygli og áhuga nemenda á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn fer fram í skólanum og taka þá allir nemendur þátt. Að lokum eru tveir nemendur valdir sem fulltrúar skólans til að taka þátt í lokakeppni skólanna í hverfi 2.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda NKG er keppni í nýsköpun fyrir alla aldurshópa grunnskólans. Keppnin fer fram allan ársins hring. Markmið keppinnar er að virkja sköpunarkraft barna og unglinga í landinu. Lokahóf er á haustin að undangenginni vinnusmiðju þar sem hugmyndir sem komast í úrslit eru útfærðar frekar með aðstoð leiðbeinenda. Jóhann Breiðfjörð hefur komið í heimsókn til 5. bekkja í skólanum og kynnt þeim nýsköpun og sjálfa nýsköpunarkeppnina. Allir nemendur skólans fá afhent þátttökueyðublað og eru hvattir til að taka þátt. Stefnt er að því að hafa nýsköpunardag í skólanum í tengslum við keppnina. Í NKG 2008 verður lögð áhersla á eftirfarandi flokka:

orku og umhverfi, uppfinningar, hugbúnað / tölvuleiki, slysavarnir og almennan flokk. Tekið er á móti hugmyndum til 30. apríl ár hvert.

Heimanám er hluti af námi nemenda. Skóladagurinn hefur lengst hjá nemendum á undanförunum árum. Því hafa orðið umræður um heimanám og tilganginn með því. Markmið með heimanámi nemenda er að nemendur fái frekari þjálfun í grunnþáttum námsins sem og að tengsl skóla og heimilis eflist. Heimanámið skal ávalt vera einstaklingsmiðað. Heimanám er mikilvægur hluti af námi nemenda. Það stuðlar að betri námsárangri og því er nauðsynlegt að nemendur skilji mikilvægi þess að vinna vel og skipulega.

Gott samstarf milli heimila og skóla er mikilvægt og getur skipt sköpum um árangur í námi. Áhugi, aðstoð og hvatning frá foreldrum ber alltaf árangur.

Stefnt er að því að allir nemendur skólans lesi í 15-20 mínútur á hverjum degi, annað hvort bók að eigin vali eða lestrarbók. Kröfur um heimanám má sjá í árganganámskrám og fer eftir aldri nemenda. Heimanámi skal þó stillt í hóf og gefinn góður tími til að vinna það. Yngri nemendur fá vikuáætlun um heimanám en eldri nemendur skrifa sjálfir heimanám í skóladagbækur. Foreldrar geta séð heimanámsáætlanir í Mentor.

3.1.4 Mat

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar um viðhorf forráðamanna nemenda í september 2006 kemur fram að 66,7% foreldra telja að barnið fái yfirleitt verkefni við hæfi í skólanum, 25,8% foreldra telja að börnin fái stundum verkefni við hæfi, 6,1% sjaldan og 1,5% að börnin fái aldrei verkefni við hæfi. Spurning um hvort heimavinna barns sé hæfileg, of mikil eða of lítil svara 61,2% að heimavinna sé hæfileg, 7,5% að hún sé of mikil og 31,3% að heimavinna sé of lítil. Samanborið við almenna skóla í Reykjavík er Breiðagerðisskóli nokkrum prósentustigum lægri í öllum þessum þáttum.

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar um viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum í ágúst 2008 kemur fram að 75,4% foreldra telja að barnið fái yfirleitt verkefni við hæfi í skólanum, 19,7% segja stundum og 4,9% segja sjaldan. Ekkert foreldri segir að barnið fái aldrei verkefni við hæfi. Samanborið við almenna skóla í Reykjavík árið 2008 finnst fleiri foreldrum í Breiðagerðisskóla börn sín fá verkefni við hæfi og er það breyting frá fyrri könnun þar sem við erum aðeins yfir meðaltali í Reykjavík. Spurning um hvort heimavinna barnsins sé hæfileg, of mikil eða of lítil segja 66,1% foreldra að heimavinnan sé hæfileg, 19,4% telja hana of mikla og 14,5% telja hana of litla. Færri foreldrum í Breiðagerðisskóla miðað við almenna skóla í Reykjavík finnst heimavinna barna sinna hæfileg.

Í könnun skólans á viðhorfi foreldra barna til skólastarfsins í 4.og 7.bekk í febrúar 2008 kom fram að 87,3 % foreldra sammála eða frekar sammála um að barnið fái verkefni við hæfi í skólanum.9,5% eru hvorki sammála né ósammála og 3,2 % eru frekar ósammála. Þegar spurt er um hvort unnið sé með fjölbreyttum kennsluáðferðum í skólanum eru 74,2% sammála eða frekar sammála, 22,6% eru hvorki sammála né ósammála og 3,2% frekar ósammála eða ósammála. Í Kanna viðhorfskönnun frá 2006 var ekki spurt um þessi atriði og er því ekki hægt að sjá hvort breytingar hafa átt sér stað milli ára

Í könnun skólans til foreldra í 4.og 7.bekk í febrúar 2008 var spurt um hvort heimanám barnsins sé hæfilegt kom fram að 88,5% voru sammála eða frekar sammála um að heimavinna barnsins sé hæfileg , 6,6% voru hvorki sammála né ósammála, 4,9% voru frekar ósammála eða ósammála.

Ósamræmis virðist gæta á viðhorfi foreldra í fjórða og sjöunda bekk til heimanáms þegar þær niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður könnunar Menntasviðs á viðhorfi foreldra til heimanáms en könnun skólans nær aðeins til tveggja árganga. Í könnun skólans eru mun feiri foreldrum sem finnst heimanámið hæfilegt.

Í Kanna könnun skólans á viðhorfi nemenda í 7.bekkí febrúar 2006 var spurt um heimanám Þar kemur fram að 58,% nemenda telja alveg hæfilegt, 37,7% frekar erfitt og 3,8% vinna sjaldan heima. Í sömu könnun hjá nemendum í 4.bekk kemur fram að 36,9 % nemenda finnst heimanámið skemmtilegt, 32,3% hæfilegt og 26,2% of mikið og 4,6% of erfitt.

Í könnun skólans á viðhorfi nemenda í 7.bekk í maí 2008 var spurt um heimanám. Þar kemur fram að 73% finnst heimanámið hæfilegt, 20% frekar erfitt og 5% finnst það of erfitt og 2% of lítið. Í sömu könnun hjá nemendum í 4.bekk kemur fram að 71% nemenda finnst heimanámið hæfilegt, 17% mikið og 3% of erfitt og 9% of lítið.

Þegar svör nemenda um heimanámið eru skoðuð kemur fram að heimanámið hentar fleirum árið 2008 en 2006.

Mjög misjafnar skoðanir eru á heimanámi bæði hjá foreldrum og nemendum. Skoða þarf áherslur í heimanámi með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms.

Í nemendakönnun í 4. bekk Breiðagerðisskóla í maí 2008 kemur fram að 91% nemenda telja sig næstum alltaf eða venjulega ráða við námsefnið. 9% nemenda segja stundum og enginn aldrei. Í sömu könnun segja 44% nemenda að þeir vinni hópverkefni eða samvinnuverkefni í kennslustundum.

Í nemendakönnun í 7. bekk Breiðagerðisskóla í maí 2008 kemur fram að 89% nemenda telja sig næstum alltaf eða venjulega ráða við námsefnið, 5% segja stundum og 7% næstum aldrei.Í sömu könnun kemur fram að 66% nemenda segja að þeir vinni hópverkefni eða

samvinnuverkefni í kennslustundum. Í könnuninni 2006 voru nemendur ekki spurðir hvort þeir réðu við námsefnið og er því ekki hægt að sjá hvort um breytingar er að ræða. Greinilegt er að samvinna nemenda og hópverkefni eru ekki nægilega stór þáttur í skólastarfinu. Það samrýmist ekki stefnu skólans þar sem lögð er áhersla á samvinnu nemenda.

Hvað varðar verkefni við hæfi er greinilegt á síðustu könnunum að skólinn hefur náð árangri í að koma til móts við sem flesta nemendur. Kemur þetta fram bæði hjá nemendum og foreldrum þeirra. Um 90% nemenda í 4.og7.bekk árið 2008 telja sig ráða við námsefnið og tæp 90% foreldra telja árið 2008 að börn sín fái viðfangsefni við hæfi í skólanum.

Í vinnustaðagreiningu Gallup í mars/apríl 2007 er spurt hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla. Breiðagerðisskóli kemur út með 3,78 sem er á starfhæfu bili. Samanborið við skóla í borginni kemur Breiðagerðisskóli betur út en í skólar í borginni en þeir fengu 3,42 á aðgerðarbili. Ekki er spurt um þennan þátt í vinnustaðakönnun Reykjavíkurborgar í ágúst 2008 og því ekki hægt að sjá hvort breytingar hafa orðið.

Til að skoða hvar skólinn er staddur í þróun einstaklingsmiðað náms notum við þrjár stoðir í matstæki um einstaklingsmiðað nám frá menntasviði Reykjavíkur 2005. Þegar námsumhverfsstoðin er skoðuð kemur eftirfarandi í ljós: Flestir nemendur vinna á vinnusvæðum og fara að hluta til á milli rýma (4.stig). Vinna nemenda sýnileg um alla skólabygginguna, efni aðgegnilegt fyrir nemendur (5.stig). Opið hálfá gátt á milli rýma (3.stig), 9-11 nemendur um hverja tölvu (3.stig). Upplýsingamiðstöð með vinnuvæðum og tölvum, notuð af einstaklingum og hópum, fjölbreyttur bókakostur og önnur gögn (5.stig). Þegar nemendastoðin er skoðuð kemur eftirfarandi í ljós að skólinn er á 3. stigi í öllum þáttum. Þegar viðhorfastoðin er skoðuð kemur í ljós að nám nemenda er í brennidepli (5.stig), skólinn talinn vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna (5.stig), Talið er sjálfsagt að allir nemendur geti lært og skólinn sé fyrir alla(5.stig). Viðurkennt að einstaklingar eru ólíkir, mismunandi námsaðferðir, markmið og framgangur viðurkenndur (5.stig). Teymisvinna, sameiginleg ábyrgð og sameiginleg símenntun talin sjálfsögð (5.stig). Talið sjálfsagt að skólastjórinn sé faglegur stjórnandi skólans og samhæfi samhæfi samvinnu starfsmanna (5 stig). Upplýsingamiðlun talin mikilvæg og foreldrar velkomnir í skólann (3.stig).

3.1.5 Aðgerðir til umbóta

Allir kennarar skólans taka þátt í þróunarverkefnum skólaárið 2008-2009. Þessi þróunarverkefni fjalla um lestur og lesskilning. Í þessum verkefnum er lögð áhersla á kennslu

í fjölbreyttum nemendahópi og eru kennarar þjálfaðir í kennsluaðferðum sem byggja á samvinnu nemenda og virkni allra í hópnum.

Stefnt er að því í skólanum skólaárið 2008-2009 að vinna upp myndasafn til að útskýra lykilhugtök og grunnorðaförða í námsgreinum sem nýtist nemendum af erlendum uppruna. Samvinna árganga í afmörkuðum verkefnum hefur verið aukin á þessu skólaári. Allir nemendur í 2.- 4. bekk vinna í hringekju einu sinni í viku. Markmiðið er að allir nemendur á miðstigi vinna saman að afmörkuðum verkefnum nokkrum sinnum á skólaárinu. Þetta er þáttur í að nemendur á mismunandi aldri vinni saman og læri hver af öðrum.

Útikennsla hófst í skólanum haustið 2006 og var tekin upp haustið 2007 í 1.- 4.bekk. Haldið er áfram að þróa útikennslu og er 5.bekk með í fyrst sinn í vetur. Þessi kennsluaðferð eykur fjölbreytni og kemur til móts við alla sérstaklega drengi.

Þegar hafa verið haldnar kynningar á fjölbreyttum kennsluháttum s.s. áhugasviðskennslu, stærðfræðikennslu í fjölbreyttum hóp og söguaðferðinni fyrir kennara.

Nauðsynlegt er að taka upp á kennarafundum og stigsfundum umræður um heimanám og leggja áherslu á að heimanámið sé einstaklingsmiðað. Áætlað er að taka það upp í janaúar 2009. Nauðsynlegt er að ræða við foreldra um viðhorf þeirra til heimanáms og gera þeim grein fyrir mikilvægi þess að þeir láti kennara vita ef heimanám barna þeirra er ekki við hæfi.

3.2 Námsmat

Í 27. Gr. Grunnskólalaga frá júlí 2008 kemur fram á mat á árangri og framförum nemenda skuli vera reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur matsins er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófúrlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2006 kemur fram að megingilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram. Ennfremur á námsmat að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum og viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

3.2.2 Markmið

Markmiðin með námsmati í Breiðagerðisskóla eru:

- að upplýsa nemendur og foreldra um stöðu í náminu
- að örva og hvetja nemendur
- að greina hvaða námsmarkmiðum nemendur hafa náð sem svo er notað til að skipuleggja áframhaldandi nám nemenda
- að greina sértæka erfiðleika hjá nemendum sem einstaklingsáætlanir eru byggðar á

3.2.3 Hvernig eru markmið uppfyllt

Til að koma til móts við Aðalnámskrá og grunnskólalög er námsmati í Breiðagerðisskóla skipt upp í leiðsagnarmat og lokamat. Lokamatið er mat á námi meðan leiðsagnarmatið er mat fyrir nám.

Tilgangur með lokamati er að athuga námsstöðu og upplýsa síðan aðra um námið.

Tilgangurinn með leiðsagnarmati er að bæta nám og upplýsa nemendur um framfarir þeirra í námi. Áherslan er á sett námsmarkmið og það er metið á meðan nám á sér stað.

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og er samofið öllu námi nemenda. Markmiðið er að hvetja nemendur, örva þá við námið og gera þá ábyrgari og meðvitaðri um eigið nám.

Lokamat er tvisvar ári í skólanum. Í lok janúar og í lok maí. Við lokamatið er stuðst við vinnu nemenda í ákv. tíma. Lokamatið byggist á prófum, verkefnum og stærri verkefnum sem taka yfir lengri tíma og byggja á fyrra námi nemenda.

Í janúar er lokamatið afhent í viðtölum við foreldra og nemendur, en í júní fá nemendur það afhent síðast skóladaginn.

Fyrirkomulag á námsmati í Breiðagerðisskóla skólaárið 2008-2009 .

Námsmat í 1.-4.bekk

Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í ritun og list-og verkgreinum á yngra stigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Sjálfsmat er notað nokkrum sinnum á vetri. Sjálfsmatið er sett í vinnubækur sem eru unnar út frá ákveðnum markmiðum. Nemendur gefa sér sjálfir fyrir bókina áður en þeir skila kennara.

Nemendur fá heimanámsáætlun. Kennarar gefa umsögn fyrir heimanám á heimanámsáætlunina og ræða einstaklingslega við hvern nemanda um heimanámið.

Lokamat er gefið tvisvar á ári í janúar og í júní. Í janúar er það afhent í viðtölum en í júní fá nemendur það afhent síðasta skóladaginn. Lokamatið er gefið í orðum

Ág.	(afburðagott)	95%-100%
Mg.	(mjög gott)	80%-94%
G	(gott)	60%-79%
Ng.	(nokkuð gott)	50%-59%

Nemandi sem nær minna en 50% námsmarkmiða er ekki að vinna við hæfi. Námsmarkmiðin hjá nemenda sem nær minna en 50% námsmarkmiða þarf því að endurskoða.

Námsmat í 5.-7. Bekk

Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list-og verkgreinum á miðstigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Sjálfsmat er notað nokkrum sinnum á vetri. Sjálfsmatið er sett í vinnubækur eða verkefni sem eru unnar út frá ákveðnum markmiðum. Nemendur gefa sér fyrir bókina áður en þeir skila kennara.

Lokamatið er gefið í tölum. **Nemendur fá tvær tölur**, annars vegar **námseinkunn** sem fengin er út úr lokaprófum, könnunum yfir tímabilið, ritgerðum, vinnubókarprófum og öðrum stærri verkefnum. Hins vegar er **vinnueinkunn** sem fengin er fyrir ástundun í tímum, þátttöku í umræðum, vinnubækur, skil á heimanámi og þátttöku í hópverkefnum ofl. Í list og verkgreinum er unnið út frá matskvarða þar sem markmiðin eru útfærð.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk. Markmið prófanna eru tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Próf þessi eru lögð fyrir í seinni hluta október.

Niðurstöður prófanna eru nýttar til að skipuleggja áframhaldandi nám og kennslu.

3.2.4 Mat

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar um viðhorf forráðamanna nemenda í september 2006 kom fram að 81% forráðamanna taldi áherslur skólans á próf hæfileg, 6,1% of mikil og 12,1% taldi þau of lítil. Í sömu könnun kemur fram að 73,9% foreldra er ánægt með upplýsingastreymi frá umsjónakennara og 73,8% eru ánægðir með upplýsingagjöf skólans.

Í könnun menntasviðs Reykjavíkurborgar um viðhorf foreldra til skólstarfs í grunnskólum í ágúst 2008 kemur fram að 86,6% telja próf hæfileg. Fleiri eru ánægðir með áherslur skólans á

próf bæði árin en almennt í Reykjavík Í sömu könnun kemur fram að 79,4% foreldra eru ánægðir með upplýsingastreymi frá umsjónakennara um barnið og 86,7% eru almennt ánægð með upplýsingagjöf skólans.

Á kennarafundum um námsmat skólans vorið 2008 var rætt og metið og ákveðið að hefja breytingar á því þannig að það veitti foreldrum og nemendum gleggri upplýsingar um framvindu námsins.

Við teljum að aukin ánægja með upplýsingagjöfina megi þakka öflugri heimsíðu, aukinni notkun Mentors og að fleiri kennarar nota tölvupóst í samskiptum við foreldra.

3.2.5 Aðgerðir til úrbóta

Upplýsingamiðlun um stöðu nemenda í námi eru mikilvægur þáttur skólastarfsins. Til að bæta þennan þátt höfum við í skólanum unnið að breytingum á námsmati skólans þannig að það verði gegnsærra. Til að gera nemendum meðvitaðri um framvindu námsins verður unnið að gerð matskvarða í flestum greinum. Í matskvörðunum eru markmið hvernar námsgreinar skipt í hæfileg skref sem eiga að hjálpa nemendum og kennurum að fylgjast með hvort námsmarkmiðum sé náð. Stefnan er að matskvarðar í stærðfræði, íslensku, ástundun og hegðun verði tilbúnir fyrir skólaárið 2009-2010. Farið er að vinna eftir matskvöðum í list- og verkgreinum. Matskvarðarnir verða kynntir nemendum og foreldrum og hafðir sýnilegir. Matskvarðarnir koma til með að nýtast nemendum og gera þá hæfari við sjálfmatið sem þegar er farið að nota í skólanum.

3.3 Sérkennsla

Í 17. grein Grunnskólalögum nr.91/2008 kemur fram að nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsparfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla (2006) þarf að koma fram í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst mæta mismunandi þörfum nemenda. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2006) ber að „leggja áherslu á að byggja sérhvern nemanda upp sem heilsteyptan einstakling með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám og búa hann undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og félagslífi.“

Stefna menntaráðs Reykjavíkur um sérkennslu hefur skóla án aðgreiningar að megin leiðarljósi. Í því felst að skólinn veiti öllum nemendum sínum þjónustu fötluðum jafnt sem ófötluðum. Kennaranum er ætlað að aðlaga kennslu sína að nemendahópnum og þarf því að beita mismunandi kennsluáðferðum og vera með mismunandi viðfangsefni fyrir nemendur sína.

Nú er unnið eftir stefnu Menntasviðs Reykjavíkurborgar og lögð er áhersla á:

- stuðning og ráðgjöf fyrir kennara,
- sérkennslu fyrir nemendur sem ekki geta fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá sem er lögð að þroska og getu hvers og eins,
- stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar

Í grunnskólalögum nr.91/2008 segir í 24.gr um námskrár og

kennsluskipan: Menntamálaráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans sbr. 2.gr. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stétta, trúarbragða, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í Aðalnámskrá Grunnskóla (2006) stendur að kennslan verði að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda. Kennsluáðferðir skulu taka mið af jafnrétti og ekki megi mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Í sömu námskrá kemur fram að hver skóli skuli móta sér áætlun um innritun og móttöku tvítýngdra barna og fjölmenningslega kennslu. Skólar þurfa við innritun og móttöku nemenda, að afla sér upplýsinga um bakgrunn nemenda.

Í stefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna. Þar kemur einnig fram að skólar skuli móta stefnu um móttöku og kennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Þegar talað er um tvítýngd börn er átt við börn sem nota annað tungumál en íslensku heima, börn sem tala táknmál og börn íslenskra foreldra sem hafa alist upp utan Íslands. Í samræmi við lög og reglugerðir hefur Breiðagerðisskóli mótað móttökuáætlun barna með annað móðurmál en íslensku.

3.3.1 Markmið

Markmið sérkennslu og námsráðgjafar í Breiðagerðisskóla eru :

- að koma til móts við nemendur sem víkja frá almennum þroska, námslegum-, félagslegum og tilfinningalegum og geta ekki fylgt námskrá árgangsins og vinna samkvæmt einstaklingsnámskrá
- að koma til móts við nemendur sem þurfa á tímabundnum stuðningi að halda utan bekkjar eða innan

- að veita kennurum ráðgjöf til að koma til móts við þarfir þessara nemenda
- að skapa hverjum nemanda sem bestar aðstæður í skólanum.
- að aðstoða nemendur við lausn persónulegra vandamála sem hindra þá í námi
- að kenna náms- og minnistækni
- að auka skilning nemenda á eigin stöðu og möguleikum í námi og starfi og kynna næsta skólastig
- að efla hæfni nemenda við ákvarðanatöku og markmiðssetningu. Þjálfar nemendur til sjálfsábyrgðar“.
- að taka mið af þörfum og reynslu nemenda af erlendum uppruna

3.3.2 Hvernig eru markmið uppfyllt.

Ýmis könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur til þess að finna þá sem þörf hafa fyrir stuðning. Sérstök áhersla er lögð á skimunarpróf nemenda sem eru að hefja skólagöngu sína í 1.bekk. Þar vinnur saman teymi ýmissa fagaðila skólans. Teymið er skipað af sálfræðingi, námsráðgjafa, talkennara, íþróttakennara, hjúkrunarfræðingi, sérkennara og umsjónarkennara. Kynningarfundur fyrir foreldra 1. bekkjar er haldinn árlega. Þar kynna námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur sitt starfssvið og deildarstjóri sérkennslu þau skimunarpróf sem lögð eru fyrir 1. bekk og þá þætti sem lestrarferlið byggir á. Foreldrum er bent á hvað þeir geti gert til að styrkja lestrarnám barna sinna og áhersla lögð á mikilvægi samstarfs heimilis og skóla við stoðþjónustu skólans.

Eftirfarandi próf eru lögð fyrir 1. bekk:

- skimunarpróf talkennara sem talkennari leggur fyrir og skipuleggur þjálfun í framhaldi af því,
- Tove Krogh sem kannar mál- og talnaskilning,
- Boehm prófið sem kannar hugtakaskilning og
- Læsi fyrir 1. bekk sem kannar hljóðvitund og lestur.
- Hreyfiþroskapróf lagt fyrir einstaka nemendur af íþróttakennara

Niðurstöður prófana eru kynntar fyrir foreldrum á foreldrafundum. Teymið tekur ákvörðun um hverjir þurfa nánari greiningu og sérkennsla/þjálfun ákveðin í framhaldi af því í samvinnu við foreldra.

Í öðrum bekk er Læsi fyrir 2. bekk lagt fyrir allan árganginn. Í þriðja bekk verður lagt fyrir lesskilningspróf og Talnalykill sem kannar stærðfræðikunnáttu. Í öðrum árgöngum eru lagðar fyrir lestrar- og stærðfræðikannanir. Í 4. og 7. bekk eru samræmd próf í íslensku og stærðfræði lögð fyrir. Þeir nemendur sem ná ekki þeim viðmiðum að geta lesið sér til gagns og ánægju (67% af heildarútkomu 2. heftis í Læsi) eru greindir nánar hjá sérkennara hafi þeir ekki þegar fengið greiningu og ráðgjöf. Þjálfun ákveðin í framhaldi af því af sérkennara, kennurum árgangsins í samvinnu við foreldra.

Fyrir þá nemendur sem þarf að greina einstaklingslega samkvæmt niðurstöðum Talnalykils er gerð einstaklingsáætlun sem er ýmist framkvæmd af sérkennara/kennara í samvinnu við foreldra.

Skóðaðar eru niðurstöður samræmdra prófa og þeir nemendur sem eru í neðstu 25% hundraðsröð greindir nánar með einstaklingspróf Talnalykils og öðrum greinandi stærðfræðiprófum eða LOGOS – próf til að greina lesskilning og lestrarerfiðleika. Einstaklingsáætlun gerð samkvæmt niðurstöðum þeirra prófana.

Talmeinafræðingur annast greiningu og meðferð þeirra nemenda sem eiga við mál- og talörðugleika að etja.

Talmeinafræðingur hittir alla nemendur 1. bekkjar að hausti og leggur fyrir skimunarpróf í málþroska. Í framhaldi af því er þeim sem þess þurfa boðin ráðgjöf eða þjálfun. Markmið talkennslu er að stuðla að bættum framburði og almennum málþroska nemenda

Sérkennari annast námslega greiningu nemenda samkvæmt umsóknunum frá umsjónarkennurum og foreldrum. Niðurstöður greiningar eru kynntar foreldrum og kennurum og ráðgjöf og kennsla/þjálfun ákveðin í framhaldi af því.

Sífelld fleiri nemendur skólans hafa fengið greiningu á einhverfurófinu einkum nemendur á yngra stiginu. Því var ákveðið haustið 2007 að ráða þroskaþjálfara til skólans með sérþekkingu nemenda á þessu sviði. Þroskaþjálfinn starfar í nánú samstarfi við deildarstjóra sérkennslu. Nemendur á einhverfurófinu þurfa að fá aðstoð við að koma skipulagi á vinnuumhverfi sitt, þekkja vel dagskrá dagsins og hafa sem mest sjónrænt. Síðastliðin ár hefur aukin áhersla verið lögð á sjónrænar vísbendingar og aukist ár frá ári. Unnið hefur verið markvisst að því að nemendur í 1. – 4. bekk fái sjónrænar stundatöflur þar sem kennari fer yfir dagskrá dagsins með öllum hópnum í upphafi dags. Þroskaþjálfinn hefur útbúið sérstakar stundatöflur fyrir nemendur á einhverfurófinu þar sem farið er yfir dagskrá dagsins með hverjum og einum og hann verið þeim til aðstoðar bæði í bekkjarumhverfinu og í sérgreinatímum. Auk þess hefur hann veitt þessum nemendum sértæka félagsfærniþjálfun. (CAT-kassinn, félagsfærnisögur).

Fáeinir nemendur skólans með mikla námsörðugleika og kvíða- og depurðeinkenni hefur verið boðið upp á í samvinnu við heimilin breytingu á stundatöflu þannig að þeir fái tækifæri til að taka meiri þátt í verk- og listgreinum á kostnað bóklegs náms. Fyrir þessa nemendur hefur tilraunin skilað sér í betri sjálfsmynd og líðan.

Auk þess að veita námslegan stuðning hefur verið lögð áhersla á félagsfærniþjálfun í skólastarfinu fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með samskipti.

Í nútímaþjóðfélagi reynir á samskiptahæfni, samvinnu og umburðarlyndi. Til þess að vera fær um að aðlagast breyttum aðstæðum þurfa nemendur að öðlast færni í samskiptum. Því er jafn mikilvægt að koma til móts við sérþarfir nemenda með samskiptaörðugleika og nemenda með námsörðugleika.

Í félagsfærniþjálfun skólans hefur aðallega verið unnið með tvo hópa nemenda. Annars vegar nemendur með einkenni á einhverfurófi sem hafa takmarkaðan áhuga á samskiptum við aðra nemendur auk skertrar færni til samskipta og hins vegar nemendur með athyglíbrest með ofvirkni sem hafa slaka sjálfsmynd vegna fyrri árekstra í samskiptum, finnst sér hafnað og þora jafnvel ekki að nálgast aðra nemendur.

Unnið hefur verið samkvæmt hugmyndafræði atferlisstjórnunar og notast við félagsfærnisögur.

Þjálfunin hefur verið þrískipt:

- Þjálfun í frímínútum með stjórnukerfi. Þar er aðalatriðið að skapa þessum nemendum tækifæri til að æfa sig í félagslegum samskiptum.
- Leikþjálfun þar sem leikreglur vinsælla leikja eru útskýrðar og nemendur æfðir í þeim undir leiðsögn/með kennara.
- Félagfærnisögur hafa verið notaðar til að hjálpa nemendum að skilja og velja æskilega félagslega hegðun. Þessi jákvæða félagslega hegðun er síðan þjálfuð og styrkt við raunverulegar aðstæður.

Fyrir þá nemendur sem víkja svo frá almennum þroska að þeir geta ekki fylgt árganganámskrá eru gerðar einstaklingsnámskrár. Fyrir þessa nemendur eru haldnir reglulegir teymisfundir með foreldrum, kennurum sem koma að árganginum, sérkennara og öðrum fagaðilum s.s. þroskaþjálfara, námsráðgjafa og stuðningsfulltrúum. Teymið hefur bakland þar sem ýmsir sem tengjast þjónustunni við nemandann eru kallaðir þegar þurfa þykir s.s. fulltrúar frá GRR, BUGL, MHB eða Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis sem veitir skólanum ráðgjöf. Á þeim fundum er farið yfir stöðu nemandans og fyrirhuguð úrræði eða íhlutun s.s. fræðsla, námskeið, ráðgjöf, viðtöl, lyfjameðferð, sérkennsla, stuðningur í bekk/frímínútum .

Breiðagerðisskóli tók þátt í námskeiði á vegum Menntasviðs „Lausnarmiðað ferli til að takast á við erfiða hegðun“ þar sem Anna Lind Pétursdóttir var leiðbeinandi. Í því ferli er unnið samkvæmt hugmyndafræði atferlisstjórnunar og ákveðið kerfi sett upp. Í upphafi eru vandamálin skilgreind og árangur síðan mældur. Unnið hefur verið með nokkra einstaklinga með erfiða hegðun samkvæmt þessari aðferð sem hefur gefið góða raun. Kynning var síðan á almennum kennarafundi um þetta ferli.

Boðið er upp á ART- Færniþjálfun í skólanum undir handleiðslu sálfræðings hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háleitis.

ART – Aggression Replacement Training – er þjálfunarúrræði ætlað börnum og unglingum sem hafa sögu um hegðunarerfiðleika og/eða skerta félagsfærni. ART snýr að nemendum sjálfum og þáttum í fari þeirra og því næst bestur árangur þegar umhverfið er virkur þátttakandi. Í ART er unnið með þrjá þætti þ.e. atferliþátt, tilfinningaþátt og hugrænan þátt.

ART – færniþjálfunin tekur 10 – 12 vikur þar sem kennt er í þrjár kennslustundir á viku. Þar er ein kennslustund í hverjum þætti þ.e. félagfærniþjálfun, sjálfsstjórn og siðgæðisþroskaþjálfun. Tveir þjálfarar sjá um þjálfunina með 5 – 8 manna hóp. ART fer fram í skólanum en rík áhersla er lögð á samvinnu skóla, foreldra og þjálfara.

Fimm nemendum var boðið upp á 1. námskeiðið í ART. Þessir nemendur voru ýmist á einhverfurófinu eða með mikil kvíðaeinkenni og með erfiðleika í félagslegum samskiptum. Árangur þessa námskeiðs var góður. Nemendur voru mjög áhugasamir, líðan þeirra var betri og sjálfsmynd þeirra eflist.

Við skólann starfar lausnateymi þar sem lögð er áhersla á samvinnu kennara og/eða annarra fagaðila og starfsmanna innan skólans sem fyrsta skref til að leita lausna á þeim vandamálum sem upp koma. Þar er unnið samkvæmt sérstakri aðferðar- og hugmyndafræði frá Bandaríkjunum “Teachers Working Together.” Hugmyndafræðin byggir á að:

- Nemendur eigi rétt á góðri menntun.
- Kennarar eru hæfileikaríkir einstaklingar sem geta lært mikið af hver öðrum.
- Samvinna, sjálfsöryggi og nýbreytni frekar en einangrun og traust á utanaðkomandi fagaðila.
- Samvinna kennara er sterkasta aflið í að hafa áhrif á líðan nemenda og fjölskyldna þeirra.

Lausnateymi er fljótverk, kerfisbundin og áhrifarík leið þar sem:

- Vandamálin sem upp koma eru skilgreind.
- Leiðir til að takast á við vandann eru ákveðnar.
- Fylgst með því að þær ákvarðanir sem eru teknar séu framkvæmdar.

Nemendaverndarráði er ætlað að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Nemendaverndarráð fundar reglulega á hálfmánaðar fresti. Á fundi ráðsins mæta auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóri, sálfræðingur, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og deildarstjóri sérkennslu skólans. Þurfi nemandi, að mati umsjónarkennara, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til skólastjóra sem getur lagt málið fyrir nemendaverndarráð. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök mál varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans, ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, getur skólastjóri falið ákveðnum aðila/aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir.

Breiðagerðisskóli sækir sálfræðiþjónustu til Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.

Sálfræðingur vinnur ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf með kennurum, skólastjórnendum, nemendum og foreldrum í grunnskólum Reykjavíkur. Í starfi sínu vinna þeir að beiðni skóla og foreldra. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar vinna forvarnarstarf, m.a. með athugun og greiningu á vanda nemenda sem eiga í sálrænum og/eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám og aðlögun þeirra. Þeir gera síðan tillögur um úrbætur. Foreldrar geta haft samband við umsjónarkennara vilji þeir leggja fram skriflega beiðni til sálfræðings skólans.

Unnin hefur verið móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna. Þegar þeir hafa innritast í skólann, þarf að huga að eftirfarandi atriðum:

- Tala við kennara árgangsins og velja umsjónakennara. Kennarar undirbúa svo árganginn undir móttöku nemandans í skólann með því að ræða um landið sem nemandinn kemur frá, tungumálið sem talað er þar og um gildi þess að taka vel á móti nýjum nemendum. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk læri fljótt að bera nafn viðkomandi nemenda rétt fram
- Hjá Menntasviði er verið að útbúa handbók fyrir kennara nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þessi handbók er væntanleg og munu kennarar árgangsins og þeir kennarar sem koma að kennslu nemandans fá þessa handbók
- Deildarstjóri sérkennslu tekur á móti nemandanum og foreldrum hans í skólann. Þar fá foreldrarnir upplýsingabækling um skóla í Reykjavík á sínu tungumáli en þessi bæklingur er til á nokkrum tungumálum og er hann að finna á slóðinni <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1119>
- Nemandinn kemur í skólann daginn eftir og er fram að hádegi en byrjar síðan fullan skóladag. Ef nemandinn innritast í skólann eftir að skóli er hafinn að hausti er hann fyrstu vikuna fram að hádegi en byrjar síðan fullan skóladag
- Umsjónakennari velur nokkra nemendur til að aðstoða hinn nýkomna

Á fyrstu dögum er haldinn fundur með kennurum árgangsins og deildarstjóra sérkennslu og áætlun gerð um fyrstu skrefin í kennslu nemandans. Fundur með sama hópi er svo haldinn á mánaðar fresti og staða og líðan nemandans skoðuð. Á fyrstu vikum nemandans er kunnáttu hans í íslensku, staða í lestri og námi almennt könnuð.

Við upphaf skólagöngu nemandans er fundur með foreldrum /forráðamönnum, kennurum árgangsins, deildarstjóra sérkennslu og túlk ef þurfa þykir. Á þeim fundi er farið yfir eftirfarandi atriði:

- Líðan nemandans fyrstu vikunnar
- Samskiptaleiðir, síminn, tölvupóstur, heimasíða skólans og hvernig samskiptum skuli háttað
- Kynntar ýmsar slóðir á veraldarvefnum sem eru með upplýsingar fyrir foreldra
- Kynntar reglur varðandi tilkynningu forfalla og beiðni um leyfi
- Kynning á heimanámi
- Kynning á félagslífi innan skóla
- Kynning á mötuneyti skólans

- Ræða um mikilvægi móðurmáls nemandans og gott er að fá nemandann til að koma með námsbækur eða sögubækur á sínu móðurmáli ef hann á

Þegar nemandinn hefur verið átta vikur í skólanum er haldinn fundur með foreldrum /forráðamönnum, kennurum árgangsins, deildarstjóra sérkennslu og túlk ef þurfa þykir. Á þeim fundi er farið yfir eftirfarandi atriði:

- Líðan nemandans
- Staða nemandans í íslensku
- Kynningu á námsefni og námsskrá. Drög lögð að einstaklingsnámskrá í samvinnu við forráðamenn
- Tengsl í heimalandinu við fyrrum skóla, vini og ættingja
- Námsmat fyrir viðkomandi nemanda
- Félagsleg aðlögun - tómskundartilboð í hverfinu kynnt
- Kynning á foreldrafélagi og foreldrafulltrúum
- Kynning á útivistarreglum á Íslandi en þær reglur eru til á tíu tungumálum
- Kynning á Mentor og ýmsum slóðum á veraldarvefnum sem nemendur hafa kynnst og gefur þeim tækifæri til sjálfsnáms bæði á íslensku og sínu móðurmáli
- Staða nemandans í sínu móðurmáli og öðrum námsgreinum samkvæmt upplýsingum frá foreldrum og þeim skólum sem nemandinn hefur stundað nám í
- Leiðir til áframhaldandi náms á móðurmáli nemandans

Þegar foreldraviðtöl eru í skólanum er fengin túlkur til að fara yfir stöðu og líðan nemandans. Hefðbundin foreldraviðtöl eru tvisvar yfir veturinn.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku stunda nám í sínum árgangi. Þau fá nokkrar kennslustundir á viku í íslensku fyrir utan árganginn. Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur og heldur utan um þá kennslu. Í þessum tímum er lögð áhersla í fyrstu á íslenska hljóðkerfið, uppbyggingu orðaforða og myndun einfaldra setninga. Einnig er farið yfir menningartengd atriði sem mikilvæg er fyrir nemendur að þekkja svo sem siði og venjur í kringum hátíðir. Tvítýngdir nemendur í skólanum fást við sama námsefni og aðrir nemendur nema það er aðlagð að málfærni þeirra. Þegar um er að ræða nemendur sem hafa litla sem enga kunnáttu í íslensku er mikilvægt að styðjast við myndir og sýnikennslu. Íslenskan er kennd í gegnum námsgreinar og er því mikilvægt að útskýra lykilhugtök og orðaforða í hverri námsgrein fyrir sig. Lögð er áhersla á skýr markmið og að draga aðalatriði úr texta án málalenginga.

Námsráðgjafi

Námsráðgjafi starfar við Breiðagerðisskóla. Náms- og starfsráðgjöf er forvarnarstarf sem fer fram í trúnaði. Hlutverki og verkefnum námsráðgjafa er hægt að skipta í fjóra meginflokkar, e fyrirbyggjandi, græðandi fræðandi og þroskandi og kemur það fram í markmiðunum. Verkefni námsráðgjafa í Breiðagerðisskóla eru eftirfarandi:

- Sinna ráðgjöf og stuðningi við nemendur sem eiga í félagslegum eða námslegum erfiðleikum, þannig að þeir eigi auðveldara með að sinna náminu og ná settum markmiðum
- Leiðbeina nemendum um vinnubrögð og námstækni.
- Undirbúa nemendur undir flutning á milli skólastiga.
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.
- Ræða við nýja nemendur sem hefja nám í skólanum með tilliti til líðan þeirra í nýjum skóla/umhverfi.

Til námsráðgjafa geta nemendur og foreldrar leitað í ýmsum málum. Allt sem snertir velferð nemenda og stuðlar að vellíðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi námsráðgjafans.

Námsráðgjafi vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðar- og forvarnarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Einnig vísar námsráðgjafi málum einstaklinga til sérfræðinga innan og utan skólans eftir því sem við á.

Aðstoð námsráðgjafa beinist einkum að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum, áhuga og hæfileikum í þeim tilgangi að þeir fái betur notið sín í námi og starfi. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.

Áfallaráð

Í Breiðagerðisskóla er starfandi áfallaráð. Í ráðinu sitja skólastjórnandi, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi kennara. Hlutverk áfallaráðs er að vinna eftir fyrirfram skipulögðum hætti. Það tekst á við ýmis áföll sem kunna að koma upp innan skólans bæði hjá starfsfólki og nemendum. Áfallaráð getur kallað á aðstoð t.d. prests, sálfræðings og námsráðgjafa. Áfallaáætlun skólans er í vinnslu.

Heilsugæsla

Heilsugæsla Breiðagerðisskóla er á vegum Heilsugæslustöðvarinnar í Efstaleiti

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra / forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Skólahjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á skólahjúkrun í þeim skóla sem hann starfar við. Hann vinnur samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum sem varða starf hans. Starfsfólk skólaheilsugæslu er bundið þagnarskyldu.

3.3.3 Mat

Regluleg endurskoðun á þeim greiningarprófum sem lögð eru fyrir. Niðurstöður kynntar á fundum með kennurum og foreldrum. Á reglulegum teymisfundum er farið yfir einstaklingsnámskrá nemanda og metið hvaða skammtímamarkmiðum hefur verið náð og framhaldið ákveðið. Fengin ráðgjöf frá ýmsum öðrum fagaðilum allt eftir þörfum og eðli málsins.

Haustið 2006 voru niðurstöður BOEHM hugtakaprófsins þær að 13 nemendur af 62 mældust undir meðallagi þ.e.a.s. 21%. BOEHM – hugtakaprófið mælir þekkingu nemenda á 50 hugtökum – samkvæmt yfirliti sést hvaða hugtök þau hafa náð og einnig hversu mörg prósent nemenda í hópnum hafa náð hverju hugtaki fyrir sig.

Haustið 2008 voru þeir nemendur sem mældust undir meðallagi prófaðir með TOLD – málþroskaprófinu. Það voru 6 nemendur eða 11,5%. Málþroskaprófið gefur góða vísbindingu um hvaða þætti þarf að þjálf.

Fyrir þá nemendur sem unnið er með samkvæmt einstaklingsáætlun eru haldnir reglulegir fundir með sérkennara, kennurum og foreldrum og athugað hvort nemendinn hafi náð þeim viðmiðum sem ákveðið var. Hafi þeim viðmiðum ekki verið náð er haldið áfram með einstaklingsnámskrá.

Í Kanna viðhorfskönnun skólans til nemenda í 4. bekk 2006 kemur fram að 87,9% nemenda segja að krakkar sem lenda í vandræðum í skólanum fái góða hjálp næstum alltaf eða venjulega, 9,1% stundum og 3% næstum aldrei. Í sömu könnun fyrir nemendur í 7. bekk kemur fram að 84,6% segja að krakkar sem lenda í vandræðum í skólanum fái góða hjálp næstum alltaf eða venjulega, 7,7% segja stundum og 7,7% næstum aldrei.

Í viðhorfskönnun nemenda í 4. bekk Breiðagerðisskóla í maí 2008 kemur fram að 89% nemenda segja að krakkar sem lenda í vandræðum í skólanum fái góða hjálp næstum alltaf eða venjulega. 9% segja stundum og 2% segja næstum aldrei. Í sömu könnun fyrir nemendur í 7. bekk kemur fram að 73% nemenda segja að krakkar sem lenda í vandræðum í skólanum fái góða hjálp næstum alltaf eða venjulega. 23% segja stundum og 5% næstum aldrei.

Í Kanna viðhorfskönnun skólans til foreldra í 4. og 7. bekk í janúar 2006 kemur fram að 88 % foreldra er sammála og frekar sammála að það allir fái hjálp ef þeir lenda í vandræðum. 10,9% eru frekar ósammála og 1,1% er ekki sammála.

Í viðhorfskönnun skólans til foreldra barna í 4. og 7. bekk í febrúar 2008 kemur fram að 58,7% eru sammála eða frekar sammála um að allir fái hjálp ef þeir lenda í vandræðum. 34,9% eru hvorki sammála né ósammála og 6,3% eru frekar ósammála eða ósammála. Í þessari könnun eru valmöguleikarnir fleiri og spurningin öðruvísi orðuð og því er erfitt sjá

hvort um breytingar að ræða. Þó virðist færri foreldrar vera ánægðir. Þessar niðurstöður segja okkur að skólinn er á réttri leið miðað við niðurstöður úr nemenda og foreldrakönnun skólans. Spurningin getur átt við fleiri þætti en stoðkennslu t.d. um viðbrögð umsjónakennara eða annarra kennar við erfiðleikum nemenda og er hægt að álykta að foreldrar og nemendur upplifi almennan vilja í skólanum til að leysa vandamál sem upp kunna að koma.

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar á viðhorfi forráðamanna nemenda í september 2006 eru foreldrar spurðir hvort barnið þeirra hafi fengið sérkennslu á skólaárinu. 10 svara játandi sem eru 15,% þeirra sem svara könnuninni. Þeir sem svara játandi eru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir eru með sérkennsluna. 50% svara að þeir séu mjög ánægðir eða frekar ánægðir. 20% svara hvorki né og 30 % sem svara frekar óánægður eða mjög óánægður. Áfram var spurt hve mikla sérkennslu fékk barnið. 60% svara einu sinni í viku eða oftar allan veturinn, 10% svara sjaldnar en einu sinni í viku allan veturinn og 30% svara tímabundna sérkennslu. Því næst er spurt hvort sérkennslan hafi komið að miklu, nokkru, litlu eða engu gagni. 40% svara að miklu gagni, 40% að nokkru gagni, 10% að litlu gagni og 10% að engu gagni. Samanborið við borgina eru færri nemendur sem þurfa sérkennslu í skólanum eða 15,2% miðað við 20,3% í almennum skólum.

Í könnun Menntasviðs Reykjavíkurborgar á viðhorfi foreldra til skólastarfs í grunnskólum í ágúst 2008 eru foreldrar spurðir hvort barnið þeirra hafi fengið sérkennslu á skólaárinu. 11 svara játandi sem eru 17,7% svarenda. Þeir sem svara játandi eru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir eru með sérkennsluna. 80% svara að þeir séu mjög ánægðir eða frekar ánægðir og 20% frekar áánægðir eða mjög óánægðir. Áfram var spurt hve mikla sérkennslu fékk barnið. 45,5 % svara einu sinni í viku eða oftar allan veturinn, 9,1 % svara sjaldnar en einu sinni í viku allan veturinn og 45,5,% svara tímabundna sérkennslu. Því næst er spurt hvort sérkennslan hafi komið að miklu, nokkru, litlu eða engu gagni. 54,5 % svara að miklu gagni, 27,3 % að nokkru gagni, 18,2% að litlu gagni en enginn svarar að engu gagni. Samanborið við borgina eru færri nemendur sem þurfa sérkennslu í skólanum eða 17,7% miðað við 19,4% í almennum skólum.

Þegar skoðaðar eru komur til námsráðgjafa í Breiðagerðisskóla klemur eftirfarandi fram. Nemendur sem þyggja ráð og koma oftar en tvisvar sinnum á vetri til námsráðgjfa. Þeim er vísað til námsráðgjafa af umsjónarkennara, stjórnendum skólans og/eða foreldrum. Ástæður tilvísunar geta verið vanlíðan í skóla af einhverjum toga. Birtingamynd er ýmis konar, t.d. erfiðleikar í samskiptum við skólasystkini og/eða kennara, einmanaleiki, ögrandi/erfið hegðun í hópnum, slök ástundun í námi o.fl.

	strákar	stelpur
2005 – 2006	28 = 31.7%	13 = 68.3%
2006 – 2007	26 = 56.5%	20 = 43.5%
2007 – 2008	24 = 68.6%	11 = 31.4%
2008 – nóv.2008	19 = 76%	6 = 24%
Samtals frá 2005 – nóv. 2008:	97 strákar (66%)	50 stelpur (34%)

Þegar þessar tölur eru skoðaðar kemur fram að fleiri drengir en stúlkur leita eða er vísað vegna vanlíðunar til námsrágjafa. Þetta þarf að skoða með tilliti til skipulags skólastarfsins. Nauðsynlegt er að koma betur til móts við drengi þannig að þeim líði vel og taki framförum í námi.

Hafa ber í huga þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar að nemendur sem þurfa á mikilli sérkennslu að halda að vandi þeirra er ekki leystur á skömmum tíma. Í viðtölum við foreldra nemenda með sértækan vanda kemur fram að þeir eru ánægðir með þá þjónustu sem skólinn veitir bæði frá sérkennara og umsjónakennara.

Engar formlegar kannanir hafa verið gerðar á ánægju eða óánægju foreldra af erlendum uppruna. Komið hefur fram í viðtölum við foreldrum af erlendum uppruna eru ánægðir með hvernig skólinn tekur á móti börnunum en finnst erfiðast að aðstoða börn sín með heimanámið.

Þrjú undanfarin ár hefur Breiðagerðisskóli komið betur út á samræmdu prófum en skólar í borginni. Það viljum við þakka meða annars því að nemendur fá verkefni við hæfi og öflugri sérkennslu í formi kennslu og ráðgjafar til kennara.

3.3.4 Aðgerðir til umbóta

Skólaárið 2007-2008 var unnin móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna og er farið að vinna eftir henni. Áætlað er á þessu skólaári að taka upp markvissa teymisfundi þeirra kennarasem að kennslu barna af erlendum uppruna.

Skólaárið 2007-2008 var tekin upp heimanámsaðstoð við börn af erlendum uppruna. Var tólf börnum boðin þessi þjónunsta sem fór fram eftir skóla þrjá tíma í viku. Þetta gaf mjög góða raun þar sem foreldrar þessara barna eiga erfitt um vik að aðstoða börn sín með heimanámið. Áætlað er að halda þessu áfram og teljum við að þar séum við að stuðla að auknum jöfnuði barna innan skólans.

Ákveðið var að leggja áherslu á málörvun fyrir þá nemendur sem mældust undir meðaltali á BOEHM – hugtakaprófi í samvinnu við talmeinafræðing og sérkennara. Enn fremur að kennari færi með hópnum í þau hugtök sem innan 50% af hópnum höfðu náð. Þar sem málþroskaprófið TOLD gefur góða vísbendingu um hvaða þætti þarf að þjálfva var sett upp markviss kennsluáætlun haustið 2007

samkvæmt niðurstöðum prófsins. Áætlunin var unnin af talmeinafræðingi og sérkennara sem einnig veittu kennurum ráðgjöf um hvernig þjálfar mætti þessa þætti í bekkjarumhverfinu. Þeir nemendur sem mældust lægst í prófinu fengu þjálfun hjá talmeinafræðingi.

Sífelld fleiri nemendur eiga í erfiðleikum með félagsleg samskipti og því verður lögð aukin áhersla á félagsfærniþjálfun með aðferðarfræði atferlisstjórnunar „Lausnarmiðað ferli til að takastá við erfiða hegðun“ og ART-námskeið.

Breiðagerðisskóli hefur keypt námsefnið Stig af stigi sem er félagsfærniþjálfun ætluð öllum árgöngum. Skilyrði fyrir að nota þetta námefni er að kennarar fari á námskeið. Núna er skólinn á námskeiði í læsi og fyrirhugað er að bjóða upp á þetta námskeið næst og í framhaldi af því að kenna þetta námsefni í lífsleiknitímum.

Með tilkomu LOGOS- greiningartækisins til að greina lestrarerfiðleika gefst tækifæri til að greina alla nemendur sem grunur liggur á að eigi í erfiðleikum á því sviði og setja upp þjálfunaráætlun fyrir nemendur sem þurfa á því að halda með þátttöku sérkennara, kennara og foreldra. Prófið síðan endurtekið eftir átta vikur til að mæla árangur.

Sífelld fleiri nemendur greinast með slaka hljóðvitund. Aukin áhersla verður því lögð á að efla hljóð- og hljóðkerfisvitund og orðaforða nemenda til að styrkja lestrarnámið.

Þróunarverkefnið Byrjendalæsi og Orð af Orði er einn liður í því ferli. Stefnt er að því að halda fyrirlestur fyrir kennara þar sem farið er í helstu þætti lestrarferlisins og veitt aukin ráðgjöf um leiðir til að þjálfar þessa þætti. Árangur mældur m.a. í samvinnu við stjórnendur þróunarverkefnisins með Læsi, lesskilningsverkefnum og sérstökum lesskimunarprófum.

Aukin áhersla lögð á ráðgjöf til kennara hvernig megi koma til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir innan bekkjarumhverfisins með stöðvarvinnu og misstórum hópum þar sem sérkennslan fari fram í auknu mæli á þeim vettvangi.

Aukin áhersla á að gefa nemendum með sértæka erfiðleika tækifæri að fá fleiri kennslutíma í verk- og listgreinum.

Á vorönn 2009 verður starfsmannafundur þar sem fjallað verður um líðan drengja í Breiðagerðisskóla. Kynntar verða niðurstöður hópa sem hafa fjallað um mismundandi þarfir drengja og stúlkna í skipulagi náms.

Þrír starfsmenn skólans eru á námskeiði um jafnrétti og verður í kjölfar þess unnin upp lífsleikni-og jafnréttisáætlun skólans.

3.4 Skólaþróun og mat

Í grunnskólalögum nr 91/2008 kemur fram í 35.gr að eitt af markmiðum mats á skólastarfi sé að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Í Aðalnámskrá, almennum hluta

(2007) kemur fram að sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólstarfs og áætlun um úrbætur. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur. Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat.

3.4.1 Markmið

Í umbótaáætlun skólans koma eftirfarandi markmið fram sem byggð eru á styrk og veikleikagreiningu og forgangsroðun umbótaverkefna

- að nýta niðurstöður sjálfsmats skólans við úrbætur og skólaþróun
- að efla lestrarfærni nemenda
- að auka ánægju nemenda í skólanum
- að bæta upplýsingaflæði milli starfsfólks og frá stjórnendum til starfsfólks
- að auka áhrif starfsfólks á ákvörðunartöku í skólanum, þannig að starfsfólk finni að álit þess skipti máli
- að heimanám verði einstaklingsmiðað og markmið með heimanámi séu öllum ljós.
- að allir í skólasamfélaginu skilji hugtakið einelti eins. Áframhaldandi vinna með Olweusarverkefnið
- að kennsla barna með annað móðurmál en íslensku verði markviss í skólanum með þátttöku allra
- að efla samskiptafærni nemenda

3.4.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Undanfarin ár hafa niðurstöður um viðhorf foreldra og nemenda, vinnustaðagreiningar, niðurstöður úr skimunarprófum og samræmdum prófum verið kynntar þeim aðilum sem málið varðar. Niðurstöður vinnustaðagreininga hafa verið kynntar af Menntasviði fyrir starfsfólki. Í ljósi upplýsinga úr vinnustaðagreiningu að starfsfólk teldi sig ekki hafa nægilega mikið að segja um ákvarðanatöku í skólanum var ákveðið að auka þátttöku kennara í ákvarðanatöku og stefnumótun. Unnið var út frá styrkleika og veikleika greiningu skólans og unnin umbótaáætlun á vinnufundum kennara. Skólastjórnendur tóku atriði sem fram komu saman og settu upp umbótaáætlun byggða á þeirra vinnu og var sú áætlun samþykkt á kennarafundi. Umræður um niðurstöður úr skimunarprófum á vinnufundum leiddu til ákvörðunar um að sækja um styrk til þróunarverkefnis í lestri. Úrbætur á skólanámskrá og námsmati í skólanum voru unnar á skólaárinu 2007-2008. Verður þeirri vinnu haldið áfram á skólaárinu 2008-2009.

Til að tryggja gott upplýsingaflæði milli skólastjórnenda og starfsmanna er sent í tölvupósti skipulag funda fyrir einn mánuð í senn. Auk þess er sett fram dagatal með viðburði eins mánaðar í einu á auglýsingatöflu í skólanum. Á þessu dagatali koma fram fundir og fjarvera skólastjórnenda, fjarvera kennara og starfsmanna v/námskeiða ofl.

3.4.3 Mat

Upplýsingar um styrk-og veikleika skólans eru fengnar frá nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans og ættu því að gefa glögga mynd af stöðu skólans.

Niðurstöður úr Læsi og samræmdum prófum sýna góða stöðu skólans í lestri. Niðurstöður úr læsi sýna að undanfarin ár hefur skólinn komið betur út en skólar í Reykjavík að síðasta ári undanskildu þar sem skólinn var jafn öðrum skólum í borginni. Viðhorf nemenda í Breiðagerðisskóla 2007 til lesturs eru marktækt jákvæðari en viðhorf nemenda almennt í grunnskólum borgarinnar. Nemendur eru jákvæðari að láta lesa fyrir sig, gera lestrarverkefni og lesa teiknimyndasögur en jafnaldrar þeirra í Reykjavík. Skólinn hefur einnig verið hærri en landsmeðaltal í íslensku á samræmdum prófum undanfarin þrjú ár. Eftirfarandi þættir í foreldrakönnuninni sem varða umsjónakennarann komu vel út í samanburði við skóla borgarinnar.

- Viðmót umsjónakennarans og samskipti við börn og foreldra.
- Upplýsingastreymi frá umsjónakennara og hvernig gengur að ná sambandi við hann.
- Umsjónakennari hefur samband af fyrra bragði
- Ánægja var með hvernig fylgst er með frammistöðu náms.
- Einnig kom fram að hátt hlutfall foreldra fannst þeir vera velkomnir í skólann.

Í vinnustaðgreiningu kom fram að flestum finnst þeir geta leitað til einhvers á vinnustaðnum ef upp koma vandamál í tengslum við vinnuna og einnig fannst fólki yfirmenn sýna skilning ef upp komu vandamál í fjölskyldu eða einkalífi. Starfsmenn eru stoltir af vinnu sinni og reyna iðulega að leita nýrra leiða til að vinna starf sitt betur.

Lægra hlutfall nemenda í Breiðagerðisskóla en nemendum annarra skóla í borginni finnst námið vera skemmtilegt. Skólinn var lægri í könnun Menntasvið 2006 þegar spurt var hvort barnið fái verkefni við hæfi en hefur bætt stöðu sína 2008 og er nú ívið hærri en skólar í borginni. Sama gildir um hvort foreldrum hér finnst námskröfur vera of litlar miðað við kannanir Menntasvið 2006 en í könnuninni 2008 kemur fram að við erum hærri en skólar í borginni. Færri foreldrum finnst heimavinna barnsins hæfileg en í skólum borgarinnar og fleiri foreldrar voru óánægðir með aðbúnað í almennum kennslustofum í könnuninni 2006 en í

könnuninni frá 2008 eru fleiri ánægðir en í skólum borgarinnar. Minni ánægja var meðal foreldra á stjórnun skólans en í grunnskólum borgarinnar bæði árin.

Niðurstöður úr vinnustaðagreiningunni sýna m.a. að starfsfólki finnst álit þess ekki skipta máli og því finnst það ekki hafa nægileg áhrif á ákvarðanatöku í skólanum. Einnig finnst starfsfólki ekki nægilega gott upplýsingastreymi frá stjórnendum, of langt væri á milli starfsmannviðtala og stjórnendur hrósuðu fólki of sjaldan. Einnig kom fram óánægja með aðbúnað í skólanum hvað varðar tæki og gögn.

Engin formleg úttekt hefur verið gerð á kennslu barna af erlendum uppruna í skólanum. Á foreldrafundum hefur komið fram að erlendir nemendur eru ánægðir í skólanum. Á fundum kennara sem kenna börnunum kemur fram að huga þarf að samræmingu allra þeirra sem að kennslu þeirra koma.

3.4.4 Aðgerðir til umbóta

Breiðagerðisskóli vill byggja á sterkum hliðum í starfi skólans. Skólinn hefur komið vel út í Læsi í 2. bekk og samræmdum prófum í íslensku í 4. og 7. bekk. Í Læsi 2007 kom fram mikill áhugi á lestri og lestrarverkefnum meðal nemenda. Því var ákveðið skólaárið 2007-2008 að hafa lestrarátak í skólanum og sótt var um styrk frá Menntamálaráðuneytinu til að koma af stað þróunarverkefni við skólann um lestur, lestkilning og orðaforða. Skólaárið 2008-2009 hófust tvo þróunarverkefni við skólann. Byrjendalæsi fyrir kennara í 1.-2. bekk og þróunarverkefnið Orð af Orði fyrir kennarar í 3.-7. bekk. Byrjendalæsi er á vegum Menntasviðs Reykjavíkur en Orð af Orð er undir leiðsögn Háskólans á Akureyri.

Nauðsynlegt er að bregðast við veikleikum í skólastarfinu og hefja aðgerðir til umbóta. Til að efla samskiptafærni nemenda, vinna gegn einelti og auka vellíðan nemenda í skólanum er unnið að heildstæðri lífsleikniáætlun fyrir skólann að vinna eftir. Þrír starfsmenn taka þátt í námskeiði á vegum Menntasviðs skólaárið 2008-2009 um jafnrétti og er í tengslum við það námskeið hafin vinna á heildstæðri lífsleikniáætlun. Til að auka ánægju nemenda í skólanum var ákveðið skólaárið 2007-2008 að hafa uppbot á kennslunni einu sinni í mánuði og auka þemavinnu þvert á aldur í skólanum. Auk þess voru vinabönd mynduð í skólanum þvert á aldur og hittast hópar vinabanda og vinna saman að viðfangsefnum og leika sér saman. Þetta vakti ánægju meðal nemenda og verður haldið áfram með vinaböndin skólaárið 2008-2009. Skólaárið 2008-2009 eru þrjú tímabil á skólaárinu bundin þar sem skólastarfið er brotið upp með þemaverkefnum. Þemadagarnir hafa ekki verið settir inn á skóladagatal til birtingar. Stefnir er að því að það verði gert fyrir skólaárið 2009-2010.

Skólaárið 2008 var unnin móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna og er farið að vinna eftir henni. Samstarfsfundir með kennurum sem kenna börnum af erlendum uppruna eru áætlaðir skólaárið 2008-2009. Á þessum fundum er unnið að samræmingu náms þessara nemenda og kennarar miðla hver öðrum af þekkingu sinni. Á þessu skólaári er líka vinna í gangi við að koma upp myndasafni til skýringa á lykilhugtökum sem notað er við kennslu nemenda af erlendum uppruna.

Til að bæta upplýsingaflæði til starfsmanna var ákveðið að auk áður nefndra skipulagsfunda og viðburðadagts, myndu skólastjórnendur skrifa starfsólki um það sem er efst á baugi í skólastarfinu.

Umbótaáætlun var unnin í október og nóvember fyrir skólaárið 2007-2008. Umbótaáætlun þessa skólaárs er í fylgiskjali

3.5 Heimasíða

Í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2006) segir að gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðli að gagnkvæmu trausti milli foreldra, forráðamanna og starfsfólks skóla.

Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar og góðar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans.

3.5.1 Markmið

Meginmarkmið með heimasíðu Breiðagerðisskóla er:

- að gefa foreldrum og nemendum sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið
- að skólanámskráin sé aðgengileg
- að veita foreldrum og nemendum innsýn í daglegt starf skólans
- að hafa hagnýta tengla sem tengjast skólastarfinu fyrir foreldra og nemendur
- að einn starfsmaður hafi yfirumsjón með síðunni

3.5.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Heimasíða skólans hefur nýlega verið uppfærð til að koma betur á mót við foreldra og nemendur. Á heimasíðunni er að finna upplýsingar um skólann, skólanámskrá skólans, bæði Boðbera og árganganámskrár, skóladagatal, upplýsingar um bókasafn og frístundarheimili, viðburði mánaðarins. Þar er líka að finna upplýsingar um starfsfólk, upplýsingar um foreldrafélag skólans og árgangafulltrúa, ýmis eyðublöð og upplýsingar frá mótuneyti skólans þar á meðal matseðil. Einnig er þar að finna fréttir af skólastarfinu og myndir af nemendum

við leik og störf. Áhersla er lögð á að kennarar taki myndir af nemendum og fjalli um helstu viðburði í skólastarfinu.

3.5.3 Mat

Í könnun Menntasvið Reykjavíkur á viðhorfi forráðamanna nemenda í september 2006 kemur fram að 96,9% foreldra hafa farið inn á heimasíðu skólans. Þar var einnig spurt hvort foreldrum fyndist upplýsingar á heimasíðu gagnlegar og svöruð 92,1% að upplýsingarnar væru mjög gagnlegar eða frekar gagnlegar, 7,9% fannst þær ekki gagnlegar. Er þetta ívið lægra hlutfall en í skólum í borginni.

Í könnun Menntasvið Reykjavíkur á viðhorfi foreldra til skólastarfs í grunnskólum í ágúst 2008 kemur fram að 96,7% foreldra hafa farið inn á heimasíðu skólans. Þar var einnig spurt hvort foreldrum finndust upplýsingar á heimasíðu gagnlegar og svöruðu 84,2% foreldra að upplýsingarnar væru mjög gagnlegar eða frekar gagnlegar, 15,8% foreldra finnst þær ekki gagnlegar. Þarna erum afturför að ræða og samanburður við borgina er skólanum í óhag. Foreldraráð skólans og foreldrafélag komu með athugasemd við heimasíðu skólans. Gagnrýnin beindist aðallega að uppsetningu og útliti síðunnar.

3.5.4 Aðgerðir til umbóta

Heimasíða skólans hefur verið í endurskoðun frá hausti 2007. Í október 2008 var heimasíðan uppfærð og er enn verið að vinna að endurbótum. Foreldrar, nemendur og starfsfólk hafa verið beðin að koma með ábendingar og hugmyndir til að gera síðuna enn betri.

3.6 Sérstaða skólans

Við skólann starfa 6 starfsmenn af erlendum uppruna. Nokkrir þeirra eiga börn í skólanum. Starfsmönnum stóð til boða íslenskukennsla á vegum Menntasviðs sem nýttist þeim illa. Þeir óskuðu eftir að fá íslenskukennslu í skólanum. Skólinn sótti um styrk til Menntamálaráðuneytisins til að kenna starfsfólkinu íslensku á vinnutíma.

3.6.1 Markmið

Markmiðin með íslensku kennslunni eru:

- að starfsfólkið nái betra valdi á töluðu máli, lestri og ritun.
- að starfsfólkið geti tjáð tilfinningar sínar og skoðanir.
- að starfsfólkið fái meiri fræðslu um íslenska menningu og tækifæri til að segja frá sinni eigin menningu.

- að starfsfólkið öðlist færni í að nýta sér tölvuna sem miðil til sjálfsnáms og upplýsinga. Þeim verði kennt á þau kennsluforrit og vefsíður sem í boði eru fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og forrit sem þjálfa málvitund, orðaforða, lestur og ritun. Kynntar verða þýðingarvélar og heimasíða skólans. Starfsfólkið fær netfang og stefnt er að kenna þeim á tölvupóstinn og Mentor þannig að þeir verði virkir þátttakendur sem starfsmenn skólans og foreldrar.
- að starfsfólkinu verði bent á mikilvægi þess að viðhalda móðurmáli sínu því góð tök á móðurmálinu er mikilvæg forsenda þess að læra nýtt tungumál.

3.6.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Deildarstjóri sérkennslu hefur séð um þessa kennslu. Kennt er 2-3 sinnum í viku tvær kennlustundir í einu. Styrkur Menntamálaráðuneytisins greiðir kennara laun, jafnframt hefur verið hægt að kaupa námsgögn og fara í stuttar vettvangsferðir um Reykjavík.

3.6.3 Mat

Ekkert formlegt mat hefur verið gert á þessari kennslu. Mikil ánægja er meðal starfsmanna og er greinilegt að kennslan hefur góð áhrif á starfsfólkið og eru þau glaðari í vinnunni.

Íslenskukunnátta þeirra hefur aukist verulega, aðrir starfsmenn hafa sýnt kennslunni áhuga og hefur erlenda starfsfólkið komist meira inn í hópinn.

3.6.4 Aðgerðir til umbóta

Skólinn sótti aftur um styrk fyrir haustönn 2008 og fékk styrkinn. Fyrirkomulag kennslunnar verður með sama hætti og síðastliðið ár. Einn af erlendu starfsmönnum flutti starfsstöð sína í leiksskóla í hverfinu og verður honum ásamt öðrum erlendum starfsmanni þar boðið að taka þátt í námskeiðinu í vetur.

4 MANNAUÐUR

4.1 Mannauður

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 í 12.gr kemur fram að starfsfólk grunnskóla skuli rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviseusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

Í stefnu Menntasviðs Reykjavíkur í mannauðsmálum er lögð áhersla á árangursríka stjórnunarhætti, jákvætt starfsumhverfi sem hvetur til starfsþróunar, eftirsókanarverðan starfsvettvang og jákvæða starfsímynd og hæfa starfsmenn sem njóta símenntunar í samræmi við stefnumótun.

4.1.1 Markmið

Meginmarkmið í mannauðsmálum Breiðagerðiskóla byggja á stefnu Menntasviðs

Reykjavíkurborgar:

- að vinnubrögð séu lýðræðisleg
- að virðing fyrir skoðunum annarra sé höfð að leiðarljósi
- að litið verði á ágreining sem upp kann að koma í skólasamfélaginu sem uppsprettu samræðna
- að allir sem í skólanum starfa fái notið sín

4.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Breiðagerðisskóli leggur áherslu á að allir sem í skólanum starfa fái notið sín og er lögð áhersla á að nýta sterkar hliðar starfsfólksins. Á miðstigi skipta kennarar með sér námsgreinum eftir sérþekkingu sinni þannig eru flestir kennarar sem t.d. kenna stærðfræði íslensku og náttúrufræði á miðstigi með sérþekkingu á þessum sviðum. Erlendir starfsmenn sem vinna í skólanum og tala sama móðurmál og nemendur af erlendu bergi brotnir eru fengnir til að ræða við og nemendur og lesa fyrir þá á sínu móðurmáli. Þessir tímar eru settir inn á stundatöflu starfsmanna. Lögð er áhersla á að starfsfólki finnist það hafa eitthvað til málanna að leggja og upplifi að á það sé hlustað.

4.1.3 Mat

Í vinnustaðagreiningu Gallup fyrir grunnskóla Reykjavíkur í mars/apríl 2007 kemur fram þegar spurt er um ánægju með vinnustaðinn að skólinn er á styrkleikabili 4,23 á meðan skólar í borginni eru með 4,03. Þegar spurt er hvort fólk sé ánægt í starfi sínu þegar á heildina er litið kemur skólinn út á styrkleikabili 4,38 en skólar í borginni með 4,03. Þegar spurt er hvort starfsfólk sé stolt af að vinna í skólanum kemur skólinn út á styrkleikabilinu 4,33 og almennir grunnskólar 4,14 . Einnig er spurt hvort fólki finnist álit sitt skipta máli í vinnunni er skólinn á starfhæfu bili 3,85 en skólar í borginni með 3,93. Þegar spurt er hversu líklegt eða ólíklegt er að starfsfólk muni reyna að skipta um vinnustað næstu tólf mánuði kemur skólinn út á starfhæfu bili 4,0 en grunnskólar í borginni með 3,47. Þegar spurt er hvort starfsfólk sé stolt af starfi sínu kemur fram að skólinn er á styrkleikabili 4,54 en skólar í borginni með 4,32. Þegar spurt er hvort þekking starfsfólks og hæfileikar nýtist mjög vel í starfi er skólinn á styrkleikabili 4,46 en skólar í Reykjavík eru einnig á styrkleikabili 4,29.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 þegar spurt er hvort fólki finnist starf sitt vera mikilvægt kemur skólinn út á styrkleikabili 4,69 en aðrir skólar í borginni með 4,58. Þegar spurt er hvort starfsfólk sé stolt af starfi sínu kemur skólinn út á styrkleikabili 4,55 en aðrir skólar í borginni 4,42. Þegar spurt er hvort starfsfólk sjái sig áfram í starfi í skólanum eftir tvö ár kemur skólinn út með 3,97 sem er á starfhæfubili en skólar í Reykjavík á aðgerðabili með 3,51. Einnig er spurt hvort starfsfólk telji hæfni sína vel nýttá í starfi kemur skólinn út á styrkleikabili 4,22 og skólar í borginni með 4,27.

Greinilegt er að það er mikil starfsánægja í skólanum Lítið hefur verið um breytingar í starfsliði skólans að einu ári undanskildu en vorið 2007 hættu sex kennarar. Starfsánægja er svipuð milli ára 2007 og 2008. Grunnurinn í stefnu skólans sem byggir á mikilli teymisvinnu og samábyrgð eru hlutir sem við teljum að eigi sinn þátt í vellíðan fólks. Lögð hefur verið áhersla á hlýlegan og heimilislegan brag í skólanum og á það örugglega sinn þátt í þessum niðurstöðum. Breyting hefur orðið til batnaðar á viðhorfi fólks til þess hvort álit þess og ábendingar skipti máli. Þó er skólinn ekki á styrkleikabili þarna.

4.1.4 Aðgerðir til umbóta

Greinilegt er að starfsánægja er mikil í skólanum og starfsfólk er stolt af starfinu. Grunnurinn að góðu skólastarfi er ánægt starfsfólk því er mikilvægt að halda í gott starfsfólk. Mikilvægt er að fólk finni að starf þess er metið og verður lögð áhersla á að miðla niðurstöðum kannanna og byggja umræðuna í skólanum á sterkum hliðum um leið og unnið er að umbótum.

Skólastjórnendur ætla að leggja aukna áherslu á að leita eftir áliti fólks og finna leiðir til að

fólk finni að ábendingar þess eru teknar gildar. Þetta er gert með markvissari starfsmannaviðtölum og markvissari kennarafundum. Þar verður áhersla lögð á fámennari fundi og hópskiptingu á stærri fundum þannig að allir hafi tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þegar ákvarðanir hafa verið teknar þá séu þær skráðar og settar í farveg þannig að hugmyndir fólks nái fram að ganga.

4.2 Samstarf

4.2.1 Markmið

Meginmarkmið með samstarfi í skólanum er:

- sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda
- sameiginleg vinna að skipulagi og undirbúningi
- sameiginleg stefnumótunarvinna
- sameiginleg sýn.

4.2.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Grunnurinn að stefnu skólans er sameiginleg ábyrgð kennara á námi og líðan barna í árgangnum. Þetta krefst mikillar samvinnu allra sem að árganginum koma bæði kennara og annars starfsfólks. Á stundutöflu eru áætlaðar 80 mínútur á viku til samstarfs kennara. Samstarfsfundir með kennurum á sama stigi eru haldnir reglulega auk lögbundinna kennararafunda. Samstarfsfundir með almennu starfsfólki eru haldnir einu sinni í mánuði. Auk þess er haldnir samstarfsfundir með öllu starfsfólki skólans. Þá eru fundir í kringum afmörkuð verkefni svo sem eins og eineltisáætlun Olweusar fyrir allt starfsfólk. Sérstakir fundir eru með kennurum í þróunarverkefnunum bæði þar sem kennarar hittast og skiptast á hugmyndum og ræða hvernig gengur og með ráðgjöfum verkefnanna. Meiri áhersla er lögð á smærri fundi í kringum afmörkuð verkefni frekar en stóra hópfundi þar sem virkni fólks er meiri á fámennari fundum.

4.2.3 Mat

Í vinnustaðagreiningu Gallup fyrir grunnskóla Reykjavíkur í mars/apríl 2006 kemur fram þegar spurt er hvort starfsfólk geti leitað til einhvers í skólanum þegar upp koma vandamál í tengslum við starfið að skólinn er á styrkleikabili með 4,50 og aðrir skólar í borginni eru einnig á styrkleikabili með 4,42. Spurt er hvort starfsfólk í skólanum vinni sem ein heild kemur skólinn út á starfhæfu bili með 3,77 en skólar í borginni eru á aðgerðabili með 3,61. Einnig er fólk spurt hvort starfsfólk í skólanum leiti stöðugt nýrra tækifæra til að bæta árangur

sinn. Skólinn er á starfhæfu bili með 4,18 en skólar í Reykjavík eru einnig á starfhæfu bili með 4,02. Í þessari könnun er spurt hversu góð eða slæm sé þverfagleg samvinna milli starfsfólks með ólíka menntun á vinnustaðnum. Skólinn kemur út á starfhæfu bili með 3,89 en skólar í borginni á aðgerðabili með 3,62. Þegar spurt er um hvort starfsfólks sé hvatt til að koma með nýjar hugmyndir um hvernig má gera betur er skólinn á starfhæfu bili 3,73 en skólar í Reykjavík á aðgerðabili 3,65. Þegar spurt er hvort starfsfólk bjóðist til að vinna verk sem eru ekki endilega í þeirra verkahring kemur skólinn út á starfhæfu bili með 4,03 en skólar í borginni eru einnig á starfhæfubili með 3,81.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 kemur fram þegar spurt er um hvort samvinna sé góð í skólanum er skólinn á starfhæfubili með 4,16 en skólar í borginni með 4,14. Þegar spurt er hvort starfsfólki finnist tekið tillit til skoðana sinna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar er skólinn á starfhæfubili 4,09 og skólar í Reykjavík með 4,0. Þegar spurt er hvort starfsfólk í skólanum miðli þekkingu sín á milli er skólinn á starfhæfu bili með 3,77 en skólar í borginni eru einnig á starfhæfu bili með 4,03. Þegar spurt er hvort starfsfólk sé tilbúið að leggja mikið á sig í vinnunni ef þörf krefur er skólinn á styrkleikabili 4,59 og skólar í borginni með 4,63. Þegar spurt er hvort samstarfsfólk sé líklegt til að rétta hjálparhönd sé eftir því leitað kemur skólinn út á styrkleikabili 4,48 en aðrir skólar í borginni 4,43. Þegar niðurstöður þessara kannana um samstarf eru skoðaðar sést að niðurstöðurnar eru flestar á starfhæfu bili. Markmiðið hlýtur því að vera að komast með þessa þætti yfir á styrkleikabil þar sem samvinnan er grunnurinn að stefnu skólans.

4.2.4 Aðgerðir til umbóta

Markvisst er unnið að því að fólk finnist að álit sitt skipti máli. Skólstjórnendur hafa lagt sig fram um að nota lýðræðislegar leiðir til ákvarðanatöku. Skipulega er nú unnið að því að kynna starfsfólki niðurstöður kannana og greina frá styrkleikum og veikleikum skólans. Niðurstöður eru ræddar á starfsmannafundum og leitað leiða til úrbóta. Auk þess hefur starfsfólki verið skipt í hópa til að vinna að umbótaáætlun skólans. Meiri áhersla er lögð á fámennari starfsmannafundi eins og stigsfundi, árgangafundi og faggreinafundi þar sem unnið er að afmörkuðum viðfangsefnum en minni áhersla á stærri fundi. Lögð er áhersla á að fólk komi með tillögur og sendi skólastjórnendum tillögur sínar sem síðan er svo fjallað um á stærri fundum og teknar ákvarðanir.

4.3 Starfsmenn og líðan

4.3.1 Markmið

Í Breiðagerðisskóla leggjum við áherslu á vellíðan allra. Við höfum því komið okkur saman um að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi í öllu okkar starfi:

- Við virðum skoðanir annarra
- Við sýnum hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi
- Við metum einstaklinginn og berum virðingu fyrir ólíkum einstaklingum
- Við leysum ágreiningsmál friðsamlega
- Við komum heiðarlega fram
- Við tölum saman þegar okkur greinir á
- Við vinnum verkin saman

4.3.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Til að ná fram heimilislegum brag er lögð áhersla á að bjóða starfsfólki upp á val í mat og meðlæti með kaffinu þá daga sem bundin viðvera er. Lögð er áhersla á hlýlegt viðmót í skólanum, þannig að fólki upplifi sig velkomið og að það skipti máli.

4.3.3 Mat

Í vinnustaðagreiningu Gallup fyrir grunnskóla Reykjavíkur í mars/apríl 2006 kemur fram þegar spurt er um hvort starfsfólk hafi orðið fyrir einelti af hendi samstarfsfólks á síðastliðnum 12 mánuðum kemur fram að 8% starfsfólks hefur orðið fyrir einelti af hendi samstarfsfólks en í grunnskólum Reykjavíkur voru það 7%. Einnig er spurt um hversu mikið eða lítið vinnuálag starfsfólks sé. Skólinn kemur út á aðgerðarbili 1,60 og aðrir skólar í borginni einnig á aðgerðarbili 1,64. Þá er spurt um hvort starfsfólki finnist gott jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Skólinn kemur út á starfhæfu bili með 3,83 en skólar í borginni á aðgerðarbili með 3,67.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 kemur fram þegar spurt er um hvort starfsfólk hafi orðið fyrir áreitni frá starfsfólki á síðustu 12 mánuðum svara 6,3% að þau hafi orðið fyrir áreitni. Í öðrum skólum í borginni er það 11,9% starfsfólks sem hefur orðið fyrir áreitni. 3,2% hafa orðið fyrir einelti af hendi starfsfólks síðastliðna 12 mánuði í skólanum en í borginni eru það 5,5%. Þegar spurt er hvort starfsfólki líði vel í vinnunni er skólinn á styrkleikabili með 4,29 en skólar í borginni á starfhæfu bili með 4,09. Þegar spurt er hvort starfsfólk sé ánægt í starfi er skólinn á starfhæfu bili með 4,03 og skólar í borginni einnig á starfhæfu bili með 3,92.

Dregið hefur úr einelti síðan í síðustu könnun en ekki er hægt að vera að fullu ánægður fyrr en áreitni og einelti er úr sögunni í starfsmannahópnum. Ekki var spurt um líðan starfsfólks í könnuninni 2006 og því er ekki hægt að vita hvort um breytingu er að ræða en skólinn kemur þarna út á styrkleikabili og er það mjög ánægjulegt.

4.3.4 Aðgerðir til umbóta

Í könnunum kemur fram að einelti á sér stað í starfsmannahópnum og verður unnið að því að uppræta það. Í starfsmannaviðtölum skólaárið 2008-2009 verður gerð könnun á einelti í starfsmannahópnum því það samrýmist ekki mannauðsstefnu skólans að starfsmenn séu lagðir í einelti eða líði ekki vel á vinnustaðnum. Verður unnið úr þeim niðurstöðum eftir áætlun Olweusar. Þar sem flestum starfsmönnum skólans líður vel á vinnustaðnum verður lögð áhersla á að viðhalda þeirri líðan með markvissri áherslu á vingjarnlegt viðmót og heimilislegan brag í skólanum.

4.4 Símenntun

Í lögum um grunnskóla nr.91/2008 í 12.grein kemur fram að hver skóli móti áætlun að frumkvæði skólastjóra til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

4.4.1 Markmið

Meginmarkmið skólans í símenntunarmálum er :

- að starfsfólk njóti símenntunar í samræmi við stefnu skólans
- að starfsfólk geti notið símenntunar eftir áhugasviði sínu sem nýtist í starfi
- að komið sé til móts við starfsfólk sem er í viðbótarnámi í HÍ á vinnutíma
- að símenntun starfsfólks taki mið af fjölmenningslegu samfélagi

4.4.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Símenntun starfsmanna skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann og hins vegar þætti sem starfsmaður metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákveður almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skóla.

Símenntun skólaárið 2008-2009

- Þróunarverkefnið Orð af orði og gerð hugtakakorta fyrir kennara 3. – 7. bekkja ásamt sérgreinakennurum
- Þróunarverkefnið Byrjendalæsi fyrir kennara í 1. og 2. bekk
- Efla þekkingu kennara á innlendum og erlendum heimildum um kennsluaðferðir
- Jafnréttisnámskeið á vegum Menntsviðs og HÍ
- Framhaldsnámskeið í átaki gegn einelti út frá Olweusarverkefninu
- Örnámskeið/kynningar á kennarafundum
- Námskeið á nýjungum í Mentor
- Námskeið fyrir skólaliða – skipulagt af Menntasviði Reykjavíkur
- Agresso og Oracle námskeið fyrir skrifstofustjóra og skólastjórnendur
- Fræðslufundir fyrir kennara og skólastjórnendur skipulagt af Menntasviði og ýmsar ráðstefnur t.d. á vegum HÍ, HA o.fl.
- Lestur á nýju námsefni og fræðiritum.

Helstu samstarfsaðilar okkar verða:

Auk þess að nýta fagfólk innanhúss verður leitast við að vera í samstarfi við aðra skóla/stofnanir. Aðrir samstarfsaðilar eru t.a.m.:

- Háskólinn á Akureyri
- Menntasvið Reykjavíkur
- Háskóli Íslands - menntavísindasvið
- Skólar í hverfi 2
- Námsgagnastofnun
- Starfsmenntasjóðir
- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
- Mentor h/f

Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil/ dagsetningar	Tímafjöldi fjármögnun	Ábyrgð
Þróunarverkefnið Orð af orði og gerð hugtakakorta fyrir kennara í 3. -7. bekk ásamt sérgreinakennurum	Að kennarar læri aðferðir til að styrkja lesfærni, auka orðaforða og efla lesskilning. Kennarar gera	Frá ágúst 2008 – júní 2009.	60 stundir Fjármögnun skóli og með styrk frá Menntamála-	Sólastjórnendur í samvinnu við HA og Menntasvið. Guðlaug Ólafsdóttir oddviti Orðs af

og Byrjendalæsi þróunarverkefni fyrir kennara í 1. og 2. bekk	kennsluáætlanir í þessum verkefnum.		ráðuneytinu.	orði og Kristín Pétursdóttir oddviti Byrjendalæsis.
Námskeið í Mentor	Til að auka hæfni kennara til að nýta Mentor. Áhersla er lögð á nýja forritið við skráningu, skipulag og samskipti við foreldra.	Vorönn 2009	10 – 15 stundir Fjármögnun skóli	Skólastjórnendur
Þróunarverkefni um jafnrétti sem þrír kennarar skólans sækja.	Að gera jafnréttismál sýnileg í starfi gunnskólans, gera jarðveginn í gunnskólum frjórri fyrir umræðu um jafnréttismál og efla meðvitund um kynjaskekkju í samfélagi og einstaklingsbundnu gildismati.	Skólaárið 2008 - 2009	30 – 40 stundir Fjármögnun Menntasvið	Skólastjórnendur, HÍ og Menntasvið
Framhaldsnámskeið um eineltisáætlun Olweusar	Viðhalda þekkingu og færni allra starfsmanna tengda Olweusaráætlunni	Frá október 2008 – júní 2009	15- 20 stundir Fjármögnun skólinn, allir starfsmenn skólans taka þátt	Magnea Jóhannsdóttir námsráðgjafi
Örnámskeið/ fræðslufundir	Að bregðast við verkefnum sem koma upp á skólaárinu.	Haldið í bundinni viðveru	Tímafjöldi óviss. Fjármögnun skólinn.	Skólastjórnendur

Fræðslufundir á vegum Menntasviðs Reykjavíkur	Að efla hæfni og þekkingu skólaliða, kennara, stuðningsfulltrúa og skólastjórnenda.	Fer eftir námskeiðstilboðum.	Tímafjöldi óviss. Fjármögnun Menntasvið.	Menntasvið
Lestur fræðigreina og lestur á nýju námsefni og ítrekni.	Að kynna sér nýtt námsefni og hinar ýmsu fræðigreinar.	Haustönn 2008 og vorönn 2009	25 stundir	Kennarar og skólastjórnendur
Námskeið að eigin vali kennara í tengslum við starfið í árganginum og áhugasvið kennara sem nýtist í starfinu. Kennarar í framhaldsnámi við menntavísindasvið HÍ.	Að auka hæfni kennara og kynnast nýjungum.	Haustönn 2008 og vorönn 2009	Tímafjöldi óviss. Fjármögnun skóli eða kennarar.	Skólastjórnendur og kennarar

4.4.3 Mat

Í vinnustaðagreiningu Gallup fyrir grunnskóla Reykjavíkur í mars/apríl 2006 er spurt hvort yfirmaður eða vinnufélagi hvetji starfsfólk til að þróast í starfi og kemur skólinn út á styrkleikabili 4,24 en skólar í Reykjavík á starfhæfubili 3,76 . Í sömu könnun er spurt hvort starfsfólk hafi haft tækifæri til að læra og þróast í starfi á sl.12 mánuðum. Skólinn kemur út á starfhæfu bili 4,18 en skólar í borginni er einnig á starfhæfubili með 4,02. Einnig er spurt hvort starfsfólk fái nauðsynlega þjálfun og fræðslu til að standa sig vel í starfi. Skólinn kemur út á starfhæfu bili 3,85 en skólar í borginni á aðgerðabili með 3,58.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 er spurt hvort sú þjálfun og fræðsla sem starfsfólk hefur fengið nýtist í starfi. Þar er skólinn er á aðgerðarstigi með 3,65 en skólar í Reykjavík á starhæfu bili 3,91. Þá er spurt hvort starfsfólk hafi fengið tækifæri til

starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum og kemur skólinn út á starfhæfu bili með 4,0 og skólar í borginni með 4,02.

Skólinn kemur vel út þegar spurt er hvort fólk hafi fengið tækifæri og sé hvatt til að þróast í starfi en aftur á móti kemur skóli út á aðgerðarbili þegar spurt er hvort fólk finnist endurmenntun nýtast í starfi. Þetta er þáttur sem þarf að skoða nánar.

4.4.4 Aðgerðir til umbóta

Tvö þróunarverkefni eru í gangi á þessu skólaári. Bæði þessi þróunarverkefni eru um lestur og lesskilning. Verkefnin voru valin í tengslum við umbótaáætlun skólans. Þrír starfsmenn eru á námskeiði um jafnrétti og tengist það vinnu við lífsleikni-og jafnréttisáætlun skólans.

Almennir starfsmenn sem vinna í sundlaug skólans fara á skyndihjálparnámskeið og önnur námskeið í tengslum við starfið. Auk þess er starfsmönnum af erlendum uppruna boðið upp á íslenskunámskeið í skólanum á vinnutíma sem einn af kennurum skólans sér um. Nokkrir kennarar í skólanum eru í framhaldsnámi við Háskóla Íslands og er komið til móts við þá svo þeir geti sótt skólann á vinnutíma því skólinn telur að aukin menntun starfsmanna skili sér í betri skóla. Fyrhugað er á vorönn 2009 að halda námskeið í Mentor þar sem Mentor er mikilvægt samskiptatæki milli heimilis og skóla og er sífellt verið að bæta við fleiri möguleikum til hagræðis fyrir skólastarfið. Því er mikilvægt að kynna starfsfólki möguleika Mentors. Nauðsynlegt er að gera könnun á meðal starfsfólks um hvers konar símenntun það telur sig þurfa til að taka meiri framförum í starfi. Verður hugað að þeirri könnun á vorönn 2009 þegar starfið í kringum þróunarverkefnið er rætt og metið.

4.5 Starfsandi

4.5.1 Markmið

Meginmarkmiðið er:

- að öllum líði vel á vinnustaðnum
- að finni sig hluta af starfsmannahópnum og enginn sé afskiptur
- að allur starfsmannahópurinn leggist á eitt um að skapa góðan starfsanda
- að vel sé tekið á móti nýju fólki og gestum

4.5.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Lögð er áhersla á að skapa vingjarnlegt andrúmsloft í skólanum. Talið er mikilvægt að allir starfsmenn finnist þeir vera hluti af hópnum og ef einhver er afskiptur þá er gripið inn í það.

Stjórnendur veita starfsfólki svigrúm til að mynda vináttutengsl sín á milli og standa fyrir uppákomum í samvinnu við starfsmannafélagið. Stuðlað er að því að fólki finnist þeir tilheyra samstæðum hópi sem vinnur að sameiginlegum markmiðum.

4.5.3 Mat

Í vinnustaðagreiningu Gallup fyrir grunnskóla Reykjavíkur í mars/apríl 2006 kemur fram þegar starfsfólk er spurt hvort yfirmaður eða vinnufélagi beri umhyggju fyrir viðkomandi sem einstaklingi kemur skólinn út á styrkleikabili 4,28 en aðrir skólar í borginni á starfhæfu bili með 4,14. Þegar spurt er hvort starfsfólk eigi góða(n) vinkonu/vin í vinnunni kemur skólinn út á styrkleikabili með 4,56 og aðrir skólar í borginni einnig á styrkleikabili með 4,27. Þegar spurt er hvort fólki finnist góður starfsandi í skólanum er skólinn á starfhæfubili 4,03 en skólar í borginni er með 3,95%. Einnig er spurt hvort fólk sé sýnd virðing af samstarfsfólki kemur fram að skólinn er á styrkleikabili 4,40 en skólar í borginni eru með 4,29.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2008 þegar spurt er hvort starfsfólki finnist góður starfsandi ríkja á sínum vinnustað er skólinn á styrkleikabili 4,26 en aðrir skólar í borginni með 4,16. Þegar spurt er hvort samstarfsfólk sé líklegt til að rétta hjálparhönd sé eftir því leitað kemur skólinn út á styrkleikabili 4,48 og skólar í borginni einnig á styrkleikabili 4,45. Þegar starfsfólk er spurt hvort það hrósi samstarfsfólki þegar það tekur eftir vel unnu verki þá kemur skólinn út á styrkleikabili með 4,31 og skólar í borginni eru einnig á styrkleikabili 4,35.

Þegar kannanir sem lúta að starfsanda eru skoðaðar kemur fram að starfsandi í skólanum er mjög góður. Þetta er samhljóma því sem gestir sem hingað koma segja að þeim finnist gott að koma í skólann og að starfsandi hljóti að vera góður. Starfsmenn upplifa virðingu samstarfsmanna, umhyggju, vináttu og að aðrir vilji rétta því hjálparhönd.

4.5.4 Aðgerðir til umbóta

Mikilvægt er að líta ekki á góðan starfsanda sem sjálfsagðan hlut heldur eitthvað sem þarf að hlúa að viðhalda. Stjórnendur þurfa að vera sér meðvitaðir um að vinnuálagið verði ekki of mikið þannig að það bitni á starfsandanum. Stjórnendur hafa verið til taks til að ræða og aðstoða fólk í erfiðum málum hvort sem það snertir starfið eða einkalíf þess. Þetta er mikilvægt að haldi áfram. Stjórnendur mun áfram vinna með starfsmannafélaginu að ýmsum skemmtilegum uppákomum í dagsins önn.

4.6 Stjórnun og skipulag

4.6.1 Markmið

Meginmarkmið með stjórnun skólans eru í samræmi við viðmið Reykjavíkuborgar um góðan skóla:

- að stjórnendur starfi eftir ígrundaðri skólastefnu
- að stjórnendur skipti með sér verkefnum til að stjórnuninni verði skilvirkari
- að upplýsingaflæði til starfsfólks, foreldra og nemenda sé skilvirkt
- að skólastjórnendur séu sýnilegir og starfsfólk, foreldrar og nemendur eigi greiðan aðgang að þeim

4.6.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Við Breiðagerðisskóla er starfandi stjórnendateymi um það sem lítur að námi, kennslu, skipulagi skólastarfsins og stefnumótun. Það skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórar. Í upphafi hvers skólaárs fá starfsmenn í handbækur sem í er að finna upplýsingar um skólastarfið. Handbækurnar er endurskoðuð á hverju hausti. Sérstök handbók er fyrir kennara og önnur fyrir almenna starfsmenn. Skólastjórnendur hafa samstarfsfundi einu sinni viku þar sem þeir skipta með sér verkum, gera áætlanir og miðla upplýsingum. Skólastjórnendur senda skipulag vinnufunda, annarra funda og námsskeiða sem starfsfólk skólans sækir fyrir einn mánuð í senn í tölvupósti til starfsfólks. Auk þess er skipulagið sett upp á auglýsingatöflu. Skólastjórnendur nota starfskynningar á haustin, heimasíðu skólans og tölvupóst til að upplýsa foreldra um starfið í skólanum. Greiður aðgangur er að skólastjórnendum og vinna þeir yfirleitt fyrir opnum dyrum.

4.6.3 Mat

Í vinnustaðagreiningu Gallup fyrir grunnskóla Reykjavíkur í mars/apríl 2006 kemur fram þegar spurt er um hvort starfsfólk fái fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði og breytingar í skólanum kemur skólinn út á aðgerðarbili með 3,54 en skólar í borginni eru einnig á aðgerðarbili með 3,62. Þar er einnig spurt hvort kynin eigi jafna möguleika og kemur skólinn út á styrkleikabili með 4,35 en skólar í borginni á starfhæfu bili með 4,05. Þá er spurt hvort starfsfólk hafi fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum. Skólinn kemur út á starfhæfu bili með 3,71 en skólar í borginni á aðgerðarbili með 3,67. Í sömu könnun er spurt hvort á síðast liðnum sex mánuðum hafi yfirmaður rætt við starfsfólk um hvernig það standi sig í starfi. Skólinn kemur út á aðgerðarbili með 3,56 en skólar í borginni eru einnig á aðgerðarbili með 3,47. Þá er spurt hvort starfsfólk hafi farið í

starfsmannasamtal á síðastliðnum tólf mánuðum, 58% segjast hafa farið í starfsmannasamtal en í skólum borgarinnar eru það 74%. Þegar spurt er hversu gagnlegt var starfsmannasamtalið er skólinn á starfhæfu bili með 4,05 og skólar í borginni einnig á starfhæfu bili með 3,76. Þá er spurt hvort starfsfólk viti til hvers er ætlast af því í starfi er skólinn á styrkleikabili með 4,53 og skólar í borginni einnig á styrkleikabili með 4,36. Þá er spurt hvort ákvarðanir séu teknar út frá faglegum forsendum í skólanum. Skólinn kemur út á starfhæfu bili með 3,85 og allir skólar í borginni einnig á starfhæfu bili 3,87. Þegar spurt hvort nýir starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og fræðslu í upphafi starfstíma kemur skólinn út á aðgerðabili 3,30 en skólar í borginni eru einnig á aðgerðabili með 3,35. Spurt er hvort skólanum sé vel stjórnað og kemur skólinn út á starfhæfu bili með 3,82 en skólar í Reykjavík eru líka á starfhæfubili með 3,73. Í þessari könnun er spurt hvort næsti yfirmaður sýni starfsfólki skilning þegar það þarf að sinna fjölskyldu eða einkamálum. Skólinn er á styrkleikabili með 4,68 en skólar í borginni með 4,54. Þá er spurt hvort næsti yfirmaður hrósi starfsfólki fyrir vel unnin störf. Skólinn kemur út á starfhæfu bili með 3,93 og skólar í Reykjavík eru einnig á starfhæfu bili með 3,82. Starfsfólk er spurt hvort það treysti næsta yfirmanni vel og kemur skólinn út á styrkleikabili með 4,33 og skólar í Reykjavík eru einnig á styrkleikabili með 4,20. Einnig er spurt hvort næsti yfirmaður drífi verkefnið áfram og kemur skólinn út á starfhæfubili með 4,10 en skólar í borginni eru líka á starfhæfubili með 3,87.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar meðal starfsmanna 2008 er spurt hvort ákvarðanir byggi á faglegum forsendum. Skólinn kemur út á starfhæfu bili 4,0 en skólar í Reykjavík einnig á starfhæfu bili 3,97. Þegar spurt er hvort starfsfólk viti til hvers er ætlast til þess í vinnunni kemur fram að skólinn er á styrkleikabili 4,53 og skólar í Reykjavík eru einnig á styrkleikabili með 4,48. Í sömu könnun er spurt um upplýsingastreymi til starfsmanna í skólanum og kemur skólinn út á aðgerðabili með 3,34 og skólar í Reykjavík einnig á aðgerðabili með 3,50. Spurt er um jafnrétti kynjanna í skólanum og er skólinn á starfhæfu bili með 4,10 en skólar í borginni einnig á starfhæfu bili með 4,02. Þegar spurt er hvort vinnustaðnum sé vel stjórnað kemur fram að skólinn er á starfhæfubili með 4,13 en skólar í borginni eru einnig á starfhæfubili með 3,73. Þegar spurt er hvort starfsfólki sé hrósað af næsta yfirmanni þegar það stendur sig vel er skólinn á starfhæfubili með 3,81 en skólar í Reykjavík á aðgerðabili með 3,69. Þegar spurt er hvort fólk telji að næsti yfirmaður leysi ágreiningsmál sem upp koma á vinnustaðnum er skólinn á styrkleikabili 4,25 en skólar í Reykjavík á starfhæfubili með 3,95. Þegar spurt er um hvort starfsfólk beri traust til næsta yfirmanns síns er skólinn á styrkleikabili 4,34 og skólar í borginni einnig á styrkleikabili með 4,22. Þegar spurt er hvort starfsfólk fái iðulega hvatningu frá næsta yfirmanni er skólinn á

aðgerðarbili 3,66 og skólar í Reykjavík einnig á aðgerðarbili með 3,58. Þegar spurt er hvort nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starftíma er skólinn á aðgerðarbili með 2,90 og skólar í Reykjavík einnig á aðgerðarbili með 3,08. Þegar spurt er hvort fólk hafi farið í starfsþróunarsamtal sá síðust 12-15 mánuðum svar 87,5% játandi en í Reykjavík eru það 76,3%. En aftur á móti er skólinn á aðgerðarbili 3,54 hversu gagnlegt starfsþróunarsamtalið var en í borginni voru skólar á aðgerðarbili með 3,42.

Fleiri starfsmenn telja að byggt sé á faglegum forsendur í ákvarðanatöku í skólanum 2008. Bæði árin kemur fram að fólk telur sig vita hvaða það á að gera og er engin breyting milli ára. Þrátt fyrir ítrekaðir tilraunir til að bæta upplýsingamiðlun í skólanum hefur það enn ekki borið árangur þegar þessar kannanir eru skoðaðar og er lítil breyting milli ára. Fleira starfsfólki þykir skólanum vel stjórnað en í fyrri könnun en aðeins hefur dregið úr að fólki finnst það fá hrós fyrir vel unnin störf. Skólinn kemur illa út hvað varðar nauðsynlega þjálfun og fræðslu til nýrra starfsmanna og er nauðsynlegt að skoða þennan þátt betur. Breyting hefur orðið hvað varðar fjölda starfsmanna sem hafa farið í starfsmannaviðtal, en að sama skapi finnst færri starfsmönnum þessi viðtöl gagnleg en kom fram í könnuninni 2007.

Í kanna foreldrakönnun í 4. og 7. bekk í janúar 2006 kemur fram að 91,1% foreldra eru sammála eða frekar sammála að skólastjóri sé áhugasamur um að bæta skólastarfið. 8,9% foreldra eru frekar ósammála eða ekki sammála. Þegar spurt er í sömu könnun hvort foreldrar séu ánægðir með stjórnun skólans kemur fram að 85,8% eru sammála eða frekar sammála um en 14,2% eru frekar ósammála eða ekki sammála. Þá er spurt um breytingar á stjórnun skólans síðastliðin 2-3 ár og segja 69,9% að stjórnun hafi batnað verulega eða lítið eitt batnað, en 28,9% segja að stjórnun sé óbreytt eða lakari 1,2% segja að hún hafi versnað umtalsvert. Í foreldrakönnun skólans í febrúar 2008 er spurt hvort foreldrar séu ánægðir með stjórnun skólans og eru 68,3% sammála eða frekar sammála, 22,2% eru hvorki sammála né ósammála og 9,5% eru frekar ósammála eða ósammála. Þarna er spurt hvort skólastjóri sé áhugasamur um að bæta skólastarfið og eru 66,7% sammála eða frekar sammála, 28,6% hvorki sammála né ósammála, 4,7% eru frekar ósammála eða ósammála. Þá er spurt um breytingar á stjórnun skólans síðastliðin 2-3 ár og segja 46,8% að stjórnun hafi batnað mikið eða frekar batnað, 48,4% segja að stjórnunin sé óbreytt og lakari 3,2% segja að hún hafi frekar versnað og 1,2% segja að hún hafi versnað mikið.

Spurningarnar milli árána 2006 og 2008 eru ekki eins orðaðar og svarmöguleikar fleiri, því gefur samanburður ekki alveg rétta mynd.

Í viðhorfskönnun Menntasviðs Reykjavíkur til forráðamanna nemenda september 2006 er spurt telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað og kemur þar fram að 59,4% segja mjög vel

eða frekar vel, 26,6% hvorki vel né illa, 14,1% frekar illa eða mjög illa. Samanborið við borgina er marktækur munur hvað Breiðagerðisskóli er lægri.

Í viðhorfskönnun Menntasviðs Reykjavíkur til foreldra um skólastarf í grunnskólum í ágúst 2008 er spurt telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað. Þar kemur fram að 68,5% foreldra segja mjög vel eða frekar vel, 18,5% svara hvorki né og 13% svara frekar illa, enginn svarar mjög illa. Samanborið við Reykjavík er munurinn ekki eins mikill og í könnuninni 2006. Einnig eru ívið færri sem telja skólanum illa stjórnað en enginn segir í könnuninni 2008 að skólanum sé mjög illa stjórnað. Því má segja að staðan hafi batnað örlítið varðandi álit foreldra.

Þegar niðurstöður kannana um viðhorf foreldra og viðhorf starfsmanna eru bornar saman er töluverður munur á ánægju. Starfsmenn skólans eru ánægðir með flesta þætti sem spurt er um þó að upplýsingamiðlun, móttaka nýrra starfsmanna og hrós fyrir vel unnin störf megi bæta. Skoða þarf hvort foreldrar fái ekki nógu góðar upplýsingar um innra starf skólans. Einnig þyrfti að koma skýrar fram um hvaða yfirmenn er verið að ræða svo að umbætur verði markvissari.

4.6.4 Aðgerðir til umbóta

Upplýsingamiðlun til starfsfólks þarf að ræða á starfsmannafundi. Álitnið er að vandinn sé tvíþættur. Annars vegar mikið magn upplýsinga sem berst til starfsfólks í gegnum tölvupóst frá skólastjórnendum. Hefur því verið ákveðið að í desember 2008 verði pósturinn flokkaður til starfsfólks þannig að hver starfsmaður fái einungis póst sem varðar hans starfsettvang. Skipulag funda og samstarfs er sent starfsfólki með mánaðar fyrirvara. Rætt verður um hvaða þætti fólk er óánægt með og úrbætur gerðar út frá því. Hins vegar verður að áréttta við starfsfólk að það lesi þann póst sem það fær sem varðar skólastarfið og ef það getur ekki mætt á sameiginlega fundi að það afli sér upplýsinga um þær ákvarðanatökur sem þar voru teknar. Móttaka nýrra starfsmanna kom mjög illa út í skönnunum sérstaklega árið 2008. Fundur verður með starfsfólki í desember 2008 og ræddar leiðir sem hægt verði að fara til úrbóta. Áætlað er að þegar nýr starfsmaður hefur störf í skólanum verði einhver ákveðin aðili fenginn sem umsjónaraðili fyrsta mánuðinn. Kennarar hafa fengið handbók um skólastarfið í upphafi hvers árs og verður að endurbótum á handbók fyrir almenna starfsmenn. Rætt verður á starfsmannafundi í desember 2008 við alla starfsmenn um mikilvægi þess að taka vel á móti nýju fólki þannig að það finni sig hluta að hópnum.

Ósamræmi er milli skoðana starfsmanna og foreldra á stjórnun skólans. Ákveðið hefur verið að setja vinnu í að upplýsa fólk meira um innra starfið og verður heimasíða skólans notuð til þess. Auk þess verður tölvupóstur með upplýsingum frá skólastjórnendum til foreldra aukinn. Á þessu skólaári hefur stjórnun verið bætt þar sem ráðin var nýr deildarstjóri og eru því fleiri til að skipta með sér verkum. Markvisst er unnið að því að gera verkaskiptingu skólastjórnenda skýrari og er verið að vinna starfslýsingar fyrir þá. Starfslýsingar verða tilbúnar á vorönn 2009.

Fleiri starfmenn hafa farið í starfsþróunarviðtöl 2008 en 2007 en færri starfsmönnum fannst þau gagnleg árið 2008. Unnið verður að markvissara skipulagi þessara viðtala á vorönn 2009 og verður starfsfólki sendur umræðulisti með góðum fyrirvara og starfsfólki gefin ákveðin tími á til að undirbúa þessi viðtöl. Haustið 2009 verður gerð könnun á viðhorfi starfsfólks til starfsþróunarsamtals.

Hrós til starfsfólks af hendi yfirmanns er á starfhæfu bili. Mikil gróska er í skólastarfinu í Breiðagerðisskóla og mikilvægt er að starfsfólk finni að eftir því sé tekið. Skólastjórnendur hafa því ákveðið að koma meira á vettvang þannig að bæði börn og fullorðnir finni að störf þeirra eru metin.

Styrkleikar í skólastjórnun Breiðagerðisskóla liggja í umhyggju gagnvart starfsfólki og góðum starfsanda í skólanum. Fólk finnst næsti yfirmaður leysa ágreiningsmál sem upp koma og hrósi þeim og er það á styrkleikabili og er hærra en í skólum borgarinnar. Hátt hlutfall starfsfólk segist vita til hvers er ætlast og er það hærra en í borginni sem segir okkur að skipulag skólastarfsins sé gott. Þessa þætti þarf að vinna áfram með í samvinnu við starfsfólk þannig að árangurinn verði áfram svona góður. Lögð áhersla á hlýlegt viðmót og gott aðgengi að stjórnendum þannig að starfsfólk finni fyrir stuðningi við starf sitt og einkalíf.

5. FJÁRMÁL

5.1 Fjármál

Í stefnu og starfsáætlun Menntasvið 2008 segir um fjármál að skólar skuli framfylgja góðri nýtingu og stýringu fjármuna.

5.1.1 Markmið

Breiðagerðisskóli hefur sett sér þau markmið að reka skólann innan fjárheimilda. Skólinn hefur ráðið til sín fjármálastjóra. Skólastjóri ber ábyrgð á að reka skólann innan fjárheimilda.

5.1.2 Hvernig eru markmið uppfyllt

Skólinn fær úthlutað ákveðinni rekstrarupphæð í upphafi hvers almannaksárs frá Reykjavíkurborg. Upphæðin er ákveðin m.a. útfrá nemendafjölda, starfsmannafjölda, stærð húsnæðis, sérkennsluframlagi o.fl. Skólinn gerir rekstraráætlun fyrir hvert almannaksár. Fjárhagsleg staða skólans undanfarin ár er í þúsundum króna:

	2006	2007
Rekstrarkostnaður og lausafjárkaup	278.871	281.701
Fjárheimild ársins	279.753	286.226
Yfirfærslureikningur í ársbyrjun	- 3.686	óuppgert af Menntasviði

5.1.3 Mat

Tvisvar í mánuði fara fjármálastjóri og skólastjórnendur yfir fjárhagsstöðu skólans. Farið yfir launaliði og aðra kostnaðarliði. Ef þurfa þykir er brugðist við og gerðar breytingar á fyrri áætlun.

5.1.4 Aðgerðir til umbóta

Haldið verður áfram að kappkosta að halda skólanum innan fjárhagsramma með því að fylgjast grannt með fjárhagsstöðunni og gæta aðhalds í hvívetna. Starfsfólk hvatt til að gæta aðhalds m.a. gæta þess að slökkva ljós, halda ljósrítun í lágmarki, senda foreldrum skilaboð og upplýsingar um skóalstarfið í tölvupósti í stað ljósritaðra skilaboða o.fl.

6 UMRÆÐA OG GREINING Á STÖÐU SKÓLANS

6.1 Sterkir og veikir þættir í skólastarfinu

Nú verður gerð grein fyrir greiningu á styrkleikum og veikleikum skólans út frá eftirfarandi matsspurningum.

1. Eru foreldrar vel upplýstir um skólastarfið og eru þeir ánægðir með nám barna sinna ?
2. Líður nemendum vel í skólanum og telja þeir námið við sitt hæfi ?
3. Líður starfsfólki vel í Breiðagerðisskóla, er það ánægt með stefnu skólans og upplýsingastreymi til sín?
4. Er skólanum vel stjórnað að mati starfsmanna og foreldra og eru fagleg vinnubrögð viðhöfð í skólanum?

1. Eru foreldrar vel upplýstir um skólastarfið og eru þeir ánægðir með nám barna sinna?

Þegar niðurstöður viðhorfskannana til foreldra eru skoðaðar kemur í ljós að skólinn er að standa sig vel í samskiptum og miðlun upplýsinga til foreldra en tæplega 90% foreldra voru ánægð með upplýsingar frá skólanum 2008. Flestir foreldrar í skólanum fá tölvupóst reglulega frá kennurum og eru tæplega 80% þeirra ánægðir með upplýsingar frá kennurum. Einnig kemur fram að starfsfólk í skólanum leggur sig mikið fram við að koma til móts við nemendur og foreldra og telja samskiptin á heildina litið vera góð. Um 80% foreldra voru ánægðir með síðasta formlega foreldraviðtal og er það þremur prósentum lægra en 2006. Þegar skoðað er hvort foreldrar séu ánægðir með nám barna sinna kemur fram að þrátt fyrir að aðeins um 70% foreldra sé ánægt með skólann bæði 2006 og 2008 eru ýmsir þættir er varðar nám barnanna sem foreldrar eru ánægðir með. Nauðsynlegt er að bregðast við hve hátt hlutfall foreldra er ekki ánægt með skólann. Hins vegar telja um 80% foreldra að skólinn hvetji barnið til að skila góðum námsárangri og að kröfurnar séu hæfilegar. Hvað varðar verkefni við hæfi er greinilegt á síðustu könnunum að skólinn hefur náð árangri í að koma til móts við sem flesta nemendur. Kemur þetta fram bæði hjá nemendum og foreldrum þeirra. Um 90% nemenda í 4. og 7. bekk árið 2008 telja sig ráða við námsefnið og tæp 90% foreldra telja árið 2008 að börn sín fái viðfangsefni við hæfi í skólanum.

Til að skoða þennan þátt skólastarfsins notuðum við foreldrastöðina í matstæki um einstaklingsmiðað nám frá menntasviði Reykjavíkur 2005. Þar kemur fram að foreldrar fá í hendur námsáætlanir heils bekkjar (3. stig) þó fær lítill hluti foreldra einstaklingsáætlun sem er rædd á sameiginlegum fundum kennara og foreldra. Upplýsingar til foreldra í fréttabréfi, á fundum, í viðtölum, á heimasíðu með tölvupósti og símtölum (3. stig). Foreldrar taka þátt í

atburðum, koma reglulega í viðtöl (3.stig). Foreldrar taka þátt í mati á framförum barns síns (5.stig) varðandi líðan en á að mestu leyti á 3. stig við þar sem foreldra hlusta á mat kennara/nemenda í viðtali.

Niðurstöður þessa mats eru í samræmi við niðurstöður kannana, en skólinn hefur ekki nema að litlu leiti tekið upp virkt samstarf við foreldra um þátttöku þeirri í gerð námsáætlana.

2. Líður nemendum vel í skólanum og telja þeir námið við sitt hæfi ?

Í nemendakönnunum á tímabilinu 2006-2008 kemur fram að 72-80% nemenda líður vel í skólanum. Einn árgagnur 2008 sker sig úr en þar töldu 90% nemenda að sér liði vel í skólanum. Skólinn telur ekki viðunandi að aðeins 72-80% nemenda skuli líða vel eða finnast gaman í skólanum. Það kemur fram í könnuninni um hagi og líðan barna í Reykjavík að herra hlutfall barna í Breiðagerðisskóla líður illa í kennslustundum. Það fannst okkur óásættanlegt og hefur verið unnið að úrbótum síðan þessar niðurstöður voru ljósar. Greinilegt er að einelti í skólanum hefur aukist og kemur fram í niðurstöðunum í Olweusarkönnun að það hefur aukist meira hjá stúlkum. Í síðustu Olweusarkönnun sem gerð var árið 2007 kom framað um 9% nemenda höfðu orðið fyrir einelti. Þetta verður að skoða nánar og vinna markvisst að úrbótum.

Einn af styrkleikum skólans liggur í að enginn nemandi í 4. og 7. bekk árið 2008 eru afskiptur af félagahópnum. Við viljum þakka það stefnu skólans um árganginn sem eina heild og því að nemendur eru vanir að vinna í mismunandi hópum að viðfangsefnum sínum. Einnig kemur fram að færri nemendum líður illa í frímínútum í Breiðagerðisskóla en almennt í Reykjavík. Viljum við þakka það góðri mönnum í frímínútugæslu að enginn er afskiptur í félagahópnum og vitundarvakningu vegna Olweusarverkefnisins.

3. Líður starfsfólki vel í Breiðagerðisskóla, er það ánægt með stefnu skólans, finnst því ákvarðanir byggðar á faglegum forsendum og er starfsfólk ánægt með upplýsingastreymi til sín?

Greinilegt er að það er mikil starfsánægja í skólanum. Lítið hefur verið um breytingar í starfsliði skólans að einu ári undanskildu en vorið 2007 hættu sex kennarar. Starfsánægja er svipuð milli ára 2007 og 2008. Grunnurinn í stefnu skólans sem byggir á mikilli teymisvinnu og samábyrgð eru hlutir sem við teljum að eigi sinn þátt í vellíðan fólks. Lögð hefur verið áhersla á hlýlegan og heimilislegan brag í skólanum og á það örugglega sinn þátt í þessum niðurstöðum. Þegar kannanir sem lúta að starfsanda eru skoðaðar kemur fram að starfsandi í skólanum er mjög góður. Starfsmenn upplifa virðingu samstarfsmanna, umhyggju,

vináttu og að aðrir vilji rétta því hjálparhönd. Einn þátt þarf þó að skoða nánar en það er að starfsfólki finnst ekki að álit þess og ábendingar skipti máli. Þar er skólinn á starfhæfu bili. Þó breyting hefur orðið til batnaðar á upplifun fólks á því.

Þegar niðurstöður vinnustaðagreininga frá 2007 og 2008 eru skoðaðar kemur fram að allflest starfsfólk Breiðagerðisskóla þekkir stefnu skólans og er skólinn þar á styrkleikabili en það eru yfir 90 %. Tæplega 90% starfsfólks er ánægt með stefnuna. Hugsanlegt er að starfsfólki fyrir utan kennara hafi ekki verið kynnt stefnan og markmiðin nægilega vel og þarf því að huga að því. Kennarar hafa tekið þátt í stefnumótun skólans og þekkja því stefnuna vel. Það hefur komið fram í könnunum að starfsfólk veit til hvers er ætlast af því og bendir það til þess að stefna og markmið skólans sé skýr og starfsfólk telur að byggt sé á faglegum forsendum í ákvarðanatöku í skólanum. Skólinn kemur mjög svipað út og aðrir skólar í borginni.

Niðurstöður sýna að starfsfólk telur sig ekki fá fullnægjandi upplýsingar um skólastarfið, breytingar eða mikilvæga atburði. Þetta er atriði sem mikið hefur verið unnið í að bæta en greinilegt er að betur má ef duga skal.

4. Er skólanum vel stjórnað að mati starfsmanna og foreldra ?

Fleira starfsfólki þykir skólanum vel stjórnað 2008 en í fyrri könnunum en aðeins hefur dregið úr að fólki finnst það fá hrós fyrir vel unnin störf. Skólinn kemur illa út hvað varðar nauðsynlega þjálfun og fræðslu til nýrra starfsmanna og er nauðsynlegt að skoða þennan þátt betur. Breyting hefur orðið hvað varðar fjölda starfsmanna sem hafa farið í starfsmannaviðtal, en að sama skapi finnst færri starfsmönnum þessi viðtöl gagnleg en kom fram í könnuninni 2007. Það þyrfti að koma skýrar fram í könnunum um hvaða yfirmenn er verið að ræða í hverju tilfelli svo að umbætur verði markvissari.

Þegar niðurstöður kannana Menntasviðs Reykjavíkurborgar eru skoðaðar kemur fram að tæp 70% foreldra finnst skólanum vel stjórnað árið 2008. Þarna hefur orðið einhver viðhorfsbreyting en árið 2006 voru það tæp 60% sem fannst skólanum vel stjórnað. Þessar niðurstöður eru ekki viðunandi og þarf að gera átak í að bæta þetta.

Þegar niðurstöður kannana um viðhorf foreldra og viðhorf starfsmanna til stjórnunar skólans eru bornar saman er töluverður munur á ánægju. Skoða þarf hvort foreldrar fái ekki nógu góðar upplýsingar um innra starf skólans og hvort huga þurfi að aukinni þátttöku foreldra í skólastarfinu.

Þegar niðurstöður svara við matsspurningunum fjórum eru skoðaðar kemur fram að það eru einkum eftirfarandi þættir sem þarf að huga sérstaklega að. Það er viðhorf foreldra til skólans, líðan nemenda og sú staðreynd að of stórt hlutfall nemenda skólans finnst námið í skólanum

ekki skemmtilegt og að starfsfólk skólans finnst það ekki fá nægar upplýsingar frá skólastjórnendum um skólastarfið.

Í sjálfsmati skólans koma einnig fram eftirfarandi þættir sem þarfnast úrbóta:

Færri foreldrum finnst þeir vera velkomnir í skólann miðað við árið 2006. Færri foreldrar eru ánægðir með samskipti umsjónakennara við barnið sitt nú en árið 2006 og færri foreldrar eru ánægðir með síðasta formlega foreldraviðtal.

Greinilegt er líka að samvinna nemenda og hópverkefni eru ekki nægilega stór þáttur í skólastarfinu. Það samrýmist ekki stefnu skólans þar sem lögð er áhersla á samvinnu nemenda.

Á þessum þáttum verður einnig tekið í umbótaáætlun skólans.

7 UMBÓTAÁÆTLUN

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2008 – 2009 sem byggir á sjálfsmati skólans er í fylgiskjali.